# FRÉTTABLAÐIÐ

235. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 5. OKTÓBER 2016





Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, sést hér máta rúm í gistiskýli fyrir hælisleitendur. Skýlið verður móttökustaður fyrir karlmenn sem hingað koma án maka og barna en alls komast 75 manns þar fyrir. Gert er ráð fyrir að þeir fyrstu flytji inn á fimmtudag. „Það sér hver maður að þessi aðstaða er ekki boðleg til lengdar. Það sér það hver maður,“ segir Ragnheiður Freyja Kristínardóttir hjá NoBorders um gistiskýlið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Björt framtíð fengi kjörinn þingmann

**Björt framtíð hefur ekki mælst með meira fylgi í könnun Fréttablaðsins síðan í mars í fyrra. Þingmaður flokksins segist finna jákvæð viðbrögð við þeim málum sem flokkurinn hefur unnið í. Fylgi Sjálfstæðisflokksins minnkar milli vikna og Samfylkingin eykur við sig.**

**STJÓRNMÁL** „Mér finnst við hafa staðið föst á okkar í mörgum málum, fundið okkar tón og verið óhrædd við að halda í hann,“ segir Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, þegar bornar eru undir hana niðurstöður nýrrar könnunar Fréttablaðsins Stöðvar 2 og Vísis.

Björt framtíð mælist með 6,9 prósenta fylgi í könnuninni. Yrðu það niðurstöður kosninga næði flokkurinn kjörnum manni á Alþingi. Hver flokkur þarf 5 prósent til að ná inn manni.

Fylgi flokksins núna er það mesta sem flokkurinn hefur mælst með í könnunum Fréttablaðsins frá því í mars 2015. Björt segir þingmenn flokksins hafa fengið jákvæð viðbrögð við afstöðu flokksins til búvörusamninga og fleiri mála. „Til dæmis að standa fast á okkar í umhverfisvernd og hvað snertir gerræðisleg vinnubrögð varðandi rammaáætlun og ýmislegt fleira.“

Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærsti flokkurinn, með 25,9 prósenta fylgi, en það er níu prósentustigum minna fylgi en flokkurinn mældist með í könnun í síðustu viku. Píratar mælast næststærstir með 19,2 prósenta fylgi en fylgi þeirra mældist 19,9 prósent fyrir viku.

Vinstri grænir mælast með 12,6 prósenta fylgi en voru með 12,9 prósenta fylgi fyrir viku, Framsóknarflokkurinn er með 12,6 prósenta fylgi en var með 11,4 prósenta fylgi fyrir viku. Munurinn milli vikna er innan skekkjumarka í tilfelli Pírata, VG og Framsóknarflokksins.

Samfylkingin mælist með 8,8 prósent í nýju könnuninni en var með 5,9 prósent í könnuninni fyrir viku. Viðreisn mælist með 6,9 prósenta fylgi en var með 7,3 prósent fyrir viku.

Þá mælist Alþýðufylkingin með 2,2 prósenta fylgi og Íslenska þjóðfylkingin með 2 prósenta fylgi.

**Könnun 3. og 4. október**




Könnun Fréttablaðsins var gerð þannig að hringt var í 1.258 manns dagana 3. og 4. október þar til náðist í 801 samkvæmt lagskiptu slembiúrtaki. Svarhlutfallið var því 63,7 prósent. Alls tóku 58,6 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar, 12,7 prósent sögðust óákveðin í því hvað þau ætluðu að kjósa, tæp 9 prósent sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu en tæp 20 prósent neituðu að gefa upp afstöðu sína.

Í könnuninni sem Fréttablaðið, Stöð 2 og Vísir gerðu fyrir viku tóku 51,5 prósent þeirra sem svöruðu afstöðu. **– jhh**

## Vondir stjórnarhættir

**VIÐSKIPTI** Sala stjórnarmanns á bréfum í Icelandair Group á föstudag er harðlega gagnrýnd af Svanhildi Nönnu Vigfúsdóttur fjárfesti.

Svanhildur segir í harðorðri grein að sala Katrínar Olgu Jóhannesdóttur á bréfum í félaginu skömmu áður en uppgjörstímabili lauk sé til marks um að hún láti eigin hagsmuni ganga fyrir hagsmunum fyrirtækisins.



Svanhildur segir að salan sé til marks um að góðir stjórnarhættir séu ekki hafðir að leiðarljósi og Katrín Olga eigi að vita betur en svo að selja á síðasta degi uppgjörstímabils.


**Sjá Markaðinn**


## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ólafur Arnarson skrifar um höfðatöluregluna. 15

**SPORT** Þetta er besti völlurinn segir Aron Elís. 18

**MENNING** Ætlar að skapa nýja gullöld íslenskra bókmennta. 24

**LÍFIÐ** Hugleikur Dagsson verður grillaður í tilefni afmælis síns. 32




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● MARKAÐURINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðaustan 10-23 m/s, hvassast við suðvestur- og vesturströndina. Skúrir um landið sunnan- og vestanvert, en fer að rigna þegar líður á daginn. Skýjað með köflum og þurrt að mestu um landið norðaustanvert. SJÁ SÍÐU 22

# Árni Páll íhugar að kvarta

**ALÞINGI** Til greina kemur að kvarta til Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ÖSE, ef ríkisstjórnarflokkarnir halda áfram kosningabaráttu á meðan minnihlutinn sinnir þingstörfum. Þetta segir þingmaður Samfylkingarinnar.

„Þetta er seinni starfsáætlunin sem heldur ekki og nú er sú staða komin upp að stjórnin er í raun fallin á tíma," segir Árni Páll Árnason. „Stjórnin stendur frammi fyrir því sama og síðasta ríkisstjórn, að klára verður þau mál sem sátt er um en sleppa öðru."

Þingmaðurinn segir að það skekki samkeppnina í aðdraganda kosninga að stjórnarmeirihlutinn nýti sér yfirburðastöðu sína til að heyja kosningabaráttu á meðan minnihlutinn er staddur á þinginu.

„Stjórnarflokkar sem halda þinginu áfram þrátt fyrir að starfsáætlun sé búin, hirða ekki um að sinna lagaskyldum um að vera sjálfir í þinginu, til þess eins að hafa áhrif á möguleika stjórnarandstöðu til að fara í kosningabaráttu, þeir eru ekki að uppfylla lýðræðislegar grundvallarreglur," segir Árni Páll.

„Ef menn sjá ekki hvers konar rugl er hér í gangi þá blasir það við að við verðum að biðja ÖSE um að senda hingað kosningaeftirlit sambærilegt því sem þekkist í löndum sem við viljum helst ekki bera okkur saman við." **– jóe**

> Þetta er seinni starfsáætlunin sem heldur ekki og nú er sú staða komin upp að stjórnin er í raun fallin á tíma.



Árni Páll Árnason





**Nicorette Cooldrops munnsogstöflur** (inniheldur nikótín) er notað við tóbaksfíkn. Það dregur úr fráhvarfseinkennum og reykingaþörf og auðveldar reykingamönnum að venja sig af reykingum. Skammtar: Börn: Lyfið má einungis nota handa unglingum (12-17 ára) skv. ráðleggingum læknis. Börn yngri en 12 ára mega ekki nota lyfið. Fullorðnir: 2 mg henta reykingafólki sem er lítið háð nikótíni. 4 mg þeim sem er mjög háðir nikótíni. Hámarksdagskammtur er 15 stk. Ekki á að nota lyfið lengur en 9 mánuði. Venjulega vegur ávinningur af að hætta að reykja þyngra en áhætta sem fylgir nikótínmeðferð. Setja á 1 munnsogstöflu í munninn og láta hana leysast upp. Hvorki má tyggja hana né gleypa. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting, nýlegt heilablóðfall og/eða óstöðugt blóðrásarkerfi skal einungis nota Nicorette undir eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða eða eru með: háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við lækni. Nikótín berst yfir fylgju og getur haft áhrif á blóðrás og öndun fósturs. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC-L/K-2016-08-1


## Á leið vestur á Strandir




Kvikmyndatökulið er að koma sér fyrir hér á landi í tengslum við tökur á myndinni Justice League sem fara fram á Djúpavík. Fjöldi fólks tekur þátt í upptökunum og gistir fólkið í húsbílum meðan á verkefninu stendur. Ljósmyndari Fréttablaðsins varð var við bílana þegar þeir héldu í Hvalfjarðargöngin á leið vestur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tilboðið var auglýst of lengi

**NEYTENDAMÁL** Neytendastofa hefur lagt 500 þúsund króna sekt á verslunina Grillbúðina fyrir að auglýsa grill á afmælistilboði lengur en heimilt er. Í ákvörðuninni kemur fram að Grillbúðin hafi boðið grillin á lækkuðu verði í að minnsta kosti níu vikur. Þegar vara hefur verið auglýst á tilboði í sex vikur er ekki hægt að segja að hún sé á tilboðsverði.

Neytendastofa segir að auk þess að brjóta gegn reglum sem gilda um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, hafi Grillbúðin jafnframt brotið gegn eldri ákvörðun Neytendastofu frá árinu 2012. **– jhh**

> Þegar vara hefur verið auglýst á tilboðsverði í sex vikur er ekki hægt að segja að hún sé á tilboði.

# Tvöfalt fleiri kröfur um sviptingu forsjár

**Barnavernd krafðist þess að foreldrar yrðu sviptir forsjá barna sinna í ríflega tvöfalt meiri mæli á síðasta ári en árin þar á undan. Flest málin tengjast vanrækslu barna. Forstjóri Barnaverndarstofu segir enga einfalda skýringu á fjölguninni.**

**SAMFÉLAG** Meira en tvöfalt fleiri foreldrar hafa verið sviptir forsjá barna sinna á síðustu tveimur árum en árin þar á undan. Barnaverndarnefndir hafa stóraukið kröfu sína um sviptingu forsjár fyrir dómi en stórt stökk má sjá í tölum Barnaverndarstofu árið 2014 sem heldur áfram árið 2015. Bráðabirgðatölur fyrir 2016 benda til að þessi fjölgun haldi áfram.

Frá 2004 til 2013 kröfðust barnaverndarnefndir þess að foreldrar væru sviptir forsjá tæplega þrettán barna á ári að meðaltali. Á því tímabili var að hámarki krafist forsjársviptingar vegna sautján barna.

Árið 2014 var hins vegar krafist forsjársviptingar yfir 34 börnum og árið 2015 yfir 33 börnum. Fyrstu sex mánuði þessa árs kröfðust barnaverndarnefndir forsjársviptingar yfir 14 börnum sem þykir benda til þess að svipaður fjöldi verði í ár og síðustu tvö ár.

Ástæða sviptinganna er oftast vanræksla barna en ekki ofbeldi á heimilum.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir þróunina umhugsunarverða. „Ég fæ ekki betur séð en að þessar tölur gefi mjög sterkar vísbendingar um viðhorfsbreytingu innan barnaverndar. Ég held að þolmörkin séu að minnka og menn vilja sjá afdráttarlausa íhlutun í þessi mál."

Bragi setur jafnframt þá kenningu fram að löggilding Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2013 hafi skilað sér í bættu vinnulagi þar sem barnaverndarstarfsmenn séu nú skuldbundnir til að ræða við börn og fá fram þeirra sjónarmið í öllum málum er varða þau.

Þó sé ekki hægt að líta fram hjá því að starfsfólk barnaverndar kvarti undan vinnuálagi sem Bragi óttast að þýði minni tíma til stuðningsúrræða barnaverndar áður en gripið er til þess neyðarúrræðis sem svipting forsjár er.

„Ég verð að játa að mér finnst þessi fjölgun ganga þvert gegn markmiðum barnaverndar sem er að varðveita fjölskylduna og efla foreldrafærni. En svo er hægt að túlka þetta á hinn veginn, að þetta sé vísbending um að barnaverndarkerfið sé að vakna upp af vondum dvala. Menn séu hreinlega ekki tilbúnir að horfa lengur upp á að mál malli í kerfinu í áraraðir." **– snæ**

**Krafa Barnaverndar fyrir dómi um forsjársviptingu**
Heildarfjöldi barna 2011-2016




> Ég held að þolmörkin séu að minnka og menn vilja sjá afdráttarlausa íhlutun í þessi mál.



Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndastofu



**5 ára ábyrgð** fylgir nú öllum nýjum fólksbílum hjá Heklu

Tilfinningin sem fylgir því að keyra um á nýjum **Volkswagen**, **Audi**, **Skoda** og **Mitsubishi** er ótrúlega góð – og nú verður hún enn betri með bílinn í **5 ára ábyrgð*** allt til ársins 2021. Komdu og prófaðu nýjan bíl hjá Heklu með ábyrgð til næstu fimm ára. Hlökkum til að sjá þig!

HEKLA

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

*Ábyrgðin gildir fyrir alla nýja fólksbíla, nema atvinnubíla.

# Kjartan Ragnarsson vill byggja hótel í Brákarey í Borgarnesi

**FERÐAÞJÓNUSTA** Kjartan Ragnarsson, einn aðaleigandi Landnámssetursins í Borgarnesi, hefur farið þess á leit að Borgarbyggð breyti skipulagi í Brákarey svo hægt verði að sækja um lóð undir hótel við Borgarneshöfn. Þetta kemur fram í bréfi Kjartans til sveitarfélagsins sem tekið var fyrir á fundi byggðarráðs 15. september, en hann hyggst sjálfur sækja um lóðina fyrir hönd rekstrarfélags Landnámssetursins.

Núgildandi skipulag gerir ráð fyrir hafnarstarfsemi á svæðinu sem er á forræði Faxaflóahafna. Þar hafa lítil sem engin umsvif verið síðustu áratugi. „Þau tíu ár sem ég hef verið hérna þá hef ég alltaf talað um að þetta væri eyja í atvinnuleit,“ segir Kjartan, en Brákarey var áður meginvettvangur landbúnaðarvinnslu og iðnaðar í Borgarnesi. „Framtíð þessa byggðakjarna er ferðaþjónustan,“ segir Kjartan sem kveðst horfa til byggingar Reykjavik Marina hótelsins við gömlu höfnina í Reykjavík sem fyrirmyndar að því að auka athafnalíf í eynni.

Svæðið sem Kjartan hefur augastað á er elsti hluti hafnarinnar, svonefnd gamla bryggja. Hann segir um fallega staðsetningu að ræða, en þaðan er útsýni yfir Mýrar og út á Snæfellsnes. Hann er vongóður um framhaldið og hefur fengið jákvæðar undirtektir hjá sveitarstjórnarmönnum. „Hugmyndin hjá okkur er að sjálfsögðu að fá sterka fjárfestingu inn í dæmið. Þetta er langhlaup og eitthvað sem verður ekki hlaupið að í hvelli,“ segir Kjartan sem ítrekar að hugmyndin sé á frumstigi.

Gunnlaugur Júlíusson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, segir hugmyndina áhugaverða. Hann minnir á að sveitarfélagið hafi ýmsar skyldur í þessu sambandi bæði hvað varðar deiliskipulag og jafnræðisreglu og að hugleiða þurfi vel öll skref í þeim efnum.

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, kveðst vera ánægður með hugmyndina. „Sem kunnugt er er ekki mikið líf í höfninni í Borgarnesi. Hótel í þeim dúr sem Kjartan er að tala um myndi bara lífga upp á svæðið.“ – hlh




Framtíð þessa byggðakjarna er ferðaþjónustan.



Kjartan Ragnarsson, forstöðumaður Landnámsseturs Íslands

## Þúsundir milljarða í skattaskjólum

**INDÓNESÍA** Ríkir Indónesar hafa árum saman falið fé sitt bæði heima og erlendis. Skráðir skattgreiðendur eru 27 milljónir en 2014 greiddu færri en milljón það sem þeir skulduðu. Nú er verið að reyna að fá auðjöfrana til að koma úr felum með fé sitt með því að veita þeim skattaívilnanir.

Á vef Dagens Næringsliv segir að það sé mat indónesíska fjármálaráðuneytisins að upphæðir sem samsvara 29 þúsundum milljarða íslenskra króna séu faldar í skattaskjólum.

Þeir sem gerðu grein fyrir fjármunum sínum fyrir 1. október þurftu einungis að greiða 1 prósents skatt. Nú er skattaprósentan 3 prósent og mun fara hækkandi. – ibs



Joko Widodo, forseti Indónesíu

## Netárásum fjölgar hratt

**DANMÖRK** Dönsk fyrirtæki verða fyrir sífellt fleiri árásum tölvuþrjóta. Frá 2014 til 2015 fjölgaði tilkynningum um slíkar árásir um 70 prósent.

Danska ríkisútvarpið hefur það eftir yfirmanni hjá lögreglunni að afbrotamennirnir hafi komist að því að netárásir séu jafn arðbærar og sala fíkniefna.

Í nýrri skýrslu Evrópulögreglunnar, Europol, kemur fram að í nokkrum Evrópusambandslöndum séu tilkynningar um netglæpi fleiri en tilkynningar um aðra glæpi. – ibs

# Skráning fornminja í frosti

**Stofnanir í minjavörslu hafa aldrei fengið nægt fjármagn frá ríkinu til að uppfylla lögbundið hlutverk sitt. Fornleifaskráningu er verulega ábótavant. Skráningin gæti nýst fjölmörgum, ekki síst sveitarfélögum.**

**FORNLEIFAR** Þrátt fyrir mikilvægi þess að ljúka skráningu fornleifa hér á landi hefur aldrei fengist fjármagn frá hinu opinbera til að sinna þessu verkefni sérstaklega. Talið er rökrétt að það tæki fimm ár að ljúka þeirri skráningu að langstærstu leyti með 300 milljóna króna framlagi á ári.

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands (MÍ), bendir á að grundvallarforsenda fyrir markvissri minjavernd sé góð yfirsýn yfir fornleifar, en slík þekking fáist ekki nema það takist að skrá allar fornleifar í landinu. Fornleifaskráning hafi verið lögbundinn hluti skipulagsvinnu frá gildistöku þjóðminjalaga þar sem segir að þeir sem bæru ábyrgð á skipulagsgerð, þ.e. sveitarfélög og framkvæmdaaðilar, skyldu standa straum af kostnaði við skráninguna. Skráningin hefur þó gengið afar hægt og það komi helst til vegna tregðu sveitarfélaga við að ljúka skráningu á sínum svæðum vegna kostnaðar.

„Mér finnst óstjórnlega lítið hafa gerst í þessum skráningarmálum frá því að ég tók við Fornleifaskráningu ríkisins árið 2001 [forveri MÍ]. Ég hef margsent ráðherrum sem þessi mál heyra undir erindi en án árangurs,“ segir Kristín Huld sem sendi Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, þáverandi forsætisráðherra, erindi í tvígang í fyrra og eftirmanni hans, Sigurði Inga Jóhannssyni, erindi á dögunum.

Kristín Huld segir að árið 2001 hafi mat forvera Minjastofnunar Íslands verið að í landinu væru um 200.000 fornleifar og aðrar menningarminjar, og að búið væri að skrá um 20 prósent þeirra þá. Núna, 15 árum síðar, er talið að búið sé að skrá um 25 prósent minjanna. Á 15 árum hafa því einungis bæst við upplýsingar um fimm prósent áætlaðra minjastaða á Íslandi, sem er með öllu óásættanlegt að mati Kristínar Huldar.

„Ég tek skýrt fram að margt jákvætt hefur gerst síðastliðin ár, til dæmis hefur fengist fjármagn til minjavörslu og það ber að þakka. Við höfum fengið fjármagn til að ráða í ýmsar stöður og það hefur verið liðkað verulega til. En ef fjármagn fengist frá ríkinu, og kannski að hluta frá sveitarfélögunum, þá tæki það aðeins fimm ár að klára að skrá allt Ísland – og þá miðað við 300 milljóna króna framlag á ári,“ segir Kristín Huld og bætir við að um sé að ræða brýnasta mál í fornleifamálum Íslendinga, og þess utan í safnamálum. Þá sé ónefnt hvernig þessar upplýsingar gætu nýst í ferðaþjónustu og í skipulagsmálum sveitarfélaga, svo dæmi séu tekin.

Hjá Minjastofnun Íslands starfa 19 starfsmenn, en það er mat forstöðumannsins að 30 starfsmenn séu nauðsynlegir til að uppfylla allar kröfur sem til stofnunarinnar eru gerðar. Þegar Kristín Huld er spurð hvort Minjastofnun hafi fengið það fjármagn á undanförnum árum sem dugir til að uppfylla lögbundnar skyldur hennar, þá segir hún að það hafi aldrei verið tilfellið frekar en hjá fyrri stjórnsýslustofnunum um minjavörslu. svavar@frettabladid.is



Áætlað er að á Íslandi sé að finna um 200.000 minjar (fornleifar og friðuð hús/mannvirki), en eingöngu um 50.000 hafa verið skráðar á vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mér finnst óstjórnlega lítið hafa gerst í þessum skráningarmálum frá því að ég tók við Fornleifaskráningu ríkisins árið 2001.



Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands (MÍ)





Rimmel dagar í Lyfjaveri

5.-7. október milli klukkan 12-18.

20% afsláttur á meðan kynnningu stendur, einnig fylgir kaupauki ef keyptar eru 2 vörur eða meira. Boðið verður upp á létta förðun og ráðgjöf, fimmtudag og föstudag, bókanir á facebooksíðu Rimmel í gegnum skilaboð.

SUÐURLANDSBRAUT 22 + SÍMI 533 6100 + LYFJAVER.IS

LYFJAVER APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN




VITARA

Suzuki Vitara er einstaklega sparneytinn, fjórhjóladrifinn sportjeppi með frábæra akstурseiginleika.
Suzuki Vitara er með rúmbetri jeppum í sínum stærðarflokki og er hlaðinn tæknibúnaði.
Sjón er sögu ríkari, komdu og reynsluaktu, þú verður ekki fyrir vonbrigðum.

ALLGRIP

4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

KOMDU OG PRÓFAÐU HANN!

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# 20 prósent auglýsinga fara til Facebook og Google

**FJÖLMIÐLAR** Skipuð verður þverpólitísk nefnd sem á að gera úttekt á stöðu einkarekinna fjölmiðla á Íslandi í ljósi aðstæðna á auglýsingamarkaði, tæknibreytinga á undanförnum árum og aukinnar sóknar erlendra aðila inn á íslenskan fjölmiðlamarkað.

Nefndin á að skila tillögum um breytingar á lögum og/eða aðrar nauðsynlegar aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi til fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra fyrir 15. febrúar.

Í greinargerð kemur fram að vísbendingar séu um að auglýsingamarkaðurinn hér á landi hafi ekki vaxið sem skyldi þrátt fyrir batnandi efnahag þjóðarinnar, m.a. þar sem sífellt stærri hluti auglýsingafjár sé notaður til að kaupa auglýsingapláss hjá erlendum stórfyrirtækjum á borð við Facebook og Google. Óformlegar athuganir í Danmörku benda til þess að allt að 20 prósentum auglýsingafjár danskra auglýsenda sé ráðstafað til erlendra aðila. **– bbh**







## Páfinn fór á skjálftasvæði



Frans páfi heilsaði upp á slökkviliðsmenn í bænum Amatrice á Ítalíu í gær og hitti einnig fólk sem lifði af jarðskjálftann sem varð þar 24. ágúst síðastliðinn. Alls létu 293 lífið í skjálftanum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Mikilvægt að klára málið á þessu þingi

**Þingmaður VG telur það einsýnt að gera þurfi breytingar á lífeyrissjóðafrumvarpinu og koma til móts við óánægjuraddir. Meirihluti fjárlaganefndar telur mikilvægt að frumvarpið klárist fyrir þinglok svo hægt sé að veita fé í verkið.**

**VINNUMARKAÐUR** Mikilvægt er að mati meirihluta fjárlaganefndar að afgreiða lagafrumvarp Bjarna Benediktssonar um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þótt óánægju gæti meðal stórra stéttarfélaga. Forsvarsmenn stéttarfélaga komu fyrir fjárlaganefnd í gær þar sem þeir útskýrðu afstöðu sína til frumvarpsins. Þeir telja frumvarpið ekki endurspegla samkomulagið sem undirritað var milli ríkis og stéttarfélaga. Um gríðarlega fjármuni er að ræða.

Guðlaugur Þór Þórðarson segir samkomulag milli aðila hafa verið nokkuð skýrt. „Því kom þetta nokkuð á óvart, þetta viðhorf stéttarfélaganna. En nú þarf að setjast yfir þetta,“ segir Guðlaugur.

„Þessi gagnrýni er nokkuð seint fram komin en kemur líklega til vegna þess hve seint frumvarpið kemur fram,“ segir Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar. „Þetta er tímamótasamkomulag og það þarf að stoppa upp í þetta gat. Ríkið er að koma með inn í þetta um eitt hundrað milljarða króna sem er engin smáupphæð sem hægt er að færa inn í kerfið. Ef einhver annar verður við völd eftir kosningar veldur



Guðlaugur Þór Þórðarson



Vigdís Hauksdóttir



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir

þetta fjármagn freistnivanda til að nota í eitthvað allt annað.“

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir segir mjög ólíklegt að málið fari í gegnum fjárlaganefnd án þess að breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Hún segir skýringar stóru stéttarfélaganna ítarlegar og sýna að það þurfi að gera breytingar á frumvarpinu. Einnig bendir hún á að fjármagnið glatist ekki við að fresta þessu fram yfir áramót.

„Ég er ekki að sjá fjármálaráðherra fara með þetta áfram óbreytt því þá kemst þetta ekki í gegnum þingið. Við munum spyrna við fótum í stjórnarandstöðu verði ekki gerðar breytingar,“ segir Bjarkey. „Bjarni hefur sagt að hann vilji gera þetta í sátt og því mun hann að öllum líkindum fara eftir þessum tilmælum,“ bætir hún við.

Guðlaugur Þór segir það skipta miklu máli að klára málið á þessu þingi. Nú sé ákveðinn gluggi opinn til að fara í þetta stóra verkefni og að hann lokist um áramót. Því hljóti það að vera keppikefli að ráðast í þetta á þessu þingi og leyfa málinu að fara í gegnum þingið. „Með langtímaáætlun í ríkisfjármálum má ekki vera með halla á ríkissjóði fyrir ákveðið árabil. Nú erum við með nokkur hundruð milljarða afgangs og því mögulegt að veita miklu fé inn í lífeyriskerfið. Ef við gerum þetta ekki núna gerum við þetta aldrei. Ég efast um að það sé vilji fyrir því að skorið verði niður á næstu árum til að gera þetta.“

sveinn@frettabladid.is

# MARGFALDUR SIGURVEGARI!

40 BEIN LEIÐ | 40 ÁR

1975 | Bílabúð Benna | 2015

ASTRA frá aðeins
**2.990.000 KR.**




## Til hamingju Opel Astra!

CAR OF THE YEAR 2016

Nýr Opel Astra vann hug og hjörtu bílasérfræðinga í allri Evrópu og þeir völdu hann Bíl ársins 2016 í Evrópu. Áður hafði hann hampað mörgum virðulegum titlum, m.a. Gullna stýrið 2016 og Bíll ársins í Danmörku 2016.

Og enn bætir hann við sig verðlaunum. Nú hefur dómnefnd Bandalags íslenskra bílablaðamanna tilkynnt um val sitt á bíl ársins á Íslandi 2017. Þar ber Opel Astra sigur úr býtum í flokki bíla í sínum stærðarflokki.

**Ný Opel Astra.**
**Meira en þú átt að venjast.**

OPEL

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16
Verið velkomin í reynsluakstur

OPEL Á ÍSLANDI
Kynntu þér Opel fjölskylduna á benni.is | opel.is

# Fær Nóbel fyrir rannsóknir á sjálfsáti frumna

**VÍSINDI** Japaninn Yoshinori Ohsumi hlýtur Nóbelsverðlaunin í lífeðlisfræði í ár fyrir rannsóknir sínar á sjálfsáti frumna.

Sænska Nóbelsnefndin skýrði frá þessu í gær. Sjálfur sagðist Ohsumi vera undrandi þegar hann fékk fréttirnar.

Svonefnt sjálfsát er grundvallarþáttur í starfsemi frumna, sem gerir þeim kleift að losa sig við og endurnýta hluta af sjálfum sér.

Fari eitthvað úrskeiðis í þessu ferli getur það orsakað sykursýki, Parkinsonsveiki og fleiri sjúkdóma, jafnvel krabbamein.

Rannsóknir sem Ohsumi gerði fyrir um aldarfjórðungi juku mjög skilning manna á þessu. Hann fann meðal annars út hvaða gen stjórna sjálfsátinu og síðar kom í ljós að stökkbreytingar í þessum genum geta valdið sjúkdómum af ýmsu tagi.

Ohsumi er 25. Japaninn sem hlýtur Nóbelsverðlaun. Þau verða að venju afhent í Stokkhólmi í desember. **– gb**

# Vaxtabætur fyrirfram til íbúðakaupa

**HÚSNÆÐISMÁL** Samfylkingin hyggst greiða vaxtabætur fyrirfram til næstu fimm ára í þeim tilgangi að styrkja fólk til íbúðakaupa. Tillagan gerir ráð fyrir að sambúðarfólk geti fengið 3 milljónir, einstætt foreldri 2,5 milljónir og einstaklingar 2 milljónir. Einungis þeir sem eiga ekki íbúð eiga rétt á vaxtabótum, en vaxtabótakerfið tekur bæði mið af tekjum og eignum. Þetta var kynnt á blaðamannafundi sem Samfylkingin hélt í Norræna húsinu í gær, en úrræðið er nefnt „Forskotið“ af flokknum.

Fram kom á fundinum að um 15 þúsund einstaklingar á aldrinum 20-39 ára eiga ekki fasteign og er úrræðinu því ætlað að styrkja þennan hóp til að kaupa íbúð. Að sögn Oddnýjar Harðardóttur, formanns Samfylkingarinnar, verður ekki um mikinn kostnaðarauka að ræða fyrir ríkissjóð, en 6,2 milljörðum króna var varið í vaxtabætur á þessu ári samkvæmt fjárlögum. Vaxtabætur geta nú orðið að hámarki 600 þúsund krónur fyrir sambúðarfólk, 500 þúsund fyrir einstætt foreldri og 400 þúsund fyrir einstaklinga.




**Oddný Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, kynnir tillögurnar í Norræna húsinu í gær.** MYND/SAMFYLKINGIN.

„Ef við miðum við núverandi launa- og eignamörk og segjum að við séum með 250 pör og 250 einstaklinga sem búa í heimahúsum, þá myndi þessi leið kosta 1,2 milljarða auka miðað við það sem nú er,“ segir Oddný.

Samhliða þessu hyggst Samfylkingin efla leigumarkaðinn. „Við viljum greiða stofnstyrki með 1.000 leiguíbúðum á ári næstu fjögur árin og með 1.000 námsmannaíbúðum á öllu landinu,“ segir Oddný.

„Það er bráðavandi á húsnæðismarkaði núna og þess vegna setjum við fram þessa leið að veita ungu fólki forskot. Á sama tíma munum við byggja upp heilbrigðan leigumarkað þannig að hann verði valkostur.“ **– hlh**

# Arion sveik loforð við Fjallabyggð

**SAMFÉLAG** Bæjarráð Fjallabyggðar hefur óskað eftir því að fulltrúar Arion banka mæti á næsta fund bæjarráðs og fari yfir núverandi stöðu mála. Bæjarráðið er ósátt við uppsagnir á 6,4 stöðugildum í útibúum bankans í Fjallabyggð. „Þessar uppsagnir eru þvert á þær yfirlýsingar sem forsvarsmenn gáfu bæjarráðsfulltrúum og bæjarstjóra við yfirtöku Arion banka á Afli-Sparisjóði á Siglufirði,“ segir í fundargerð bæjarins.

Þann 28. september tilkynnti Arion banki að 46 starfsmönnum hefði verið sagt upp. Þar af störfuðu 27 í höfuðstöðvum bankans og 19 á öðrum starfsstöðvum. „Niðurskurður stöðugilda í Fjallabyggð er þriðjungur í stöðugildafjölda bankans í uppsögnum á landsbyggðinni og er mikil blóðtaka fyrir samfélag eins og Fjallabyggð,“ segir ennfremur í fundargerðinni. **– bbh**

**» Þann 28. september tilkynnti Arion banki að 46 starfsmönnum yrði sagt upp.**


HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




**Háskólinn í Reykjavík og Pan-Arctic Options bjóða til ráðstefnu um málefni Norður-Íshafsins og tækifæri og hættur sem loftslagsbreytingar leiða af sér á svæðinu.**

**DAGSKRÁ**

**Dr. Ari Kristinn Jónsson**, rektor HR, býður gesti velkomna

**Erindi:**

– **Lilja Alfreðsdóttir**, utanríkisráðherra Íslands
– **Ólafur Ragnar Grímsson**, fyrrv. forseti Íslands
– **Paul Arthur Berkman**, prófessor við Tufts-háskóla og forstöðumaður Arctic Futures Inititative við International Institute of Applied Systems Analysis, Austurríki

**Pallborðsumræður:**

– **Robert Cushman Barber**, sendiherra Bandaríkjanna
– **Herbert Beck**, sendiherra Þýskalands
– **Hannu Halinen**, fyrrv. sendiherra Finnlands fyrir Norður-heimskautið
– **Bosse Hedberg**, sendiherra Svíþjóðar
– **Cecilie Landsverk**, sendiherra Noregs
– **Philippe O´Quin**, sendiherra Frakklands
– **Michael Nevin**, sendiherra Bretlands
– **Inuuteq Holm Olsen**, fulltrúi Grænlands við sendiráð Danmerkur í Bandaríkjunum
– **Bob Paquin**, forstöðumaður Canadian International Arctic Centre
– **Anton Vsevolodovich Vasiliev**, sendiherra Rússlands
– **Weidong Zhang**, sendiherra Kína

**Fundarstjóri:**

**Þórdís Ingadóttir**, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Ráðstefnan fer fram á ensku. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.
Sýnt verður beint frá fundinum á vefslóðinni:
**http://livestream.com/ru/arctichighseas**
Frekari upplýsingar um viðburðinn og dagskrána má finna á hr.is.
#ArcticHighSeasRU

REYKJAVÍK • ICELAND ARCTIC CIRCLE 2016 OCTOBER 7-9


# Breyta reglum fyrir litla framleiðendur

**Litlir matvælaframleiðendur fá nokkrar undanþágur frá reglum um hollustuhætti. Litlir framleiðendur mega framleiða 300 kíló á viku en Beint frá býli vildi að talan yrði 1.200 til 1.500 kíló á viku.**

**LANDBÚNAÐUR** Unnið er að breytingu á reglugerð um sölu afurða beint frá býli þannig að þeir bændur sem framleiða lítið og eru með takmarkaða dreifingu fái svigrúm frá regluverkinu. Matvælastofnun vakti athygli á því fyrir helgi að sala afurða beint frá býli sé starfsleyfisskyld enda kveða matvælalög skýrt á um að hver sá sem dreifir matvælum skuli hafa leyfi yfirvalda til þess, annaðhvort frá Matvælastofnun eða heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags.

Mikil aukning hefur orðið á sölu matvæla beint frá býli að undanförnu og segir Þorgrímur Einar Guðbjartsson, formaður samtakanna Beint frá býli, að regluverkið sé ekki íþyngjandi og flestir sem sæki um starfsleyfi fái það. „Það þarf að vera eitthvað mikið að til að viðkomandi fái ekki leyfið. Nýju reglurnar áttu að taka gildi þann 1. júlí en ég veit að það hefur ekki enn orðið af því.“

Dóra S. Gunnarsdóttir, forstöðumaður um neytendavernd hjá MAST, segir að umræðan í þjóðfélaginu hafi verið hávær um að bændur ættu að geta selt kjöt beint til neytenda.

„Við vildum vekja athygli á starfsleyfinu með þessari tilkynningu. Reglugerðin er í umsagnarferli og þar erum við að skilgreina litlar matvælavinnslur og veitum undanþágur frá meginkröfum í hollustuháttalöggjöfinni. Það er verið að skilgreina lítil fyrirtæki sem er þá aukabúgrein. Það er verið að gera þeim auðveldara fyrir. MAST benti á að 300 kíló á viku væri hæfilegt en Beint frá býli skrifaði okkur athugasemd og vildi fjórfalda það magn. Þegar er verið að framleiða 1.200 til 1.500 kíló á viku er það orðið meira en lítil vinnsla.“

**benediktboas@frettabladid.is**

**Það er verið að skilgreina lítil fyrirtæki sem er þá aukabúgrein. Það er verið að gera þeim auðveldara fyrir.**



Dóra S. Gunnarsdóttir, forstöðumaður um neytendavernd hjá MAST

## Breytingarnar

- Mega vinna matvæli tvo til þrjá tíma á dag.
- Klósett þurfa ekki að vera beintengd vinnsluhúsnæði.
- Það má fara með mat í reykingu úr vinnslu í reykkofa.
- Það má nota efni sem eru ekki viðurkennd í matvinnslu í reykkofa.
- Það þarf ekki sér búningsherbergi.
- Það má nota sama rými fyrir hrátt og soðið með aðskilnað í tíma.



**Tilgangur matvælalaga er að tryggja neytendum örugg matvæli eins og kostur er.**

# Nýtt í BAUHAUS fáðu lánaða kerru hjá okkur




Nú er flutningur stórra og þungra hluta ekkert vandamál! Hjá okkur geturðu fengið fengið lánaða kerru án endurgjalds! Hægt er að velja um tvær mismunandi tegundir af kerrum, allt eftir þínum þörfum.

Hægt er að panta kerru á www.bauhaus.is eða á skjá í vöruhúsinu. Frekari upplýsingar og skilmála finnur þú á www.bauhaus.is

**Lager-hreinsun á völdum flísum**




**PARADOR**
**Aktion Rustik viðarparket**
Eik, þriggja stafa, þykkt 13 mm, plankastærð 185 x 2200 m. Verð á m².

**2.995.-**

LOGOCLIC 20 ára ábyrgð

Bara í BAUHAUS




**Vinto harðparket, Venetia**
Þykkt 8 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Fæst úr fleiri trjátegundum. Verð á m².

**2.995.-**




**79.995.-** ~~89.995.-~~

**Asgård 2 viðarofn**
Svartur ofn með loftöndun á gleri. Hitar rými frá 30–120 m², Þvermál reykrörs er 150 mm að ofan.
H: 83,2 x B: 53 x D: 35,5 cm.




**249.995.-** ~~299.995.-~~

**Aduro 9 viðarofn**
Svartur ofn með loftöndun á gleri. Hitar rými frá 30–140 m². Þvermál reykrörs er 150 mm að ofan / að aftan. H: 95,8 x B: 50 x D: 44,7 cm. Aduro-Tronic sjálfstýring fylgir.

# BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Deilur á Húsafelli um nýtt legsteinasafn

**Byggingarleyfi húss undir legsteinasafn Páls á Húsafelli var ekki fellt úr gildi af úrskurðarnefnd eins og eigandi gamla Húsafellsbæjarins krafðist. Hann sér fyrir sér átroðning og tekjumissi og kærir niðurstöðuna. Virðing fyrir sögunni er mikilvægari en peningar, segir Páll.**



Páll Guðmundsson á Húsafelli í grunni nýja legsteinasafnsins. Gistiheimilið í gamla bænum í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SKIPULAGSMÁL** „Það er verið að gera legsteinahús um alla gömlu, merkilegu legsteinana sem forfeður mínir á Húsafelli gerðu,“ segir Páll Guðmundsson, listamaður á Húsafelli.

Ekki á eingöngu að byggja yfir legsteinasafnið heldur líka að taka í gagnið pakkhús sem flutt hefur verið í Húsafell neðan úr Borgarnesi. Það fær nafnið Steinharpan og í því verða steinhörpur Páls. „Þar verða meðal annars Sigurrósarharpan sem var í Hrafnagaldrinum og líka Írland-Ísland harpan,“ útskýrir hann.

Deiliskipulag lóðarinnar undir byggingarnar og byggingarleyfi vegna legsteinahússins var kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála af Sæmundi Ásgeirssyni, sem keypti gamla Húsafellsbæinn á árinu 2009 og rekur þar gistiheimili. Um 40 metrar verða milli húsanna.

Úrskurðarnefndin segir kæru Sæmundar vegna deiliskipulagsins of seint fram komna og hafnar því jafnframt að ógilda byggingarleyfi vegna legsteinasafnsins.

Fram kemur í úrskurði nefndarinnar að Sæmundur telji að aðkoma að gistiheimilinu og bílastæðum verði tekin í burtu og að stæðin verði augljóslega notuð af gestum safnsins. Hann vilji stækka gistiheimilið en það verði ómögulegt ef safnið rís og hann verði af miklum tekjum. „Jafnframt verði erfitt að reka gistiheimili í nálægð við mikinn átroðning safngesta á hlaði gistiheimilisins.“

Haukur Ásgeirsson, bróðir og talsmaður Sæmundar, segir að niðurstaða úrskurðarnefndarinnar hafi verið kærð. Að sögn Hauks gerði Sæmundur athugasemd við að vegna deiliskipulagsins hafi uppbyggingin verið kynnt á lögheimili Páls en ekki á þeim skika sem hann eignaðist á árinu 2013. Þeim sem stóðu að gerð deiliskipulagsins hafi verið ljóst að Sæmundur myndi aldrei samþykkja þessa breytingu á notkun sameiginlega svæðisins. Í afsali vegna kaupa Páls á spildunni er kvöð um bílastæði fyrir gamla bæinn og að hann skuldbindi sig til að taka tillit til þess við framtíðarskipulag lóðarinnar.

Borgarbyggð, sem gaf út byggingarleyfið og samþykkti skipulagið, segir að þrátt fyrir að rangt landnúmer hafi verið gefið upp í kynntum uppdrætti hafi verið gerð grein fyrir heiti jarðanna á svæðinu, lóðamörkum og heiti húsa á lóðunum.

Páll segir safnið munu hýsa marga legsteina, meðal annars úr kirkjunni á Húsafelli. „Einn steinninn í kirkjunni til dæmis er ótrúlega mikill dýrgripur. Hann er á þremur tungumálum,“ segir hann. Þar er um að ræða legstein Gríms Jónssonar sem var prestur á Húsafelli og lést árið 1650.

„Það er draumurinn að geta sýnt þennan stein svo menn geti séð Bæjargilið út um gluggann,“ segir Páll. Legsteinn Gríms er einmitt úr rauðagrjóti úr Bæjargilinu eins og á við um efnivið Páls sjálfs í höggmyndagerðinni. „Það þarf að sýna virðingu fyrir sögunni og því sem forfeðurnir gerðu svo fallega. Sagan skiptir miklu meira máli en peningar og allt það, í raun og veru.“

gar@frettabladid.is

> **Það þarf að sýna virðingu fyrir sögunni og því sem forfeðurnir gerðu svo fallega. Sagan skiptir miklu meira máli en peningar og allt það, í raun og veru.**
>
> Páll Guðmundsson





Páll vinnur að því að gera upp pakkhús sem fyrr á árum var í eigu Kaupfélags Borgnesinga. Steinhörpur Páls verða í húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Bæjargilið ofan við Húsafellsbæinn er gjöfult á grjót fyrir listamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Legsteinn séra Gríms Jónssonar sem lést 1650 er mikill dýrgripur og er ætlaður sess sem höfuðdjásn í nýju legsteinasafni, segir Páll á Húsafelli.


## Frá yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis

Framboðsfrestur til alþingiskosninga 29. október 2016 rennur út kl. 12.00 á hádegi föstudaginn 14. október 2016.

**Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis tekur á móti framboðslistum fimmtudaginn 13. október 2016, kl. 13:00-15:00 í dómssal Héraðsdóms Suðurlands, Austurvegi 4, 2. hæð, Selfossi.**

Á framboðslistum skulu vera nöfn 20 frambjóðenda, hvorki fleiri né færri. Tilgreina skal skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili. Listanum skal fylgja skriflег yfirlýsing allra frambjóðenda um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann.

Þá fylgir skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er borinn fram frá kjósendum í Suðurkjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera að lágmarki 300 en 400 að hámarki. Við nöfn meðmælenda skal greina kennitölu og heimili. Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista, á tölusettum blaðsíðum í framhaldandi röð.

Til að flýta yfirferð og vinnslu er mælst til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsvæði á www.island.is áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

Loks skal fylgja framboðslista skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans í kjördæminu.

*Yfirstjórn Suðurkjördæmis*
*4. október 2016*

*Karl Gauti Hjaltason, oddviti*
*Ólafía Ingólfsdóttir, Unnar Þór Böðvarsson,*
*Óskar Þórmundsson, Björn Þór Jóhannesson.*

# Auðugustu ríkin veita minnsta hjálp

**Mannréttindasamtökin Amnesty International saka Vesturlönd um að láta fátækari lönd heims sitja uppi með flóttamannavandann. Evrópusambandið er harðlega gagnrýnt fyrir að reyna að koma sér hjá því að takast á við vandamál flóttamannanna.**

**FLÓTTAFÓLK** Meira en helmingur allra flóttamanna heimsins dvelst í tíu löndum. Ekkert þessara tíu landa er í hópi auðugustu ríkja heims.

Mannréttindasamtökin Amnesty International saka Vesturlönd um að koma sér undan ábyrgðinni.

„Það er kominn tími til þess að leiðtogar heims hefji fyrir alvöru uppbyggilegt samtal um það hvernig samfélög okkar ætla sér að hjálpa fólki sem neyðist til þess að yfirgefa heimili sín vegna stríðs og ofsókna,“ segja samtökin í nýrri skýrslu um flóttamannavandann.

Alls er það 21 milljón manna sem telst til flóttafólks um þessar mundir.

Langflestir þeirra eru í Jórdaníu, alls 2,7 milljóir manna, en af þeim eru 2,1 milljón Palestínumenn sem hafa búið í Jórdaníu áratugum saman.

Þar eru hins vegar einnig 664 þúsund manns sem falla undir umboð Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Næstflestir eru í Tyrklandi, eða 2,6 milljónir, og eru flestir þeirra frá Sýrlandi. Tyrkir hýsa nú fleiri flóttamenn frá Sýrlandi en nokkurt annað ríki.

Auðugustu lönd heims hafa hins vegar tekið við afar fáum flóttamönnum, segir í skýrslunni. Til dæmis hafa Bretar ekki tekið við nema 11.000 sýrlenskum flóttamönnum frá árinu 2011, sem er harla fátæklegt miðað við þá 656 þúsund sýrlensku flóttamenn sem fengið hafa að doka við í Jórdaníu.

Amnesty International segir þetta sláandi þegar litið er til þess að Bretar eru tíu sinnum fleiri en Jórdanar og þjóðarframleiðsla Jórdaníu er aðeins 1,2 prósent af þjóðarframleiðslu Bretlands.

Þá er Evrópusambandið harðlega gagnrýnt fyrir að reyna að koma sér hjá því að takast á við vandann.

„Andspænis þessum versta flóttamannavanda sem heimurinn hefur staðið frammi fyrir áratugum saman þá hefur Evrópusambandið, auðugasta stjórnmálasamband heims, reynt að koma í veg fyrir að hælisleitendur og flóttafólk komist inn fyrir landamæri þess,“ segir í skýrslunni. „Evrópusambandið hefur reist girðingar á landamærum, sent á vettvang sífellt stærri hópa landamæravarða og gert samninga við nágrannaríki um að halda fólki fyrir utan.“

Árið 2014 sóttu um 563 þúsund manns um alþjóðlega vernd í Evrópusambandsríkjunum en árið 2015 urðu umsækjendurnir rúmlega helmingi fleiri, eða 1,26 milljónir manna.

„Íbúar Evrópusambandsins eru rétt rúmlega 510 milljónir,“ segir í skýrslunni. „Íbúar Líbanons voru um það bil 4,5 milljónir árið 2013 en samt hýsir Líbanon nú 1,5 milljónir flóttamanna, sem flestir eru frá Sýrlandi.“ **gudsteinn@frettabladid.is**

## Þau tíu lönd sem hýsa flesta flóttamenn






## Orban ætlar að skella í lás



**Viktor Orban**, forsætisráðherra Ungverjalands, ætlar að gera breytingar á stjórnarskrá landsins þannig að samþykki þingsins þurfi til að heimila fjölmennum hópum flóttafólks að setjast þar að.

Þetta sagði hann á blaðamannafundi í gær, eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna um helgina þar sem yfirgnæfandi meirihluti kjósenda samþykkti að hafna flóttamannakvótum Evrópusambandsins.

Kosningaþátttakan var að vísu innan við helmingur kosningabærra manna, eða 3,3 milljónir, sem þýðir að atkvæðagreiðslan var ekki marktæk. Orban segist engu að síður ætla að standa við þau áform stjórnarinnar, sem borin voru undir atkvæði.

„Það eru 3,3 milljónir manna í Ungverjalandi sem tóku ákvörðun um að þeir muni ekki leyfa neinum öðrum að taka ákvarðanir um málefni innflytjenda og flóttafólks,“ sagði Orban í gær.

Ungverjar hafa jafnframt í hyggju að styrkja landamæragirðinguna að Serbíu, sem reist var á síðasta ári til að hindra flóttafólk í að komast yfir landamærin.

Í Serbíu sitja þúsundir flóttamanna nú fastar og komast ekki áfram yfir til Ungverjalands. Engu að síður héldu nokkur hundruð þeirra af stað í gær gangandi frá Belgrad í áttina til Ungverjalands.

„Við þurfum hvorki mat né vatn,“ sögðu flóttamennirnir og beindu orðum sínum til ungversku stjórnarinnar. „Við viljum að þið opnið landamærin.“

# Geir fékk tvo mánuði greidda vegna starfa í tengslum við EM

**ÍÞRÓTTIR** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, fékk tveggja mánaða laun greidd í bónus fyrir árangur karlalandsliðsins á Evrópumótinu í Frakklandi.

Annað starfsfólk KSÍ, sem vann í Frakklandi, fékk einn mánuð greiddan í bónus. Þetta hefur Fréttablaðið fengið staðfest innan raða KSÍ.

KSÍ greiðir ekki yfirvinnu en sökum vinnuálags í tengslum við EM í Frakklandi var samþykkt að greiða starfsfólki sambandsins aukamánuð.

Á stjórnarfundi KSÍ í ágúst var borin fram tillaga fjárhagsnefndar sambandsins þess efnis að Geir fengi greiðslu líkt og aðrir starfsmenn en tillagan hljómaði upp á tvo mánuði sem nefndin samþykkti.

**Greiðslur starfsmanna, leikmanna og mín eru trúnaðarmál. Ég get ekki staðfest eitt né neitt og sérstaklega ekki mín laun.**



Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ

„Greiðslur starfsmanna, leikmanna og mín eru trúnaðarmál. Ég get ekki staðfest eitt né neitt og sérstaklega ekki mín laun,“ segir Geir og bætir við að á ársþingi KSÍ í febrúar muni koma meiri upplýsingar um skiptingu bónusgreiðslna fyrir EM.



Fyrir að komast í átta liða úrslit fékk KSÍ rúma tvo milljarða í verðlaunafé frá UEFA. Leikmenn fengu sinn skerf, starfsfólk aukamánuð, Geir fékk tvo mánuði greidda og aðildarfélög innan KSÍ fengu um 400 milljónir.

Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH, hefur gagnrýnt greiðslur til formannsins. Fréttablaðinu hefur reynst erfitt að fá nefndarmenn fjárhagsnefndarinnar og aðra formenn knattspyrnudeilda til að tjá sig um málið. KSÍ fær 33 milljónir frá ÍSÍ í styrki og sex milljónir frá getraunum á þessu ári samkvæmt fjárhagsáætlun sambandsins.

**benediktboas@frettabladid.is**




Sjónvarp Símans Premium
Sjónvarp Símans Appið
Sjónvarpsþjónusta Símans
9 erlendar sjónvarpsstöðvar
Endalaus heimasími
Netið 250 GB
Spotify Premium

**Heimilispakkinn**

**13.000** kr./mán.

Línugjald ekki innifalið. Verð frá 2.600 kr./mán.

Pantaðu Heimilispakkann í síma 800 7000
eða opnaðu Netspjall á siminn.is

# Mikilvægi lífeyrismála



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Nýjar tölur Fjármálaeftirlitsins um stöðu lífeyrissjóða sýna að kerfið hefur rétt verulega úr kútnum undanfarin ár. Fram kemur í Markaðnum í dag að almennir lífeyrissjóðir eiga 3,2% yfir skuldbindingum sínum í lok árs 2015.

Við fall fjármálakerfisins misstu lífeyrissjóðir mikla eignir og margir þeirra þurftu í kjölfarið að skerða réttindi félagsmanna sinna. Nú hillir undir að einhverjir sjóðanna geti á næstu árum hækkað réttindi. Þetta er að sjálfsögðu háð því að ávöxtun á mörkuðum næstu árin verði sæmileg.

Það var mikið gæfuspor á almennum vinnumarkaði að hefja sjóðasöfnun lífeyrissjóða. Íslendingar standa mun betur í þessum efnum en flestar nágrannaþjóðir okkar. Einn hluti kerfisins varð þó eftir. Það eru þeir sjóðir sem opinberir aðilar ábyrgjast. Skuldbinding ríkisins gagnvart framtíðar eftirlaunaþegum er yfir 500 milljarðar króna. Það eru fjárhæðir sem þarf að taka af skatttekjum framtíðar.

Söfnunarkerfið hefur reynst vel og góð staða nú þrátt fyrir tiltölulega skamman tíma frá áföllum sýnir hversu skynsamlegt það var að hefja sjóðasöfnun. Gegnumstreymiskerfi eins og endurspeglast í hluta lífeyriskerfis opinberra starfsmanna er ávísun á vandræði. Sérstaklega þegar meðalaldur fer hratt hækkandi.

Þar við bætist að það er ekki á vísan að róa með að ríkið verði tilbúið að greiða réttindi að fullu þegar ný kynslóð sem bera þarf stærri kynslóð eldriborgara á herðum sínum ræður lögum og lofum í samfélaginu.

Það samkomulag sem náðist um að laga kerfi opinberra starfsmanna að almenna kerfinu er mikilvægt skref til að jafna stöðu og auka sveigjanleika á vinnumarkaði. Forystufólk stéttarfélaga hins opinbera á heiður skilinn fyrir framsýni í þeim efnum. Til lengri tíma er skynsamlegt að allir séu í sama kerfi.

Það eru því nokkur vonbrigði að nú séu aðilar samkomulags sem horfir til framfara farnir að bakka eftir viðbrögð einstakra félaga. Kerfisbreytingin er mikilvæg og þættir sem snúa að kjörum einstakra félaga eru úrlausnarefni sem taka þarf til meðferðar í kjarasamningum.

Í frétt Fréttablaðsins í dag bendir varaformaður fjárlaganefndar réttilega á að mikilvægt sé að ljúka málinu nú. Tafir fram yfir kosningar muni gera það að verkum að ekkert verði úr mikilvægri kerfisbreytingu.

Áætlun um ríkisfjármál til lengri tíma takmarkar möguleika til að reka ríkið með halla. Það er gott og slíkur agi á rekstri ríkisins eykur trúverðugleika hagkerfisins og tryggir meiri stöðugleika. Á þessu ári getur ríkið lagt til þessa verkefnis á annað hundrað milljarða. Það er óvíst hvenær aftur verður lag til slíks. Því þarf að neyta meðan á nefinu stendur.

**Söfnunarkerfið hefur reynst vel og góð staða nú þrátt fyrir tiltölulega skamman tíma frá áföllum sýnir hversu skynsamlegt það var að hefja sjóðasöfnun.**





## Halldór





## Frá degi til dags

**Ótrúlegt flokksþing**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sagðist í gær í Facebook-færslu ekki vilja ræða við fjölmiðla um niðurstöðu flokksþings Framsóknar. Sagði hann ástæðuna vera þá að á flokksþinginu og í aðdraganda þingsins hefðu átt sér stað ótrúlegir atburðir. Honum fannst ekki við hæfi að ræða það opinberlega. Án þess að tilgreina hverjir þeir atburðir eru nákvæmlega getum við aðeins giskað á hvað hann á við. Kannski rof útsendingar flokksins þegar núverandi formaður hélt ræðu, hver veit? Aftur á móti eru allir landsmenn sammála um að þetta flokksþing var ótrúlegt.

**Kosningavaktin**

Svo virðist sem gæðum kosningabaráttunnar sé misskipt. Flokkar sem ekki eiga fulltrúa á þingi ásamt ríkisstjórnarflokkunum hafa undanfarið unnið í kosningabaráttu sinni á meðan þingmenn stjórnarandstöðunnar eru kirfilega fastir í störfum þingsins að stoppa „öll þau góðu mál“ sem þurfti að ljúka fyrir þinglok. Heyrðist af formanni og varaformanni Sjálfstæðisflokksins í Síldarvinnslunni í Neskaupstað, í Eskju á Eskifirði og í Álverinu á Reyðarfirði á sama tíma og sjö lagafrumvörp voru á dagskrá þingsins í þeirra nafni. Ágætis herkænska að bíða með óvinsælu málin og fara svo í kosningabaráttu með minnihlutann í yfirvinnu við að stoppa þingið.

sveinn@frettabladid.is

# Forskot á fasteignamarkaði



Oddný G. Harðardóttir
formaður Samfylkingarinnar

Samfylkingin ætlar að jafna leikinn og bjóða þeim sem ekki eiga fasteign að nýta fyrirframgreiddar vaxtabætur til að fjármagna útborgun í íbúð.

Stærsta vandamál ungs fólks sem er að kaupa sína fyrstu íbúð er að kljúfa útborgunina. Margar fjölskyldur eru fastar á ótryggum leigumarkaði, þar sem stærstu útgjöld heimilisins eru leiga og minna er til skiptanna fyrir aðrar nauðsynjar. Mánaðarleigan er hærri en það sem flest fólk borgar af húsnæðisláni.

Forskot á fasteignamarkaði er ein af nokkrum mikilvægum leiðum sem við viljum fara til að bæta stöðu barna og fjölskyldna á leigumarkaði. Þannig verður hægt að fá vaxtabætur næstu fimm ára greiddar út fyrirfram til kaupa á íbúð. Miðað við tekju- og eignamörk vaxtabóta myndi það þýða 3,0 m.kr. fyrir fólk í sambúð, 2,5 m.kr. fyrir einstætt foreldri og 2,0 m.kr. fyrir einstakling.

Þrjár milljónir króna duga til dæmis fyrir útborgun í 20 milljóna króna íbúð m.v. 85% lán, eða sem stór hluti útborgunar í dýrari eign. Það er stuðningur sem kemur unga fólkinu úr foreldrahúsum eða námsmannaíbúðum og leigjendum í öruggt húsnæði. Forskotið fá þau sem ekki eiga íbúð og ættu rétt á vaxtabótum, ásamt þeim sem ekki hafa átt fasteign síðustu þrjú ár á undan. Á undanförnum árum hefur stuðningur í formi vaxtabóta minnkað gríðarlega, þar sem skerðingarmörk tekna og eigna hafa ekki breyst í samræmi við launaþróun og fasteignaverð. Samfylkingin ætlar að snúa þessari þróun við. Samhliða Forskoti á fasteignamarkaði ætlum við að taka upp nýtt kerfi húsnæðisbóta, hækka skerðingarmörk og styðja betur við barnafjölskyldur en nú er gert. Og við ætlum að láta vaxtabætur ráðast af fjölda barna, sem er nýmæli.

Forskot á fasteignamarkaði er liður í kosningastefnu Samfylkingarinnar. Okkar markmið er einnig veruleg fjölgun almennra leiguíbúða, um 4.000 á kjörtímabilinu, auk 1.000 námsmannaíbúða um allt land. Jafnframt að tvöfalda stuðning við barnafjölskyldur og útrýma barnafátækt á Íslandi, en árið 2014 bjuggu 6.100 börn við efnislegan skort á Íslandi og stór hluti þeirra í leiguhúsnæði.

Jöfnum leikinn og kjósum heilbrigðari húsnæðismarkað.

**Forskotið fá þau sem ekki eiga íbúð og ættu rétt á vaxtabótum, ásamt þeim sem ekki hafa átt fasteign síðustu þrjú ár á undan.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Er hægt að réttlæta allt með hausareglunni?

Í DAG



Ólafur Arnarson

Okkur Íslendingum er gjarnt að bera okkur saman við aðrar þjóðir. Oftast er sá samanburður okkur mjög í hag, alla vega þegar við önnumst hann sjálfir. Þegar á okkur hallar grípum við gjarnan til hausareglunnar, sem aldrei bregst. Samkvæmt hausareglunni megum við Íslendingar vera allt að 999 sinnum lélegri en Bandaríkjamenn í hverju sem er en sigrum þá samt, því þeir eru þúsund sinnum fleiri en við.

Löngum var það okkar helsta huggun á íþróttavellinum að þegar miðað var við höfðatölu vorum við miklu betri en allir andstæðingarnir þó við þyrftum að lúta í gras á vellinum sjálfum. Það var helst íslenska íþróttavorið um miðja síðustu öld, sem færði okkur raunverulega sigra í afreksíþróttum, þar til handboltastrákarnir okkar fóru að gera garðinn frægan í útlöndum. Á seinni árum hafa knattspyrnustelpurnar okkar og -strákarnir unnið stórafrek alveg burtséð frá hausareglunni og enn bætist við því fimleikafólkið, körfuboltastrákarnir og sundstelpurnar okkar eru í fremstu röð á heimsvísu.

Í íþróttunum getum við því hætt að nota hausregluna. Íslendingar eru orðnir asskoti góðir í íþróttum.

En hvað með önnur svið? Erum við á heimsmælikvarða t.d. hvað viðskipti, menningu og listir varðar?

Ef við byrjum á menningu og listum má fullyrða að við stöndum ágætlega, svona á heimsmælikvarða. Bækur íslenskra rithöfunda eru þýddar og gefnar út víða um lönd. Ragnar Kjartansson er einn eftirsóttasti listamaður í heimi. Ef við eignum okkur Ólaf Elíasson eigum við annan myndlistarmann sem er einn hinna virtustu í heimi. Íslensk tónlist fer sigurför um heiminn. Sigur Rós, OMAM, Kaleo og fleiri hljómsveitir eru í fremstu röð dægursveita austan hafs og vestan. Gleymum ekki Björk. Víkingur Heiðar Ólafsson og Kristinn Sigmundsson halda uppi merki eyjarskeggja á eyjunni bláu í helstu tónleikahöllum veraldar. Leiklistar- og tónlistarlíf hér heima blómstrar sem aldrei fyrr. Við stöndumst fyllilega samanburð við þær þjóðir sem við berum okkur saman við, án þess að grípa til hausareglunnar.

Atvinnugrein, sem blómstraði í byrjun þessarar aldar, hrundi, en reis svo aftur undir nýrri kennitölu, er fjármálastarfsemi. Þar erum við Íslendingar á heimsmælikvarða nú sem fyrr. Fyrir hrunið voru íslensku bankarnir engir eftirbátar framsæknustu banka í heiminum í skuldsetningu og gírun. Eftir hrun standa íslenskir bankar erlendum framar í að skrúfa upp efnahagsreikninga sína á kostnað viðskiptavina. Þar er þó ekki eingöngu snilli íslenskra bankamanna fyrir að þakka heldur eiga þeir hauk í horni í verðtryggingunni og gjöfulum stjórnmálamönnum.

**Stjórnmálamenn á Íslandi standa enn vörð um einokun í íslenskum sjávarútvegi og verja greinina fyrir reglum samkeppnislaga, hunsa tilmæli frá samkeppnisyfirvöldum. Og liðin er heil öld frá því Bandaríkjamenn brutu niður einokunina í sínum mikilvægustu atvinnugreinum.**

### Einokunarrisar

Þá er það hin gamalgróna grein, sjávarútvegurinn. Ráðamenn og forsvarsmenn greinarinnar segja okkur í tíma og ótíma að íslenskur sjávarútvegur sé eini sjávarútvegurinn í heiminum sem ekki er niðurgreiddur og skilar þjóðarbúinu arði. Sjálfsagt auðveldar það stórfyrirtækjum í greininni að skila arði að þau fá nær ókeypis aðgang að dýrmætri auðlind. Þau fá að miða við gerviverð, mun lægra en markaðsverð, við skipti á hlut til sjómanna.

En hvernig er þetta t.d. í samanburði við Bandaríkin? Þær atvinnugreinar vestra, sem helst má líkja við íslenskan sjávarútveg, eru olíuiðnaðurinn og stáliðnaðurinn. Fyrir rúmri öld voru þessar greinar burðaratvinnugreinar bandarísks hagkerfis. Þær bjuggu við gríðarlegt stærðarhagræði og höfðu nánast algera einokun. Og fyrir rúmri öld réðust bandarísk stjórnvöld gegn þessari einokun og brutu upp U.S. Steel og Standard Oil í fjölmargar smærri einingar og gerðu ráðstafanir til að tryggja fulla samkeppni milli hinna nýju fyrirtækja. Varnir einokunarrisanna vestra þá minna um margt á málflutning þeirra sem verja ríkjandi kerfi í íslenskum sjávarútvegi nú.

Stjórnmálamenn á Íslandi standa enn vörð um einokun í íslenskum sjávarútvegi og verja greinina fyrir reglum samkeppnislaga, hunsa tilmæli frá samkeppnisyfirvöldum. Og liðin er heil öld frá því Bandaríkjamenn brutu niður einokunina í sínum mikilvægustu atvinnugreinum. Síðan hafa Bandaríkjamenn ráðist gegn einokun á símamarkaði, hugbúnaðarmarkaði og fleiri mörkuðum. Við Íslendingar verðum líklega að grípa til hausareglunnar þegar við setjum okkar stjórnmálamenn í alþjóðlegan samanburð.

# Styrking heilsugæslunnar?



Gunnar Alexander Ólafsson
heilsuhagfræðingur, skipar 5. sæti á lista Samfylkingar í Rvk-Norður

Um næstu áramót verða tvær nýjar heilsugæslustöðvar teknar í notkun á höfuðborgarsvæðinu. Allajafnan er það fagnaðarefni að heilsugæslustöðvum fjölgi en framkvæmdin er einstaklega klúðursleg og því er spurning hvort tilefni sé til að fagna.

Ástæðan er sú að ekkert nýtt fé fylgir þessari fjölgun heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, heldur á að taka hluta af því fé sem rennur í dag til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að fjármagna rekstur þessara nýju stöðva. Það kostar um 300 milljónir að reka eina heilsugæslustöð á ári á höfuðborgarsvæðinu og því mun það kosta um 600 milljónir að reka þessar tvær stöðvar. Þessar 600 milljónir er um 10% af útgjöldum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og því mun stofnunin hafa um 10% minna fé til að reka þær 15 heilsugæslustöðvar sem stofnunin rekur á næsta ári.

Ljóst er að tilkoma þessara nýju heilsugæslustöðva veikir rekstur þeirra fimmtán sem fyrir eru nema að viðbótarfjármagn komi til. Því má spyrja hver sé tilgangur með þessari aðgerð.

Tilkoma þessara stöðva gengur gegn þeirri viðleitni að styrkja heilsugæsluna á SV-horni landsins á þann hátt að hún geti orðið fyrsti viðkomustaður einstaklinga í heilbrigðiskerfinu. Í umræðunni undanfarið hefur komið fram að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (sem þjónar um 200 þúsund íbúum og þá eru erlendir ferðamenn ekki taldir með) vantar um 600 milljónir í rekstur til vera með sambærilegt rekstrarfé og stofnunin hafði árið 2008. Síðan þá hefur íbúum í umdæmi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fjölgað um 17 þúsund.

Enn undarlegri er sú staðreynd að velferðarráðuneytið gerir ekkert í því að sameina alla heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu undir einn hatt þar sem ráðuneytið viðheldur sérstökum samningi við Læknavakt um vaktþjónustu lækna eftir lokun hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þetta veldur óhagræði hjá notendum (fleiri þjónustuaðilar) og gerir rekstur heilsugæslu dýrari en þarf að vera (hærri leigu- og stjórnunarkostnaður). Óhagræðið kostar tugi milljóna sem hægt væri að nota í betri þjónustu við notendur. Óhagræði notenda felst m.a. í að staðsetning Læknavaktar er ekki miðlæg á höfuðborgarsvæðinu og er erfitt að komast þangað með almenningssamgöngum.

**Ég hvet alla ábyrga aðila til að gera heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu miðlæga, sameina þjónustur og veita meira fé til rekstrar þannig að heilsugæslan geti starfað sem fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu.**

Ég hvet alla ábyrga aðila til að gera heilsugæsluþjónustu á höfuðborgarsvæðinu miðlæga, sameina þjónustur og veita meira fé til rekstrar þannig að heilsugæslan geti starfað sem fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu.



# „Leiðréttingin“ – afrek ríkisstjórnarinnar?



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Enn er fólk borið út úr húsum sínum þrátt fyrir „leiðréttingu“ ríkisstjórnar enda ákvað hún að fjármunir sem fengust frá erlendum kröfuhöfum skyldu að stórum hluta greiddir til þeirra sem síst skyldi í stað þess að setja í forgang þá sem mest þurftu á aðstoð að halda. Einnig ákvað ríkisstjórnin að hafa að engu samkomulag sem komið var á við hóp lánsveðshafa og því eru þeir meðal þeirra sem nú fá að finna til tevatnsins. (http://kvennabladid.is/2015/05/02/ad-missa-heimilid-sitt-2/)

Meðal helstu afreka sem ríkisstjórnin telur sig hafa unnið er glíman við „hrægammasjóðina“ og þeir fjármunir sem þeir greiddu í ríkissjóð. Að vísu eru fjárhæðirnar sem náðust aðeins brot af þeim fjármunum sem ríkisstjórnin lofaði en sem kunnugt er voru þeir að mestu sóttir í vasa þjóðarinnar sjálfrar.

Glíman við kröfuhafa bankanna hefur staðið allt frá hruni. Unnið var samfellt að því að tryggja þjóðarhag m.a. með lagasetningum sem tryggðu hagsmuni þjóðarinnar. Í því skyni var efnt til víðtækrar pólitískrar samstöðu og settir á laggirnar þverpólitískir starfshópar til að tryggja sem mest samráð.



Hér má sjá nefndarmenn á gangi í Washington DC eftir fundina með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) í febrúar 2013. Frá vinstri: Sigurður Hannesson, fulltrúi Framsóknarflokksins, Björn Rúnar Guðmundsson, starfsmaður fjármálaráðuneytisins, Bolli Héðinsson, fulltrúi Samfylkingarinnar og Tryggvi Herbertsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Auk þeirra voru í nefndinni Huginn Freyr Þorsteinsson fyrir Vinstri græna og Jón Helgi Egilsson, þá fulltrúi Hreyfingarinnar, nú fulltrúi Framsóknarflokksins í bankaráði Seðlabanka Íslands. Engin laun voru greidd fyrir setu í nefndinni.

### Sérfræðinganefnd um afnám hafta

Meðal þess sem sett var á laggirnar var sérfræðinganefnd allra stjórnmálaflokka til að vinna að afnámi hafta. Ein meginforsendan var samningar við kröfuhafa. Verulegur tími fór í að kortleggja þann vanda sem við var að glíma áður en hægt var að takast á við hann. Í upphafi árs 2013 lá loksins ljóst fyrir með hvaða hætti væri hægt að vinna að afnámi gjaldeyrishaftanna og forsendu þess, samningum við kröfuhafa bankanna. Þá þegar var orðið ljóst hvaða upphæðir myndu koma í hlut ríkisins og við þessar aðgerðir.

Útfærsla atriðanna var svo næsta skref. Þegar að því kom hafði verið kosið til Alþingis og ný ríkisstjórn ákvað að taka málin úr allri þverpólitískri samvinnu. Líklegust ástæða þess er að svo mikið lá við að sýna fram á að hér væri um árangur hinnar nýju ríkisstjórnar að ræða en ekki afleiðingu samfelldrar vinnu sem unnin hafði verið í samstarfi allra flokka misserin á undan.

Þetta varð til þess að hægja á gangi málsins, þegar eingöngu aðilar tengdir Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki voru kallaðir til starfa við losun haftanna. Síðan hafa málin mjakast áfram með nokkrum „flugeldasýningum“ og sjálfhælni í frásögnum af heimsmetum ríkisstjórnarinnar, þeim sem hentugast hefur þótt að guma af hverju sinni.

**Glíman við kröfuhafa bankanna hefur staðið allt frá hruni. Unnið var samfellt að því að tryggja þjóðarhag m.a. með lagasetningum sem tryggðu hagsmuni þjóðarinnar.**

Nýjustu skrefin sem nú hafa loksins verið stigin til losunar gjaldeyrishafta eru þau skref sem næst verður komist að taka til aflettingar hafta á íslenskri krónu. Gera verður ráð fyrir að krónan verði um ókomna tíð í einhvers konar höftum enda er hún smæsta sjálfstæða mynt veraldar og aðeins til heimabrúks.

Enn eru stærstu viðfangsefnin um framtíð peningamála á Íslandi óleyst. Stærri fyrirtæki gera mörg hver reikninga sína upp í erlendri mynt en þjóðinni er gert að notast við gjaldmiðil sem er hvergi annars staðar gjaldgengur. Allir stjórnmálaflokkar nema þeir sem vilja kanna kosti og galla á upptöku evru skila auðu í þessum efnum og reyna að telja sjálfum sér og kjósendum sínum trú um að hægt verði að notast við íslenska krónu til frambúðar.

# Sveltir notendur og starfsmenn heilbrigðiskerfis?



Eyrún B. Magnúsdóttir
í 5. sæti á lista Bjartrar framtíðar í Suðurkjördæmi

Í langan tíma hafa notendur heilbrigðisþjónustu Suðurlands fundið hana skerðast verulega. Það hefur ýmislegt verið reynt til að koma til móts við notendur en þeim hefur líka fjölgað umtalsvert undanfarin ár. Notendasvæðið nær frá Þorlákshöfn austur til Hafnar í Hornafirði. Inni í því er meira en helmingur sumarhúsa á landinu þar sem notendur eru oft með skráð lögheimili annars staðar og því ekki gert ráð fyrir þeim þegar fjárframlög eru ákvörðuð. Þá er eftir að reikna með öllum ferðamönnunum og tímabundnu vinnuafli sem eru mjög hreyfanlegur tölur.

Ég hef áður skrifað grein sem fjallaði um heildarfjárframlög til HSU (Heilbrigðisþjónustu Suðurlands) þar sem ég fór yfir tölur t.d. á notendur og starfsmenn. Þann 9. september fjallar forstjóri HSU um fjárframlög til tækjakaupa, á heimasíðu HSU, en 2015 voru þau 7,6 milljónir. Talið er að til að endurnýja lækningartæki á þessu ári þurfi um 90 milljónir króna. Sem betur fer hafa góðvinir HSU staðið sig og því var nýlega hægt að kaupa nýtt röntgentæki upp á tæpar 50 milljónir. Það er hrikalegt ósamræmi í því sem ríkið telur duga til reksturs á þjónustu og grunnstoð sem þessari og því sem virkilega þarf.

### Bitnar á öllum notendum

Sjúkraflutningar líða fyrir þetta líka. Þeir hafa aukist um helming síðustu fimm ár en starfsmönnum ekki fjölgað í neinu samræmi. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun óskráðra notenda í fjárframlögum á þessu 30 þúsund ferkílómetra svæði og það bitnar á öllum notendum.

Læknar eru yfirbókaðir og þurfa sumir að ferðast um svæðið allt til að sinna notendum. Ekki er langt síðan margir af hinum almennu notendum hættu að reyna að fá bókaðan tíma hjá heimilislækni og nýttu sér vaktina frekar. Þar beið fólk frá hálftíma upp í tvo og hálfan í stað þess að bíða í margar vikur. Álagið á vakthafandi lækna og starfsfólk jókst samhliða. Nýlega var tekið upp nýtt kerfi þar sem þarf að bóka tíma samdægurs til að komast á vaktina. Vonandi minnkar það álagið á alla starfsemi og eykur möguleika á hefðbundnum tímabókunum í framhaldi.

Persónulega upplifun notandans? Ég reyndi 30. september að panta tíma hjá barnalækninum, í eintölu. Mér var sagt að hringja á mánudag, þá myndi ég mögulega ná tíma 17. eða 18. október. Þetta er reyndar framför. Ég hringdi síðast í ágústbyrjun og var þá sagt að ég gæti mögulega fengið tíma í byrjun október. Í maí þurfti ég að bíða í rúma 2 klukkutíma eftir sjúkrabíl þar sem ég var föst og gat mig hvergi hreyft. Það tók bílinn hins vegar um 4 mínútur að skutla mér upp á sjúkrahús og starfsstöðin þeirra er við hliðina á því.

Eins og ég minntist á var nýlega keypt nýtt röntgentæki en eftir að hafa beðið á bekk í nokkra klukkutíma var röntgentæknirinn farinn heim og því þurfti ég að vera á bráðamóttökunni yfir nótt til að bíða eftir myndatöku. Á meðan ég lá heyrði ég lækni ráðleggja notanda að fara heim og ef ástandið myndi versna gæti hann komið daginn eftir í myndatöku. Læknirinn var reyndar nokkuð viss um að ekki væri um brot að ræða. Í framhaldi af þessu þurfti ég svo að leggjast inn og get því persónulega sagt að allt starfslið vill gera sitt besta. Hagræðingin er hins vegar svo mikil að til dæmis þeir sem ekki geta baðað sig sjálfir fá til þess aðstoð einn dag í viku. Hina dagana geta þeir reyndar fengið þvottapoka.

**Það þarf að taka með í reikninginn vaxandi fjölda ferðamanna og sumarbústaðanotendur í umdæminu. Það þarf að taka með í reikninginn að tæki úreldast og að álag eykst ár frá ári. Það þarf að auka fjárframlög til víðfeðmasta heilbrigðisumdæmis landsins, með því er hægt að spara til lengri tíma.**

Starfsfólkið finnur fyrir þessu og tekur aukavaktir til að notendur finni minna fyrir þessu. Viljinn er að veita bestu mögulegu þjónustu og aðhlynningu en það vantar töluvert upp á fjárframlög ef hluti af starfseminni á ekki að lognast út af. Það þarf að taka með í reikninginn vaxandi fjölda ferðamanna og sumarbústaðanotendur í umdæminu. Það þarf að taka með í reikninginn að tæki úreldast og að álag eykst ár frá ári. Það þarf að auka fjárframlög til víðfeðmasta heilbrigðisumdæmis landsins, með því er hægt að spara til lengri tíma. Kostnaðurinn við heilbrigðiskerfi sem virkar ekki er mun meiri og mun stærri en bara sá sýnilegi.

# „Framleitt á Íslandi“ – Skiptir það máli?



Páll Kr. Pálsson
eigandi og framkvæmdastjóri ullarvörufyrirtækisins Glófa ehf.

Já, það skiptir máli; miklu máli. Alþjóðlegar rannsóknir sýna að þjóðarframleiðsla dregst saman um tæplega 0,5% fyrir hvert prósent sem framleiðsla færist úr landi. Það sama á við ef innlend framleiðsla leysir innflutning af hólmi, þá eykst þjóðarframleiðslan um tæplega 0,5% fyrir hvert prósent sem innlend framleiðsla leysir innflutning af hólmi. Þess vegna skiptir innlend framleiðsla miklu máli fyrir hagkerfið.

En hver er ástæðan fyrir þessu? Þegar framleiðsla færist úr landi fer það sem greitt er fyrir framleiðsluna til útlanda og störf tapast. Sá hluti sem áður fór til að greiða laun og innlend aðföng til framleiðslunnar færist úr landi og í stað þess að þetta fjármagn skapi margfeldisáhrif í hagkerfinu, með ráðstöfun til launa, aðfangakaupa, í skatta, kaup á þjónustu og fleira tapast þessar tekjur í hagkerfinu.

Ástæða fyrrnefndra margfeldisáhrifa er að með því að velja íslenskt er greitt fyrir íslenska framleiðsluþætti í stað erlendra. Þessar greiðslur valda því síðan að þeir sem fá tekjur af innlendri framleiðslu verja þeim til framfærslu og skattgreiðslna. Þessi umsvif valda því svo að enn aðrir fá tekjur af þeirra útgjöldum, með öðrum orðum þá aukast öll umsvif í hagkerfinu við innlenda framleiðslu sem og tekjur ríkissjóðs, langt umfram það sem á sér stað ef vara eða þjónusta er flutt inn. Þannig velta tekjurnar af innlendri framleiðslu áfram í hagkerfinu þangað til að hver milljón króna sem varið er í kaup á innlendri framleiðslu í stað innfluttrar, hefur aukið þjóðarframleiðsluna um hálfa milljón króna.

Vissulega gera ýmsar takmarkanir, einkum landfræðilegar, það að verkum að ekki er hægt að framleiða nema hluta innfluttings hér á landi þannig að um samkeppnishæfa vöru eða þjónustu sé að ræða. Samkvæmt rannsóknum eru um 22% innfluttra vara í dag í beinni eða óbeinni samkeppni við innlenda framleiðslu og mætti því framleiða hér á landi.

### Ástandið hefur versnað

Núverandi ríkisstjórn virðist ekki hafa áhuga á íslenskum iðnaði. Gott dæmi um þetta eru upprunamerkingar á innfluttar ullar og skinnavörur sem verið hafa í umræðunni undanfarin misseri. Stærsti hluti þessara vara er í dag fluttur inn, einkum frá Asíu, án upprunamerkinga og reynt með merkingum að láta svo líta út sem varan sé íslensk. Þrátt fyrir fögur loforð iðnaðarráðherra hefur ekkert gerst og með fánalögunum sem samþykkt voru á Alþingi í vor hefur ástandið bara versnað fyrir innlenda framleiðslu á þessu sviði.

Megináhersla núverandi ríkisstjórnar í atvinnumálum virðist vera að gæta sérhagsmuna landbúnaðarkerfis sem vinnur gegn hagsmunum neytenda og bænda, tryggja eigendum sjávarútvegsfyrirtækja langstærsta hlutann af arðinum af auðlindinni og tryggja erlendum fyrirtækjum sem setja hér upp framleiðslu alls kyns sérákvæði varðandi skatta og annað á meðan íslenskur iðnaður er hornreka.

Íslenskur iðnaður býr við einhver verstu samkeppnisskilyrði í Vestur-Evrópu. Fjármagnskostnaður, tryggingagjald og ýmsar aðrar opinberar álögur eru með því hæsta sem þar þekkist. Á meðan svo er nýtast tækifærin ekki sem skyldi. Nýsköpun og framleiðniaukandi aðgerðir í hefðbundnum iðnaði eiga vegna þessa undir högg að sækja. Vissulega hafa stjórnvöld gert ýmislegt til að örva stofnun og starfsemi sprotafyrirtækja, en staðreyndin er sú að það er þjóðhagslega margfalt hagkvæmara að ná árangri við nýsköpun í starfandi fyrirtækjum en með stofnun nýrra.

Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur virðast fastir í sérhagsmunagæslu landbúnaðar, sjávarútvegs og erlendra iðnfyrirtækja sem hér setja upp starfsemi.

Við þurfum nýja sýn þar sem skilningur á gildi innlends iðnaðar fær notið sín og þar sem ekki er litið á hann sem hornreka þátt í hagkerfinu.




Peugeot 208 leysir þína orku úr læðingi: með nýtt grill og sportlega hönnun, ný 3D LED afturljós og nýja PureTech vél sem er með betri afköst og minni útblástur á $CO_2$.

Komdu í sýningarsal okkar og upplifðu nýjan Peugeot 208 með Peugeot i-COCKPIT akstursviðmóti.

## NÝR PEUGEOT 208

Verð frá 2.290.000 kr.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Brimborg og Peugeot áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Þetta er besti völlurinn

Aron Elís Þrándarson verður á gamla heimavellinum í dag þegar íslensku strákarnir í 21 árs liðinu mæta Skotum. Liðið er tveimur sigurleikjum frá því að tryggja sér sæti í úrslitakeppni EM næsta sumar.

**FÓTBOLTI** „Við erum í dauðafæri og erum staðráðnir í því að fara alla leið í þessu. Við erum komnir í þá stöðu að ef við vinnum báða leikina þá förum við alla leið. Við ætlum bara að gera það,“ segir Aron Elís Þrándarson, framherji íslenska 21 árs landsliðsins sem tryggir sér sæti í úrslitakeppni EM með því að vinna tvo síðustu leiki sína í undankeppninni.

> Þetta eru bara tveir leikir sem við þurfum að klára og þá erum við komnir alla leið. Það væri synd að fara að klúðra þessu núna.
>
> Aron Elís Þrándarson

**Tveir leikir á sex dögum**

Fram undan eru tveir leikir á heimavelli á aðeins sex dögum og sá fyrri er á Víkingsvellinum klukkan 15.30 í dag. Íslenska liðið er þremur stigum á eftir Makedóníu og tveimur stigum á eftir Frakklandi en á leik inni á báðar þjóðir.

Jafni Ísland Makedóníu að stigum verður íslenska liðið alltaf ofar þar sem liðið stendur betur hvað varðar innbyrðisviðureignir.

„Þetta er í okkar höndum. Við þurfum allavega að klúðra þessu,“ segir Aron Elís ákveðinn. Verður eitthvert stress hjá strákunum í dag?

„Það má ekkert klikka hjá okkur en ég held samt að við séum alveg slakir yfir þessu. Við vitum alveg hvað við þurfum að gera og við vitum alveg hvernig Skotarnir eru. Þetta verður bara barátta og við þurfum bara að sjá til þess að við vinnum hana,“ segir Aron.

Úrslitakeppnin fer fram í Tékklandi næsta sumar og tólf þjóðir keppa þá um Evrópumeistaratitilinn.

**Risastór gluggi**

„Þetta er risastór gluggi og ég held að allir séu að fara gefa 150 prósent í þetta,“ segir Aron.

Íslenska liðið skoraði átta mörk í fyrstu fjórum leikjum sínum í keppninni en hefur aðeins skorað eitt mark í síðustu fjórum leikjum sínum. Hefur Aron Elís áhyggjur af því?

„Það eru gæði í liðinu en við leggjum svolítið mikið upp með það að vera sterkir til baka og beita góðum skyndisóknum. Við höfum alveg fengið færi en boltinn hefur ekki verið að detta inn hjá okkur. Ég hef fulla trú á að þetta muni breytast núna,“ sagði hann.

Aron Elís er að fara að spila á sínum gamla heimavelli í dag en hann er uppalinn Víkingur. Hann hefur spilað á vellinum með bæði 17 ára og 19 ára landsliðinu en spilar nú í Víkinni í fyrsta sinn í rúm tvö ár.

„Ég er mjög ánægður með það að fá að koma aftur á Víkingsvöllinn. Þetta verður gaman fyrir mig,“ segir Aron en mun það hjálpa honum? „Ég á góðar minningar frá Víkingsvellinum. Þetta er besti völlurinn,“ segir Aron brosandi.

Aron Elís Þrándarson leikur með norska liðinu Aalesunds FK og er á sínu öðru tímabili. Liðið var í fallsæti fyrir aðeins nokkrum vikum en fjórir sigrar í röð hafa komið liðinu upp í tíunda sæti.

„Þetta byrjaði brösuglega en upp á síðkastið þá erum við búnir að vera óstöðvandi. Við Íslendingarnir í Aalesunds komum fullir sjálfstrausts inn í þessa leiki,“ segir Aron en í íslenska hópnum eru einnig liðsfélagar hans Adam Örn Arnarson og Daníel Leó Grétarsson. Aron þekkir hina strákana einnig vel.

„Við þekkjum hver annan út og inn enda búnir að vera spila saman í gegnum öll landsliðinu,“ segir Aron.

**Svo stutt í þetta**

„Við höfum verið að tala um það að það er svo stutt í þetta. Þetta eru bara tveir leikir sem við þurfum að klára og þá erum við komnir alla leið. Það væri synd að fara að klúðra þessu núna. Það væri svo gaman að komast í lokakeppnina,“ segir Aron Elís.

„Við erum búnir að gera mjög vel í riðlinum og þetta er sterkur riðill. Við erum sáttir með okkur hingað til og nú er bara að fara alla leið. Við erum allir einbeittir og á sömu blaðsíðu. Ég hef því mjög góða tilfinningu fyrir þessu,“ segir Aron Elís.

ooj@frettabladid.is



Aron Elís Þrándarson hefur spilað alla átta leiki íslenska liðsins í undankeppninni til þessa sem og fjórir aðrir leikmenn, eða þeir Adam Örn Arnarson, Böðvar Böðvarsson, Elías Már Ómarsson og Orri Sigurður Ómarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### FREYR VELUR KÍNAFARANA



Freyr Alexandersson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta, valdi í gær þá 22 leikmenn sem fara með til Kína þar sem Ísland tekur þátt í æfingamóti 20.-24. október næstkomandi. Leikið verður gegn Kína, Danmörku og Úsbekistan. Einn nýliði er í íslenska hópnum, Berglind Hrund Jónasdóttir, tvítugur markvörður Íslandsmeistara Stjörnunnar. Liðsfélagi hennar, Katrín Ásbjörnsdóttir, kemur einnig inn í hópinn eftir nokkurt hlé. Freyr valdi einnig Svövu Rós Guðmundsdóttur, leikmann Breiðabliks, en hún á aðeins einn landsleik að baki. Hópinn má sjá í heild sinni inni á Vísi.

### MARTA MÆTIR Í KÓPAVOGINN

Breiðabliks bíður erfitt verkefni í 32 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Þar mætir liðið Rosengård frá Svíþjóð en fyrri leikurinn fer fram á Kópavogsvelli klukkan 15.30 í dag. Seinni leikurinn verður svo leikinn 12. október næstkomandi. Rosengård er eitt sterkasta lið Evrópu en það hefur orðið sænskur meistari undanfarin þrjú ár og situr núna 2. sæti sænsku deildarinnar. Sara Björk Gunnarsdóttir lék með Rosengård á árunum 2011-16 og varð fjórum sinnum sænskur meistari með liðinu. Með Rosengård leika þekktir leikmenn á borð við hina brasilísku Mörtu sem var valin besti leikmaður heims fimm ár í röð (2006-10).



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 15.20 | Ísland - Skotland U21 | Sport |
| 19.10 | Skallagrímur - Snæfell | Sport |

**Domino's-deild kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Grindavík - Haukar | Röstin |
| 19.15 | Keflavík - Stjarnan | TM-höllin |
| 19.15 | Njarðvík - Valur | Njarðvík |

**Olís-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Akureyri - Haukar | KA-heimili |
| 19.30 | Valur - Fram | Valshöllin |
| 19.30 | FH - Selfoss | Kaplakriki |

**Meistaradeild Evrópu:**

| | | |
|---|---|---|
| 15.30 | Breiðablik - Rosengård | Kópav. |





ORF LÍFTÆKNI

**Boðun til hluthafafundar**
**ORF Líftækni hf.**

ORF Líftækni hf., kt. 420201-3540, boðar hér með til hluthafafundar félagsins dags. 12.10.2016 kl. 16.30 í húsnæði félagsins að Víkurhvarfi 3 í Kópavogi.

**Fundarefni:**

1 - Staðfesting fyrri ákvörðunar aðalfundar þann 19. maí 2016 um kjör stjórnar og endurskoðanda félagsins þar sem ákvörðun þess fundar var ekki tilkynnt til Fyrirtækjaskrár innan lögboðins frests , eins og kveðið er á um í 149. grein laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

2 - Önnur mál sem löglega eru upp borin.

**Stjórn ORF Líftækni hf.**


# Fyrsta orrustan um Vesturlandið í dag

**KÖRFUBOLTI** Domino's-deild kvenna fer af stað í kvöld og það er sannkallaður stórleikur á dagskrá í fyrstu umferð. Íslandsmeisturum Snæfells og nýliðum Skallagríms var spáð tveimur efstu sætunum í árlegri spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna og þeir mætast einmitt í Borgarnesi í kvöld. Leikurinn verður sýndur beint á Stöð 2 Sport og það má búast við að Fjósið verði troðfullt.

Skallagrímur er að taka þátt í efstu deild kvenna í fyrsta sinn í fjóra áratugi og þetta verður fyrsti Vesturlandsslagurinn í sögu úrvalsdeildar kvenna. Það dregur ekki úr veisluhöldum í kvöld að mótherjarnir séu bæði ríkjandi Íslandsmeistarar og nágrannar þeirra úr Stykkishólmi.

Borgnesingar hafa búið til gríðarlega sterkt kvennalið á stuttum tíma en margir öflugir leikmenn hafa skipt yfir í Skallagrím á þessum tíma. Liðið vann 1. deildina í fyrra og bætti síðan meðal annars við þremur landsliðskonum í sumar.

Það er ekki oft sem nýliðum er spáð svo góðu gengi á fyrsta ári en leikmannahópur Skallagrímsliðsins gefur ekki tilefni til annars en að þar fari lið sem ætlar að stimpla sig inn í hóp bestu liða landsins.

Mótherjarnir úr Snæfelli bættu við sig landsliðsbakverðinum Pálínu Gunnlaugsdóttur á dögunum en þær bíða því hvað hin öfluga Bryndís Guðmundsdóttir ætlar að gera í vetur. Snæfellsliðið hefur klárað titilinn undanfarin ár þrátt fyrir að missa lykilmenn um sumarið og það er því ekkert skrýtið að liðinu sé spáð titlinum nú þegar liðið mætir með nánast sama lið.

Þrír aðrir leikir í Domino's-deild kvenna fara fram í kvöld og allir á Suðurnesjunum. Þeir eru Keflavík-Stjarnan, Njarðvík-Valur og Grindavík-Haukar. Allir leikir kvöldsins hefjast á sama tíma eða klukkan 19.15.

– óój




Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, leikmaður Skallagríms.




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 5. október 2016

38. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2
**Lifeyrissjóðir braggast**
Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða hefur batnað talsvert á síðustu árum.

»4
**Ábyrgð stjórnarmanna**
Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir gagnrýnir harðlega sölu stjórnarmanns í Icelandair Group.

»4
**Margfaldur gagnahraði**
Gagnaveita Reykjavíkur býður nú upp á 1.000 megabita tengingar til heimila. Hraðinn eykst stöðugt.

»8
**Velur krefjandi störf**
Guðný Helga Herbertsdóttir tekur við starfi markaðsstjóra VÍS eftir ævintýralegan tíma hjá Landspítala.

»10
**Fall Venesúela**
Lars Christensen rekur hagfræðilega harmsögu Venesúela sem hann segir skólabókardæmi um vonda hagstjórn.

# Skiptar skoðanir um framtíð krónunnar



**Forystufólk í stærstu flokkum landsins er ósammála um hvort óbreytt króna, myntráð eða evra tryggi efnahagslegan stöðugleika.** » 6





Stórfyrirtæki eins og Amazon og DHL nýta sér dróna í auknum mæli til heimsendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Nýherji prufukeyrir heimsendingu með dróna

„Okkur langaði sem sagt að prófa að fljúga með vöru milli staða úr verslun okkar. Við sendum Lenovo-spjaldtölvu úr Borgartúni yfir í næsta hverfi og það gekk snurðulaust fyrir sig, en vitanlega var drónanum fylgt eftir alla leið af þeim sem stýrði honum. Enn sem komið er getum við ekki sett á sjálfstýringu en hver veit hvað gerist í framtíðinni,“ segir Gísli Þorsteinsson, markaðsstjóri Nýherja.

„Við erum einfaldlega að horfa á sprengingu í framleiðslu og sölu á drónum á komandi árum. Gert er ráð fyrir að 2,5 milljónir dróna verði seldar í Bandaríkjunum á þessu ári. Árið 2020 má svo búast við að hátt í 7 milljónir svífi um loftin blá þar í landi, ef marka má Bloomberg,“ segir Gísli.

„Um leið og drónar verða sífellt fyrirferðarmeiri á heimilum, hvort sem það er hér á landi eða úti í heimi, þá eru mörg fyrirtæki að átta sig á notagildi þessara tækja. Ýmis nafntoguð fyrirtæki úti í heimi hafa prófað dróna við heimsendingar. Við vildum ekki vera eftirbátar, enda segjum við oft að upplýsingatæknifyrirtæki eins og Nýherji þurfi ávallt að vera með annan fótinn í framtíðinni,“ segir hann.

Gísli segir að þeir sem rýni inn í framtíðina séu nokkuð sannfærðir um að heimsendingar með dróna komi í staðinn fyrir sendla á mótorhjólum eða hjólum á komandi árum úti í hinum stóra heimi. „Allar spár gera ráð fyrir að heimsendingar með dróna verði veruleiki í nánustu framtíð úti í heimi. Við hjá Nýherja teljum okkur hafa góða reynslu af framtíðinni og kannski rekur þessa tæknibyltingu á fjörur okkar áður en langt um líður?“ – sg

## Vikan sem leið

**5.800**
**störf**

Hollenski bankinn ING hefur tilkynnt um niðurskurð 5.800 starfa í Belgíu og Hollandi á næstu fimm árum til að skera niður kostnað. Hugmyndin er að innleiða hraðar nýja tækni í bankageiranum og vera áfram leiðandi í stafrænu bankaumhverfi. Þessi aðgerð á að leiða til milljarðs dollara, 113 milljarða íslenskra króna, sparnaðar á ári.

**4,2**
**milljónir farþega**

Gert er ráð fyrir að flugáætlun Icelandair, dótturfélags Icelandair Group, fyrir árið 2017 verði um 13 prósent umfangsmeiri en á þessu ári. Áætlað er að farþegar verði um 4,2 milljónir á árinu 2017 og muni þeim fjölga um 450 þúsund frá yfirstandandi ári. Flug verður hafið til tveggja nýrra áfangastaða, sem kynntir verða á næstunni.

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Umsjón Hafliði Helgason hafliði@365.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

# Staða lífeyrissjóða hefur batnað mikið

**Með betra efnahagsumhverfi og hagvexti hefur hagur almennra lífeyrissjóða batnað verulega. Enn vantar mikið upp á skuldbindingar hins opinbera.**

Almennir lífeyrissjóðir áttu 3,2% umfram skuldbindingar að jafnaði um síðustu áramót og hefur staða þeirra batnað stöðugt frá árinu 2009 þegar vantaði 10,5% til að mæta skuldbindingum. Á þeim tíma voru réttindi lækkuð, sem skekkir samanburð. Árið 2011, sem er samanburðarhæft, var staða þessara sjóða neikvæð um tæp fimm prósent.

Verulegur halli er gagnvart skuldbindingum hjá sjóðum sem eru á ábyrgð launagreiðenda, en það eru sjóðir sem eru á ábyrgð opinberra aðila svo sem ríkis og sveitarfélaga. Staða þeirra sjóða er neikvæð um 38% og hefur það hlutfall haldist svipað undanfarin ár.

Í yfirliti FME um stöðu lífeyrissjóða kemur fram að opinberu sjóðirnir skera sig úr hvað varðar neikvæða stöðu sem þýðir að skattgreiðendur framtíðar munu hafa af þeim kostnað. Staða sjóða án ábyrgðar launagreiðenda er misjöfn en að meðaltali eiga þeir sem fyrr segir 3,2% umfram skuldbindingar. Af stærstu sjóðunum er staða Lífeyrissjóðs verslunarmanna sterkust en sjóðurinn á 8,6% umfram skuldbindingar.

„Lífeyrissjóðir án ábyrgðar atvinnurekenda eru í góðri tryggingafræðilegri stöðu,“ segir Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða. Samkvæmt lögum ber lífeyrissjóðum að endurskoða réttindi sjóðfélaga fari tryggingafræðileg staða þeirra yfir 10% af skuldbindingum í hvora átt sem er. Sé staðan 5-10% fimm ár í röð þarf einnig að endurskoða réttindi. Verði ávöxtun góð á næstu árum má því gera ráð fyrir að réttindi í mörgum sjóðum verði aukin.



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

**Tryggingafræðileg staða almennra lífeyrissjóða**

| | |
|---|---|
| 2011 | -4,9% |
| 2012 | -3,7% |
| 2013 | -2,3% |
| 2014 | 0,1% |
| 2015 | 3,2% |

**Lífeyrissjóðir án ábyrgðar atvinnurekenda eru í góðri tryggingafræðilegri stöðu.**

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða

Umræða er innan lífeyrissjóðanna um hvort breyta eigi aðferðafræði við útreikning á lífslíkum. „Það er ljóst að breytingar á því hafa áhrif á sjóðina og í framhaldinu þarf að ákveða til hvaða mótvægisaðgerða þarf þá að grípa.“

Í dag eru lífslíkur metnar jafnar, en lífslíkur kynslóðanna eru ekki þær sömu og markast umræðan af því að meta lífslíkur ertt milli kynslóða. Þórey segir að stóra málið nú sé jöfnun lífeyrisréttinda milli einkamarkaðar og opinbers markaðar, en fyrir Alþingi liggur nú slíkt frumvarp. „Það væri mikið framfaraskref að ná einu samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem myndi auka til muna sveigjanleika á vinnumarkaði,“ segir Þórey.

hafliði@frettabladid.is

# Í hópi svölustu vörumerkja

Vörumerki Icelandic Group, Saucy Fish Co, var valið eitt af svölustu vörumerkjum Bretlands.

Árlega er gefinn út listi undir merkinu „CoolBrands“ og er þetta í fjórða sinn í röð sem Saucy Fish Co er valið í hópinn.

Valið fer þannig fram að 36 dómarar úr hópi sérfræðinga og áhrifafólks og 2.500 manns úr hópi neytenda velja vörumerkin sem hljóta heiðurinn. Samkeppnin er hörð og um sæmdartitilinn keppa þúsundir vörumerkja úr 50 geirum verslunar og framleiðslu.




Vörumerkið Saucy Fish Co nýtur hylli meðal sérfræðinga og almennings í Bretlandi.

Undir merkjum Saucy Fish Co eru seldir kældir sjávarréttir tilbúnir til eldunar fyrir neytendur. Vörumerkið vegur ekki þungt í heildarsölu Icelandic Group, en hefur átt vaxandi vinsældum að fagna meðal neytenda í Bretlandi.

Haft er eftir formanni dómnefndar á heimasíðu félagsins að vörumerkið sýni hugkvæmni og frumleika. Vörumerkið geri vöruna lokkandi sem leiði til þess að neytendur velji vöruna frekar en vöru keppinautanna.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 78271 01/2016




ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?
Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.
ICELANDAIR




Við hugsum öðruvísi. Menning Svíþjóðar og loftslag hefur mótað okkur. Kannski er það ástæðan fyrir því að fólk hefur alltaf skipt okkur mestu máli. Alveg frá árinu 1927 hefur útgangspunktur okkar verið fólk. Við höfum fundið upp nýjungar sem gera Volvo bíla meðal þeirra öruggustu í heimi með þægindum sem gera aksturinn áhyggjulausan. Við höfum einnig gert þá betri fyrir umhverfið. Framtíðarsýn okkar er að frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi með framúrskarandi öryggi, skandinavískum lúxus og sparneytni. Volvo á Íslandi - Brimborg.

# Tuttugufalt hraðari tengingar frá 2007

**Netsjónvarp, fullkomnari snjallsímar, fjölskyldumyndbönd og myndir í skýi. Allt kallar þetta á hraðari aðgang og meiri gagnaflutninga. Þróunin er líka hröð og kröfur neytenda vaxa hratt. Nú stendur 1.000 megabita tenging til boða.**

Frá og með síðustu mánaðamótum býður Gagnaveita Reykjavíkur upp á 1 gígabits tengingu til heimila eða 1.000 megabit yfir ljósleiðara. Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitunnar, segir þetta mikla byltingu, en áður var mest hægt að fá 500 megabit og algengar tengingar eru 100 megabit. Þessi breyting nær til þeirra 77 þúsund heimila sem nú þegar tengjast ljósleiðara Gagnaveitunnar.

„Það er mikil eftirvænting hjá fjarskiptafyrirtækjunum að bjóða upp á þessa þjónustu," segir Erling og líkir breytingunni við að akreinum í Ártúnsbrekkunni yrði fjölgað í 10 í hvora átt. „Þetta er þjónusta sem stendur öllum sem tengjast ljósleiðaranum til boða," bætir hann við, en bendir á að þeir sem fengu tengibox fyrir árið 2012 gætu þurft að endurnýja það fyrir svo hraða tengingu.

En er einhver þörf á þessu? kynni einhver að spyrja. Erling svarar því til að þeim tækjum á heimili sem tengjast neti fari ört fjölgandi. Hvert þessara tækja tekur til sín gagnamagn og það hefur áhrif á önnur tæki. „Notendur finna mikinn mun á hraða og snerpu, þó venjulegt heimili taki ekki til sín mikið af gögnum." Hann bendir á að þróun sjónvarpstækni, þar sem mynd- og hljóðgæði verða sífellt meiri, taki til sín mikinn flutning gagna. „Ég get tekið dæmi af mínu eigin heimili, þar sem ég er með 23 tæki tengd við netið og enn að bætast við."

**Það eru í raun engin takmörk á ljósleiðaranum sjálfum og það er góð tilfinning.**

Erling Freyr Guðmundsson

Erling bendir á til dæmis að með hverri kynslóð farsíma aukist þörfin verulega. „Við viðurkennum fúslega að við erum á undan og við segjum að með þessum hraða séum við tilbúin fyrir næstu kynslóð síma." Hann bætir við að þörfin vaxi hratt. „Netflix og sjónvarpssendingar í háskerpu ásamt geymslu gagna svo sem myndaalbúms fjölskyldunnar í skýi og upphleðsla myndbanda á Facebook gerir það að verkum að fólk vill sífellt hraðari tengingar."

Erling segir að kosturinn við ljósleiðarann sé sú að hann geti vaxið áfram með breytingu á endabúnaði. „Það eru í raun engin takmörk á ljósleiðaranum sjálfum og það er góð tilfinning. Gagnaveitan er öflug vél fyrir þjónustufyrirtækin á fjarskiptamarkaði og við erum bara spennt að sjá hvernig þau nýta möguleikana."

haflidi@frettabladid.is




Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur, segir í raun engin takmörk á hraða tenginga yfir ljósleiðara. Frá síðustu mánaðamótum er 1.000 megabita tenging í boði.







# Ábyrgð stjórnarmanna



**Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir**
fjárfestir

Hlutabréfaviðskipti Katrínar Olgu Jóhannesdóttur, stjórnarmanns í Icelandair hf., vöktu heldur betur athygli mína síðastliðinn föstudag. Katrín Olga selur 400.000 hluti í Icelandair hf. eða stærstan hluta stöðu sinnar í félaginu. Í fyrstu var ég undrandi en síðar reið. Reið vegna þess að Katrín Olga er stjórnarmaður í Icelandair og þar með skilgreindur fruminnherji í félaginu. Hún selur í félaginu á síðasta degi 3. ársfjórðungs sem hefur sögulega verið stærsti og mikilvægasti fjórðungur Icelandair og 28 dögum áður en uppgjör félagsins verður birt. Það hefur tíðkast hér á landi og er algengt erlendis að hjá skráðum félögum séu skilgreind ákveðin tímabil, söluglugginn (e. trading window), þar sem innherjum er heimilt að kaupa og selja bréf. Sá viðskiptagluggi er yfirleitt stutt tímabil eftir að ársfjórðungsuppgjör hefur verið birt því þá hefur markaðurinn verið upplýstur um verðmetandi upplýsingar og situr við sama borð og skilgreindir fruminnherjar.

**Sést hvar hagsmunir liggja**

Í stóru skráðu fyrirtæki eins og Icelandair væri eðlilegt að reglulegir stjórnarfundir væru á eins til tveggja mánaða fresti og séu fundir ekki haldnir einhverra hluta vegna ættu stjórnarmenn að vera vel upplýstir um rekstrarþróun félagsins með mánaðarlegri skýrslugjöf til stjórnar. Starfi stjórn Icelandair með eðlilegum hætti ætti enginn vafi að leika á því að Katrín Olga átti viðskipti með bréf sín í Icelandair á sama tíma og fyrir lágu innherjaupplýsingar. Það breytir engu hvort uppgjör félagsins á 3. ársfjórðungi verði á áætlun eða með fráviki því stjórn og aðrir fruminnherjar eru einir um að vita það. Hverjar sem reglur fyrirtækisins eru þá er það alltaf á ábyrgð viðkomandi að eiga ekki viðskipti þegar fyrir liggja innherjaupplýsingar.

Telji hún sig ekki hafa búið yfir innherjaupplýsingum þá blasir við önnur og enn verri mynd, en það væri að stjórn Icelandair væri ekki að vinna vinnuna sína og væri einfaldlega ekki upplýst um framgang og þróun félagsins á 3. ársfjórðungi. Hvort sem um ræðir þá er það algjörlega óásættanlegt fyrir hluthafa félagsins. Henni sem stjórnarmanni í félaginu ber að hafa hagsmuni félagsins að leiðarljósi umfram eigin hagsmuni. Útskýringar hennar sjálfrar um að hún hafi þurft að selja því hún sé að byggja sér sumarbústað eru of lýsandi um hvar hagsmunir hennar liggja.

Því miður kemur þetta mér ekki mikið á óvart og í mínum huga var þetta bara spurning um tíma, hvenær upp kæmi hagsmunaárekstur milli atvinnustjórnarmanna og annarra hagsmunaaðila hjá skráðum félögum.

**Ekki góðir stjórnarhættir**

Áhersla ákveðins sérhagsmunahóps á innleiðingu góðra stjórnarhátta, að hluta, í íslenskt atvinnulíf hefur verið áberandi á síðustu misserum. Ég tala um innleiðingu að hluta því hugmyndafræðin um góða stjórnarhætti er góð en birtingarmynd þeirra og áherslur hér á landi bera þess merki að valið hafi verið úr það sem þótti henta. Til hefur orðið ný starfsgrein, sem ég vil kalla atvinnustjórnarmenn, sem náð hefur að markaðssetja réttlætingu þess að lífeyrissjóðir tilnefni viðkomandi í stjórn á grundvelli þess að vera það sem kallað er „óháður". Þetta sama fólk situr oft í mörgum stjórnum ásamt því að vera í fullu starfi og virðast sumir fagfjárfestar sætta sig við að þetta sé eitthvert aukastarf sem krefjist ekki mikils tíma og vinnuframlags. Samhliða hafa stjórnarlaun í skráðum félögum hækkað um allt að 70% milli ára og eru meðalstjórnarlaun um kr. 280.000 á mánuði og oft tvöfalt það fyrir formann stjórnar. Ég hef áhyggjur af því að stór hluti stjórna skráðra félaga á Íslandi verði samsettar af fólki sem skortir tíma, hefur takmarkaða framtíðarsýn á reksturinn, er með litla þekkingu á því sviði sem fyrirtækið starfar á og lætur eigin hagsmuni ganga framar hagsmunum fyrirtækisins.

**Útskýringar hennar sjálfrar um að hún hafi þurft að selja því hún sé að byggja sér sumarbústað eru of lýsandi um hvar hagsmunir hennar liggja.**

Á sama tíma sjáum við áherslur í samsetningu stjórna hjá stórum erlendum fyrirtækjum vera að þróast í aðra átt. Þar er mikil áhersla lögð á að samsetning stjórna leiði saman fólk sem geti náð árangri saman (e. effective boards) og lagt er upp úr samspili árangurs og ábyrgðar í stjórnarherberginu (e. effectiveness and accountability in the boardroom). Það á alltaf að vera meginmarkmið að fyrirtækin nái sem bestum árangri, hvernig sem sá árangur kann að vera skilgreindur af hluthöfum félagsins. Það að starfa eftir góðum stjórnarháttum er jafn sjálfsagt og að fara eftir lögum og reglum í landinu og hefur að mínu mati ekkert með óhæði stjórnarmanna að gera heldur vegur þar þyngra persónur, þekking, reynsla og samsetning stjórnar.

Mér, sem hluthafa í Icelandair hf. og fjárfesti á íslenskum hlutabréfamarkaði, finnst ég geta gert þá kröfu að fólk sem tekur sæti í stjórnum skráðra íslenskra fyrirtækja og fer þar meðal annars fyrir öðrum hagsmunum en sínum eigin, viti betur en svo að selja, í félagi þar sem það situr í stjórn, á síðasta degi ársfjórðungsins, það eru ekki góðir stjórnarhættir.





# Slakaðu á

## Láttu okkur sjá um prentreksturinn

HP PageWide Pro

### Prentrekstrarlausnir fyrir bæði stór og smá fyrirtæki

Opin kerfi getur séð um allan rekstur prentumhverfisins sem inniheldur m.a. HP PageWide Pro prentara, rekstrarvöru og alla þjónustu ásamt vöktun sem tryggir að pappír og blek er sent þegar lágmarksstöðu er náð. Fyrir þessa þjónustu og alla rekstrarvöru er greitt fast blaðsíðuverð* á samningstímanum.

### Ný PageWide prenttækni frá HP tryggir:

- Hraðvirkari útprentun, allt að 70 bls. á mínútu.
- Ódýrari rekstur, minni bilanatíðni.
- Öruggari prentun með HP JetAdvantage.
- Umhverfisvænni prentun með betri nýtingu.
- Auðveldari áætlunargerð og kostnaðareftirlit.

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is./prentrekstur**

*Blaðsíðuverð fer eftir samsetningu samnings og tekur breytingum eftir lengd samnings og hvaða búnað hann inniheldur.

Opin Kerfi
– allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is




Forystufólk úr sjö stærstu stjórnmálaflokkum landsins tók þátt í pallborði um áherslumál sín í atvinnulífinu á fundi Samtaka iðnaðarins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vilja kjósa um ESB

**Fulltrúar sjö stærstu stjórnmálaflokka landsins, utan Sjálfstæðisflokksins, vilja að þjóðin kjósi um áframhaldandi viðræður um inngöngu í Evrópusambandið.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Stærstu stjórnmálaflokkar landsins telja að efnahagslegur stöðugleiki, fjölbreyttur orkuiðnaður í sátt við umhverfi, og menntun og nýsköpun séu mikilvægustu áherslumálin er varða atvinnulífið. Þetta kom fram á fundi Samtaka iðnaðarins í gær.

Samtökin hafa lagt fram sex málefni sem skipta atvinnulífið og þar með fólkið í landinu miklu máli.

Skiptar skoðanir voru um framtíð krónunnar, hvort myntráð, upptaka evru eða önnur tól í peningastefnu væru lausnin. Jóna Sólveig Elínardóttir, fulltrúi Viðreisnar, talaði fyrir myntráði og sagði að mikilvægt væri að hugsa ekki um lausn hverju sinni heldur líta til stöðugleika til lengri tíma. Össur Skarphéðinsson benti þá á að skýrsla Seðlabankans væri búin að afgreiða myntráð sem ekki besta kostinn, enda væri hann of áhættumikill. Langtímamarkmiðið í stöðugleika væri að taka upp evru Smári McCarthy taldi ákjósanlegt að notast við fastgengisstefnu til að ná því markmiði.

Pólitísk samstaða var að mestu um að lækka tryggingargjald, en svo voru skiptar skoðanir um auðlindagjald á fundinum. Fulltrúar allra flokkanna, utan Sjálfstæðisflokksins, sögðust vilja að þjóðin kjósi um áframhaldandi viðræður um inngöngu í Evrópusambandið Teitur Björn Einarsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sagði þó þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort við göngum inn eða ekki vera mjög álitlega.

Forystufólkið var sammála um nauðsyn á innviðauppbyggingu, hins vegar voru skiptar skoðanir um fjármögnun hennar, hvort fjármagna ætti uppbyggingu úr ríkiskassanum, með einkaframkvæmd eða blandaðri leið.

Markaðurinn hefur tekið saman helstu skoðanir flokkanna á málefnunum sem tekin voru fyrir á fundinum, sem og sex málefni Samtaka iðnaðarins.

saeunn@frettabladid.is

## Sex málefni sem skipta atvinnulífið máli samkvæmt SI

**1. Efnahagslegur stöðugleiki**
- Rekstur fyrirtækja og heimila þrífst best við stöðugleika í verðlagi og gengi.

**2. Húsnæði**
- Frá árinu 2009 hefur fjöldi fullgerðra íbúða verið langt undir þörfum markaðarins. Skortur er á ýmsum tegundum húsnæðis.

**3. Menntun**
- Menntun og þekking fólks á öllum sviðum er forsenda aukinnar framleiðni, velferðar og verðmætasköpunar.

**4. Samgöngur og innviðir**
- Þrátt fyrir myndarlegan hagvöxt síðustu ára er fjárfesting í landinu enn of lítil. Innviðafjárfestingar styðja við alla aðra uppbyggingu.

**5. Orka og umhverfi**
- Fyrirtæki eru í lykilstöðu til að bæta nýtingu auðlinda og minnka sóun. Með því að styrkja uppbyggingu fyrirtækja á þessu sviði má leggja stoðir undir sterka atvinnugrein sem fylgir grænni tækni.

**6. Nýsköpun**
- Drifkraftur verðmætasköpunar og gjaldeyrisöflunar fyrir land og þjóð. Nýsköpun styrkir alla framþróun og því er mikilvægt að unnið sé stöðugt að fjölbreyttri nýsköpun í öllum atvinnugreinum.

## Lilja Alfreðsdóttir, Framsóknarflokki



**Áherslumál af sex málum SI:** Efnahagslegur stöðugleiki og aukin áhersla á nýsköpun.
**Framtíð krónunnar:** Vantar umboð þjóðarinnar áður en farið er að skoða aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru.
**Ísland í ESB:** Við erum til í þjóðaratkvæði um hvort við göngum inn í Evrópusambandið.
**Skattar og fyrirtæki:** Lækka tryggingargjaldið, einfalda regluverk og skapa nýja hvata.
**Innviðauppbygging:** Þörf á að gera betur í innviðauppbyggingu og vera með langtímasýn, þarf að klára að ljósleiðaravæða allt landið og setja meira í vegakerfið.

> **Við erum búin að sjá núna gríðarlegan vöxt í útflutningi á hugverkaiðnaði. Þetta er ekki takmörkuð auðlind, þetta er sá iðnaður sem við viljum sjá börnin okkar vinna í í framtíðinni og við eigum að hlúa að honum.**

**Fjármagn til uppbyggingar innviða:** Blönduð fjármögnun, til dæmis með samstarfi við lífeyrissjóði og önnur lönd.

## Smári McCarthy, Pírötum



**Áherslumál af sex málum SI:** Menntun og efnahagslegur stöðugleiki.
**Leið að efnahagslegum stöðugleika:** Einbeita okkur að því að flytja út verðmætari varning. Búa til alvöru plön um að laga samkeppnishæfni okkar og krónuna.
**Framtíð krónunnar:** Eina peningastefnan sem hefur skilað okkur hagvexti er fastgengisstefna. Lausnin er eins og hjá Króatíu að hafa lausbindingu við aðra gjaldmiðla.
**Ísland í ESB:** Til í þjóðaratkvæði um áframhaldandi viðræður.
**Skattar og fyrirtæki:** Eðlilegt gjald sé tekið af orku og auðlindum, laga gallana í skattkerfinu, uppræta svindl, stöðva kennitöluflakk, þunna eiginfjármögnun.

> **Verðbólguviðmiðin í dag eru ekki að virka nógu vel. Ég held að lausnin eigi að vera eins og hjá Króatíu, að hafa lausbindingu við aðra gjaldmiðla.**

**Innviðauppbygging:** Þarf að byggja upp innviðina í landinu, samgöngur, ferðamannastaði, rafmagn og ljósleiðarasamband.
**Fjármögnun til innviðauppbyggingar:** Grunnþjónusta hjá hinu opinbera, uppbygging ferðamannastaða má vera í höndum einkaaðila.

# SPUNI ER HÆTTULEGT SPORT

**Steiney Skúladóttir** leikkona hefur ekki hugmynd um hvað hún ætlar að segja eða gera á sviðinu í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Improv Ísland hefur hafið sýningar aftur.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Spuni er aðferð til þess að búa til grín út frá ákveðnum reglum. Nánast allir sem eru í gríni í dag í Bandaríkjunum eins og Amy Poehler, Tina Fey, Will Farrell og þau í Saturday Night Live, eru með þennan bakgrunn. Dóra Jóhannsdóttir lærði þessa aðferð úti í New York og kom með til Íslands. Við höfum æft okkur síðustu þrjú ár,“ segir Steiney Skúladóttir, leikkona í Improv Ísland, en sýningar hópsins hefjast aftur í kvöld í Þjóðleikhúskjallaranum eftir sumarlangt hlé.

Hvernig gengur þessi spunaaðferð fyrir sig?

„Við fáum orð úr sal og út frá því búum við til hálftíma spuna. Við vitum aldrei hvað við erum að fara að segja eða hvað við erum að fara að gera. Þetta er hættulegt sport, maður er berskjaldaður fyrir framan áhorfendur sem fylgjast með en markmiðið er að útkoman sé eins og allt sé skrifað fyrirfram,“ segir Steiney.

„Sumir halda að það sé óþægilegt að koma að sjá okkur, halda að við séum að fá áhorfendur upp á svið og svoleiðis en það er alls ekki þannig og við erum orðin drullugóð í þessu,“ segir hún sposk. Viðurkennir samt að það taki á taugarnar að hafa ekki nokkra hugmynd um hvað á að segja eða gera á hverju augnabliki, fyrir framan fullan sal af fólki.

„Þetta er stress, en skemmtilegt fyrir áhorfendur. Þó við kveljumst á sviðinu þá á þeim að líða vel. Samspilið við áhorfendur skiptir miklu máli, ef fólk hlær að einhverju grípum við það og tökum það lengra. Það verður til miklu nánara samband milli áhorfenda og okkar á sviðinu. Áhorfendur vita að við vitum ekkert hvað við ætlum að gera, þeir fylgjast með okkur mála okkur út í horn og aftur til baka. Það verða miklu meiri töfrar fyrir vikið. Við notum einnig mismunandi form, Haraldurinn er eitt, Söngleikjaspuni annað og svo kallast eitt formið Martröð leikarans. Þá fáum við leikara til að mæta og flytja texta úr sýningu sem hann er í, á móti spunaleikara sem veit ekki um hvað sýningin er en þarf að giska á sínar línur. Hilmir Snær og Jóhanna Vigdís mæta í Martröðina í kvöld og þá mætir Aron Mola Snapchat-meistari og segir sannar sögur úr eigin lífi út frá orði úr sal sem við spinnum svo sýningu út frá. Það er eitt að geta leikið en góður spunaleikari þarf að vera snöggur að hugsa til þess að geta látið allt saman ganga upp.“

Sýningar Improv Ísland fara fram alla miðvikudaga og föstudaga í október og nóvember.

> Sumir halda að það sé óþægilegt að koma að sjá okkur, halda að við séum að fá áhorfendur upp á svið og svoleiðis en það er alls ekki þannig. Steiney Skúladóttir



Steiney Skúladóttir leikkona segir spunaleik stórhættulegt sport og veit ekkert hvað hún mun segja á sviðinu í kvöld. Sýningar Improv Ísland hefjast í kvöld. MYND/ERNIR

## JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 22. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólunum.

**Áhugasamir hafi samband við:**

**Jón Ívar Vilhelmsson**
Sími/Tel:
+354 512-5429
jonivar@365.is

**Jóhann Waage**
Sími/Tel:
+354 512-5439
johannwaage@365.is

**Atli Bergmann**
Sími/Tel:
+354 512-5457
atlib@365.is

**Ólafur H. Hákonarson**
Sími/Tel:
+354 512-5433
olafurh@365.is



# FYRIRTÆKI Í ÖRUM VEXTI TIL SÖLU

**SKERPING EHF. KYNNIR** Kristmann Þór Einarsson, eigandi Skerpingar í Kópavogi, rekur nú umsvifamikið fyrirtæki sem sérhæfir sig meðal annars í innflutningi á sagarblöðum, handfræsitönnum og bandsagarblöðum auk þess að veita sérhæfða og persónulega þjónustu. Kristmann er kominn á aldur og ætlar þess vegna að selja fyrirtækið.

Skerping rekur öfluga verslun samhliða því að veita góða skerpiþjónustu.

### 120 FM VERSLUN

Verslunin er 120 fm með yfir 80 gerðir af hjólsagarblöðum, yfir 50 gerðir af tifsagarblöðum, fjölda handfræsitanna, dósaborasett, þrepaborasett, bandsagarblöð, prófílsagarblöð, alls konar formtennur og fræsihaka í miklu úrvali.

### 110 FM VÉLASALUR

Inn af verslun er 110 fm vélasalur með yfir 20 skerpivélum. „Við þjónustum flest stærstu fyrirtæki landsins og erum til dæmis með þjónustusamning við álver Alcoa. Skerping býður einnig upp á allar alhliða skerpingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki,“ segir Kristmann.

Skerping byrjaði smátt. Leigði 40 fm skúr í Skeifunni þar sem Víðir er í dag en færði svo út kvíarnar. Skerping ehf. er rótgróið fyrirtæki sem stendur við Smiðjuveg 11 í Kópavogi. Þar hefur Kristmann staðið vaktina í rúm þrjátíu ár. „Ég er bæði lærður húsasmiður og húsgagnasmiður og tók meistarann fyrir fjórutíu árum, eins og menn gerðu þá, með fullri vinnu,“ segir Kristmann, sem stofnaði Skerpingu árið 1982. „Ég hef alltaf haft gaman af málmsmíði og þar sem skerping á blöðum er þjónusta við þær iðngreinar, húsgagna- og húsasmíði, sem ég er menntaður í, gat ég sameinað þessi áhugamál mín.

> Það er gaman að skilja við fyrirtækið í vexti og blóma og vonandi vill einhver taka við keflinu.
>
> Kristmann Þór Einarsson

Í sjálfvirkri segulplanvél skerpum við allt að 315 sentimetra langar tennur og svo er ég að smíða alls konar tennur fyrir tréiðnað og við sinnum ýmsum verkefnum sem koma inn á borð til okkar,“ segir Kristmann og bætir við að tennur frá honum hafi verið notaðar til að gera skrautlista í Iðnó og Ráðhúsið svo dæmi séu tekin. Kristmann hefur látið framleiða fyrir sig sagarblöð og margt fleira erlendis sem byggir á reynslu hans og þekkingu á faginu.

„Ég er kominn á þann aldur að mig langar að einbeita mér að áhugamálunum mínum og barnabörnunum,“ segir Kristmann og bætir við að hann muni auðvitað sakna þess að sinna fyrirtækinu. „Það er samt gaman að skilja við fyrirtækið í vexti og blóma og vonandi að einhver finni sig í því að taka við.“



Skerping ehf. er rótgróið fyrirtæki sem stendur við Smiðjuveg 11 í Kópavogi. MYNDIR/GVA


Í versluninni, sem er 120 fermetrar að stærð, er fjölbreytt vöruúrval.


Kristmann stendur hér í vélasalnum sem er vel tækjum búinn.

# GEIMVERUR OG UNGLINGAVEIKI

Barnabókmenntahátíðin **Úti í mýri** hefst á morgun. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá þar sem m.a. er upplestur, málþing og vinnustofur. Heiðursgestur hátíðarinnar er Guðrún Helgadóttir og verður lokadagurinn helgaður henni.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Vatnsmýrin í Reykjavík mun iða af lífi og fjöri næstu daga þegar barnabókmenntahátíðin Úti í mýri leggur undir sig Norræna húsið dagana 6.–9. október.

Sigríður Ásta Árnadóttir er verkefnisstjóri hátíðarinnar og lofar hún fjölbreyttri dagskrá sem inniheldur m.a. reyksápukúlur, morðóðar mannætugeimverur, rapp, appskáldsögu og unglingaveiki. „Þetta er áttunda hátíðin og hún hreiðrar betur um sig hér í Norræna húsinu með hverju skiptinu. Húsið er frábært í alla staði og hér er gott að halda barnabókmenntahátíð.“

Dagskráin er fjölbreytt og þar ætti fólk á öllum aldri að finna eitthvað við sitt hæfi. „Þar má nefna málþing, vinnustofur og skemmtilega og fróðlega upplestra. Við kynnum og prófum æsispennandi appskáldsögu í smíðum sem tengir norræna goðafræði og loftslagsbreytingar en gagnvirkar bókmenntir geysast nú fram á sjónarsviðið.“

### FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Þekktir erlendir gestir taka þátt í hátíðinni auk þess sem fjöldi innlendra og erlendra rithöfunda les upp úr verkum sínum og heldur rit- og myndsmiðjur fyrir börn. Heiðursgestur hátíðarinnar í ár er engin önnur en Guðrún Helgadóttir og verður lokadagur hátíðarinnar helgaður henni.

„Meðal erlendra gesta eru danski rithöfundurinn Kenneth Bøgh Andersen sem er meðal annars frægur af bókum sínum um Antboy. Breski listamaðurinn Anthony Browne mætir líka en hann er hálfgerð goðsögn í heimi myndabóka. Einnig má nefna Martin Widmark frá Svíþjóð en sögur hans um Spæjarastofu Lalla og Mæju hafa verið þýddar á íslensku. Þeir lesa upp úr verkum sínum eða halda vinnustofur fyrir börn ásamt því að taka þátt í málstofum um barnabókmenntir.“

Þekktir, íslenskir höfundar laða alltaf að þegar þeir lesa upp að sögn Sigríðar Ástu og ekki sé hægt að kvarta yfir áhugaleysi á málþingum hátíðarinnar. „Þar munu höfundar og fræðimenn spá og spekúlera og íslenskt barnabókafólk fær tækifæri til að kynnast erlendum kollegum og verkum þeirra frá fyrstu hendi.“

Af íslensku höfundunum nefnir hún þau Ragnhildi Hólmgeirsdóttur og Arnar Má Arngrímsson. „Þau eru bæði tilnefnd til Barna- og unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs þetta árið fyrir bækur sínar Koparborgina og Sölvasögu unglings. Arnar Már mun síðan halda sérstaka rapp- og rímnasmiðju fyrir unglinga.“


Sigríður Ásta Árnadóttir er verkefnastjóri hátíðarinnar. MYND/EYÞÓR

### Í TAKT VIÐ TÍMANN

Lokadagurinn verður sem fyrr segir helgaður rithöfundinum ástsæla Guðrúnu Helgadóttur. Þar munu Silja Aðalsteinsdóttir, Katrín Jakobsdóttir og Gunnar Helgason spjalla við Guðrúnu um verk hennar og feril og leikin verður tónlist úr leiksýningunni Sitji guðs englar. „Guðrún er orðin 82 ára gömul og gneista af henni gáfurnar og kímnin. Hún hafði náttúrulega mikil áhrif á mína kynslóð og gaf okkur rödd í bókmenntunum. Og þetta var bara byrjunin á ferli hennar, hún hélt áfram að skrifa frábærar bækur, svo íslenskar, hnyttnar og fallega raunsæislegar, alltaf alveg í takt við tímann. Þetta eru sögur sem taka á alvöru málefnum og sem börn hafa getað speglað sig í, þekkt sjálf sig í sögupersónunum og tilfinningalífi þeirra, sögur sem gera lesandann að betri og þroskaðri manneskju. En svo dásamlega lausar við að vera nokkuð þurrar og predikunarsamar.“

Eftirtaldar stofnanir og samtök standa að hátíðinni: IBBY á Íslandi, SÍUNG (Samtök barna- og unglingabókahöfunda), Rithöfundasamband Íslands, Háskóli Íslands, Borgarbókasafn Reykjavíkur og Norræna húsið.

**Ókeypis er inn á alla viðburði nema málþingin. Nánari upplýsingar má finna á www.myrin.is, Facebook og á Twitter (@myrinfestival).**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367
Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433




ÓSTÖÐVANDI ORKA

NÝTT

# ÉNERGIE DE VIE

NÝTT ORKUGEFANDI OG ANDOXANDI ORKUSKOT FRÁ LANCÔME




**LIQUID CARE FORMÚLAN*:**
30 lauf af 100% náttúrulegri franskri Melissu (Hjartafró) - bólgueyðandi.
100 mg af Goji berjum - andoxandi.
250 mg af seyði úr rótum Gentiana lutea plöntunnar - orkugefandi.

**ALLT Í EINNI VÖRU.**
Ferskt eins og vatn, öflugt eins og serum og rakagefandi eins og krem.

Kynntu þér málið á lancomeiceland

#madeofenergy

*Hver 50 ml flaska inniheldur jafngildi þessa af einstökum olíum og/eða seyði.

# LANCÔME DAGAR

## Í LYFJU 5. - 7. OKTÓBER.

# 20%

## AFSLÁTTUR AF LANCÔME




**SVEIGJANLEGUR EYELINER**
Sveigjanlegur eyeliner sem gerir ásetningu frá innri- að ytri augnkrók mjög auðvelda.

**GRANDIÔSE EXTRÊME MASKARI**
Mikil þykking og auðveld notkun með svanshálsburstanum™.

**GLÆSILEGIR KAUPAUKAR AÐ HÆTTI LANCÔME,**
þegar þú kaupir Lancôme vörur fyrir 8.900 kr. eða meira.

**Tilboðið gildir í Lyfju Lágmúla, Smáratorgi, Smáralind og Laugavegi**

LYFJA
– Lifið heil

# STALDRAÐ VIÐ Í LJÓÐINU

**Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir** hefur skrifað alls kyns texta frá því hún var barn. Á morgun kemur út hennar fyrsta ljóðabók, Skýjafar. Ljóðin í henni mynda nokkurs konar ferðalag en skáldið vill að hver og einn túlki ljóðin á sinn hátt.

Skýjafar er fyrsta ljóðabók Jónu Kristjönu Hólmgeirsdóttur og kemur hún út á morgun en hún er hluti af seríu Meðgönguljóða, bókaflokki Partusar sem helgaður er nýjabruminu í íslenskri ljóðlist. Í bókinni er samansafn ljóða sem Jóna Kristjana hefur ort á síðustu tveimur til þremur árum en hún byrjaði að vinna að henni í janúar í fyrra. „Þá safnaði ég saman því sem ég hafði verið að gera áður og bætti við nýju efni. Bókinni er ritstýrt af Sigurlín Bjarneyju Gísladóttur og það var ótrúlega gott fyrirkomulag. Það myndaðist mikið traust á milli okkar, hún kenndi mér margt og þetta var lærdómsríkt ferli. Þetta er í fyrsta skipti sem ég gef út ljóðabók þannig að ég vissi ekki út í hvað ég var að fara,“ lýsir Jóna Kristjana.

### LJÓÐIN GEYMA MARGT

Ljóðin í Skýjafari eru þrettán í heildina og segir skáldið að þegar upp er staðið myndi þau eins konar ferðalag. „Ef ég ætti að lýsa einhverju heildarþema bókarinnar, þá er þetta ferðalag innra með mér en ég vil að hver túlki það á sinn hátt. Ég lít á þetta sem ákveðið uppgjör við tímabil í mínu lífi og þá má líta á að það hefjist á einum tímapunkti og ljúki síðan á öðrum. Það má líka segja að þetta séu brot úr lífinu sem safnast saman og þegar upp er staðið mynda þau kannski eina heild og sýna ferðalag.“

Titill bókarinnar vísar einnig til þess að sögn Jónu Kristjönu. „Ský eru alltaf á hreyfingu fyrir ofan okkur en þau skilja líka eftir eitthvað sem er jafnvel ósýnilegt. Eins og þegar við upplifum ást eða ástarsorg, þá skilur hún eitthvað eftir sig þó við sjáum það ekki endilega. Ljóðin hjálpa okkur að staldra við og líta til baka, þannig að þau geta geymt margt,“ segir hún íbyggin.

> Eins og þegar við upplifum ást eða ástarsorg þá skilur hún eitthvað eftir sig þó við sjáum það ekki endilega. Ljóðin hjálpa okkur að staldra við og líta til baka, þannig að þau geta geymt margt."
>
> Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir

### INNBLÁSIN AF NÁTTÚRUNNI

Jóna Kristjana segist hafa skrifað mikið síðan hún byrjaði að lesa sem var mjög snemma. „Ég var algjör bókaormur þegar ég var lítil og fannst gaman að ljóðum sérstaklega. Ég byrjaði að gera rímljóð þegar ég var barn og gat dundað mér við það heilu dagana. Þegar ég var unglingur uppgötvaði ég atómljóð og fór að gera þannig ljóð. Í bókinni sem ég gef út núna eru einmitt bara atómljóð en það er það sem ég hef mest verið að fást við að undanförnu en ég skrifa annars alls konar texta.“

Innblástur að ljóðunum og textunum sækir Jóna Kristjana mikið til náttúrunnar. „Ég er mjög tengd náttúrunni en líka borginni, ég er mjög hrifin af Reykjavík og hún gefur mér mikinn innblástur. Einnig fólkið í kringum mann og allar tilfinningar sem maður upplifir, vinir og vinamissir, ást og ástarsorg.“

### LANGAR AÐ PRÓFA PRÓSA

Jóna Kristjana er í BA-námi í íslensku og ritlist sem hún stefnir á að klára og langar svo að sækja um í framhaldsnámi í ritlist. „Ég er líka að reyna að halda áfram að skrifa fyrir sjálfa mig og mig langar að prófa að breyta um form. Í öllum ljóðunum í þessari bók einbeiti ég mér mikið að því að meitla tungumálið og tálga það þannig að það verði tært. Mig langar að sleppa fram af mér beislinu og gera meira af prósatextum og sjá til hvernig það gengur, hver veit nema það verði önnur bók úr því,“ segir Jóna Kristjana og brosir.

Útgáfu Skýjafars verður fagnað annað kvöld í Mengi klukkan átta en þar verður líka fagnað útkomu tveggja annarra ljóðabóka í seríu Meðgönguljóða, Vertu heima á þriðjudag, eftir Berg Ebba Benediktsson, og Hamingjan leit við og beit mig, eftir Elínu Eddu Þorsteinsdóttur. Það kostar tvö þúsund krónur inn en með greiddum aðgangseyri fylgir ljóðabók að eigin vali.



**Fyrsta ljóðabók Jónu Kristjönu, Skýjafar, kemur út á morgun.** MYND/GVA


Barnaverndarþing 2016

# ÖRYGGI BARNA NÝ HUGSUN - NÝ NÁLGUN

Föstudaginn 7. október 2016 í Gullteig á Grand Hótel kl 8:00 – 17:00

Dagskrá:

- **Setning þingsins**
  Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson
- **Ávarp**
  Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu
- **Risk assessment and management for families living with domestic violence – state of the art**
  Nicky Stanley, prófessor í félagsráðgjöf og stjórnandi The Connect Centre for International Research on Interpersonal Violence and Harm í Háskólanum í Central Lancashire
- **Children living with domestic violence in the UK - Making early help work?**
  Lorraine Radford, rannsóknarprófessor í félagsráðgjöf og félagslegri stefnumótun og stjórnandi The Connect Centre for International Research on Interpersonal Violence and Harm í Háskólanum í Central Lancashire
- **Innleiðing lögreglu á áhættumati fyrir ofbeldi í nánum samböndum**
  Guðrún Sesselja Baldursdóttir, embætti ríkislögreglustjóra
- **Panelumræða um ólíka nálgun við íhlutun vegna heimilisofbeldis**
  Fulltrúar frá barnaverndarnefndum, lögreglu, Barnaverndarstofu og Barnahúsi
- **Kynning á stuttmyndinni Tölum um ofbeldi**
  Sigþrúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins
- **The Quality of Silence**
  Matthew McVarish, leikari, leikskáld og aðgerðasinni

**Sýning á mynd *Matthew McVarish* To Kill a Kelpie á RIFF kl. 18:00 í Bíó Paradís.**
Frítt fyrir ráðstefnugesti meðan húsrúm leyfir

Nánari upplýsingar og skráning á www.bvs.is

BARNAVERNDARSTOFA

# VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR FRAMLENGJUM VIÐ

## „ALLT INNIFALIÐ“ TILBOÐIÐ Á ÖLLUM LEGSTEINUM.



nr. 116-5

**188.100 KR.**
FULLT VERÐ: 306.700 KR.

*Einn spörfugl fylgir*



nr. 2042

**149.000 KR.**
FULLT VERÐ: 276.600 KR.



nr. 2046

**270.220 KR.**
FULLT VERÐ: 408.900 KR.



nr. 2006

**265.420 KR.**
FULLT VERÐ: 402.900 KR.



nr. 104

**329.420 KR.**
FULLT VERÐ: 482.900 KR.



nr. 113

**297.420 KR.**
FULLT VERÐ: 442.900 KR.



nr. 2021

**304.620 KR.**
FULLT VERÐ: 451.900 KR.



nr. GS1002

**539.900 KR.**
FULLT VERÐ: 746.000 KR.



nr. 118

**313.420 KR.**
FULLT VERÐ: 462.90 0 KR.




STÆRÐ
H. 27 CM.
BR. 30 CM.

**VERÐ KR. 79.900,-**
INNIFALIN ÁLETRUN.

## GÆLUDÝRASTEINAR

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

ATH. AÐEINS TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI.

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

**Graníthöllin**
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

# ÓDÝRUSTU BORGARFERÐIR HAUSTSINS

Haustið er tími borgarferða. Margir vilja prófa eitthvað nýtt en einnig þykir kostur ef verðlagið er skaplegt enda gott og gaman að gera vel við sig í mat og drykk svo ekki sé talað um innkaupaferðir. Breska póstskrifstofan Post Office sem gerir reglulega úttektir á ferðakostnaði fann út hvaða tíu borgir er ódýrast að heimsækja á haustmánuðum.*

## 1. VILNÍUS Í LITHÁEN 21.200 KRÓNUR



## 2. BÚDAPEST Í UNGVERJALANDI 21.500 KRÓNUR



## 3. PRAG Í TÉKKLANDI 22.800 KRÓNUR



## 4. VARSJÁ Í PÓLLANDI 23.400 KR.



## 5. AÞENA Í GRIKKLANDI 24.100 KR.



## 6. MOSKVA Í RÚSSLANDI 25.000 KR.



## 7. RÍGA Í LETTLANDI 25.400 KRÓNUR



## 8. TALLINN Í EISTLANDI 26.000 KRÓNUR



## 9. KRAKÁ Í PÓLLANDI 27.000 KRÓNUR



## 10. LILLE Í FRAKKLANDI 27.800 KRÓNUR



*Við útreikning kostnaðar er gert ráð fyrir tveggja nátta dvöl á þriggja stjörnu hóteli fyrir tvo. Aðgangur að góðum söfnum, skoðunarferð með rútu, tveggja daga samgöngukorti, skutli til og frá flugvelli og þriggja rétta máltíð fyrir tvo ásamt vínflösku og fleiri drykkjarföngum. Kostnaður við flugfargjald er ekki í þessum útreikningum.
*Heimild: telegraph.co.uk*


KOMIÐ Í VERSLANIR



Guli miðinn styrkir Bleiku slaufuna.
200 kr. af hverju bleiku glasi renna til styrktar Bleiku slaufunni.



Spítalinn okkar



Landssamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala

**Málþing landssamtakanna Spítalinn okkar**

Fimmtudaginn
**6. október 2016**
**kl. 16.00**
á Hótel Natura.

**Icelandair Hótel Reykjavík Natura við Reykjavíkurflugvöll**

SPÍTALINN OKKAR

**Spítalinn rís**

**Setning:**
*Anna Stefánsdóttir, formaður stjórnar Spítalans okkar*

**Fyrirlestrar:**
***Uppbygging Landspítala - tímamót við Hringbraut.***
*Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala*

***Við og spítalinn.***
*Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar*

***Hringbrautarverkefnið á fullri ferð.***
*Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri NLSH*

**Lokaorð:**
*Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi*

**Fundarstjóri:**
*Garðar Garðarsson, lögmaður*

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Vélar og verkfæri




## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Nudd

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Námskeið

**SCHOOL OF ICELANDIC**

**ÍSLENSKA F. ÚTLENDINGA**
ICELANDIC I , II, III ENSKA f. fullorðna/ ENGLISH f. Adults. Byrja/Start: 10/10, 7/11, 5/12, 9/1. Morgna/ Síðdegi / Kvölds. Morn/Afternoon/ Evening. 4 vikur x 5 daga - 4 weeks x 5 days. 1-5 nem/1-5 students - www.iceschool.is- ff@icetrans.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## Ýmislegt

Hef til sölu gamlar bækur, prentaðar á Íslandi. Fróðleikur úr öllum áttum. Áhugasamir hafi samband í síma 5671411/8951411.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI**
150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu til 1. nóv. Reglusemi hetið. Upplýsingar í s. 6113868

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VEITINGA OG SKEMMTISTAÐURINN BOSTON REYKJAVIK**
óskar eftir fólki til starfa á bar og í eldhús. Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri. Fyrri reynsla æskilega, þó ekki nauðsynleg.
**Áhugasamir sendi okkur póst á boston28b@gmail.com**

**VEITINGARHÚSIÐ HORNIÐ**
Óskar eftir að ráða pizzabakara í 70-100% starf. Ferilskrá sendist á: hornid@hornid.is

## Atvinna óskast

Traust fyrirtæki óskar eftir smiðum og/eða undirverktökum í fjölbreytt starf. Reliable construction company is looking for cunstruction workers or employees. Sími/info:7733376. Mail:frikkisol@gmail.com

# Erum með starfsfólk í eftirfarandi störf

## BYGGINGARIÐNAÐUR
## Hjólbarðaverkstæði

**Smiðir - Pípulagningamenn- Múrarar Málarar - Járnbindingamenn og aðrir verkamenn. Lagermenn og Dekkjamenn.**

**Erum með starfsfólk í jafnt skammtíma sem og langtímastörf. Viku reynslutími á allt starfsfólk.**

**Allt okkar starfsfólk nýtur allra þeirra starfs- og mannréttinda sem eru í gildi á Íslandi.**

Verkleigan
vinna@verkleigan.is

**S:780-1000**



**atvinna**

## Langar þig að vinna á fjörugum vinnustað?

**Við leitum að þjónustufúsu fólki í afgreiðslu og önnur tilfallandi störf á þjónustustöðvar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum.**

Viðkomandi þurfa að vera liprir í mannlegum samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp. Reynsla af þjónustustörfum er kostur.

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is** – merkt framtíðarstörf.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Framúrskarandi fyrirtæki | Jafnlaunavottun VR | N1

**EIGNAumsjón**

## Húsvarsla

**Við leitum að** dugmiklum og ábyrgðum starfsmanni til að sinna daglegum rekstri, minniháttar viðhaldi og almennri húsvörslu í einu glæsilegasta skrifstofu- og atvinnuhúsnæði Reykjavíkur.

**Starfið felst í** umhirðu og umsjón sameiginlegra svæða, bílageymslu, bílastæða og lóðar. Viðkomandi mun jafnframt sinna minniháttar viðhaldi og viðgerðum á húseigninni auk þess að aðstoða og leysa af umsjónarmann fasteigna.

**Kostur að** umsækjendur hafi einhverja reynslu af þátttöku í húsumsjón s.s. smíðum, viðhaldi, þrifum o.þ.h. Áhersla er lögð á reglusemi, snyrtimennsku, dugnað og fagmennsku. Góð laun eru í boði fyrir réttan aðila.

**Umsóknarfrestur er til og með 9. október nk.,** en gengið verður frá ráðningu sem allra fyrst.
Vinsamlega sendið umsóknir í netfangið starfsumsokn@eignaumsjon.is

## Össur Skarphéðinsson, Samfylkingu

**Áherslumál af sex málum SI:** Efnahagslegur stöðugleiki.
**Leið að efnahagslegum stöðugleika:** Upptaka evru.
**Framtíð krónunnar:** Á móti myntráði þar sem sú leið sé of áhættusöm. Með upptöku evru.
**Ísland í ESB:** Til í þjóðaratkvæði um framtíð aðildarviðræðna.
**Skattar og atvinnulíf:** Innheimta meira af peningum frá stórútgerðinni, hækka veiðigjald, lækka tryggingargjald.
**Innviðauppbygging:** Nauðsynleg innviðauppbygging.
**Fjármögnun innviðauppbyggingar:** Mjög til í blandaðar leiðir, ákveðnir innviðir þurfa að vera fjármagnaðir af ríkinu, t.d. útrýming einbreiðra brúa af hringveginum. Sundabraut má fjármagna með gjöldum eins og tvöföldun Hvalfjarðarganga, lífeyrissjóðurinn getur komið að fjármögnun borgarlínu og léttlestakerfis á höfuðborgarsvæðinu.

**Það er langtímamarkmið að taka upp evruna og þá skiptir mestu máli að finna fjöldahreyfingu sem öll hefur það að sameiginlegu markmiði að hafa þjóðaratkvæði um hvort við eigum að halda áfram viðræðum.**



## Teitur Björn Einarsson, Sjálfstæðisflokknum

**Áherslumál af sex málum SI:** Nýsköpun og menntun.
**Framtíð krónunnar:** Þetta þarf að vera í stöðugri þróun. Evra og myntráð hafa sína kosti og galla en við erum ekki á þeim stað ennþá til að gera stórar breytingar.
**Ísland í ESB:** Til í kosningu um hvort við förum inn.
**Skattar og fyrirtæki:** Lækka skatta á fólk, lækka tryggingargjaldið, ennþá svigrúm til að fella niður óskilvirka skatta, taka sérstaklega til skoðunar fjármagnstekjur, skoða virðisaukaskattskerfið, laga til í þessum frumskógi sem er gjöld og skattar á bensín, orku og bifreiðar.
**Innviðauppbygging:** Núna erum við betur fær um að sinna þessu, það þarf að bæta vegakerfið, tvöfalda vegi frá Reykjavík, byggja upp Keflavíkurflugvöll og raforku. Ekki hægt að gera allt í einu til að valda ekki þensluáhrifum.
**Fjármögnun innviða:** Blönduð leið.



**Sjálfstæðisflokkurinn mun halda áfram á þeirri braut sem við höfum verið á, að lækka skatta á fólk.**

## Katrín Jakobsdóttir, Vinstri grænum

**Áherslumál af sex málum SI:** Orkumálin og loftslagsmálin.
**Framtíð krónunnar:** Jákvætt að fá umræðu um myntráð og evru. Gjaldmiðill er fyrst og fremst tæki.
**Ísland í ESB:** Til í þjóðaratkvæði um framtíð aðildarviðræðna við ESB og fagnar að fleiri séu til.
**Skattar og atvinnulíf:** Lækka tryggingargjald, litlar breytingar á skattlagningu fyrirtækja, aukinn auðlindaréttur til þjóðarinnar.
**Innviðauppbygging:** Innviðir þurfa að vera í lagi til að ungt fólk geti valið sér staðsetningu á því hvar það vill búa og starfa.
**Fjármögnun innviðauppbyggingar:** Bætt skattframkvæmd og bætt skattheimta. Einkaframkvæmd í lagi í afmörkuðum framkvæmdum, en almennt á hið opinbera að koma að því.

**Við erum að tala um mat að skattaundanskot á Íslandi séu 80 milljarðar, ef þeir myndu allir skila sér til samfélagsins þá þyrftum við ekki að ræða þetta.**



## Jóna Sólveig Elínardóttir, Viðreisn

**Áherslumál af sex málum SI:** Efnahagslegur stöðugleiki.
**Leið að efnahagslegum stöðugleika:** Myntráð. Að mati Viðreisnar myndi þetta lækka vexti, gera verðtrygginguna óþarfa, draga úr hagsveiflu og lækka verðlagið.
**Framtíð krónunnar:** Myntráð.
**Ísland í ESB:** Kjósa fyrst um áframhaldandi viðræður, ef þær halda áfram kjósa þá um inngöngu.
**Skattar og fyrirtæki:** Einfalda skattkerfið og gera það skilvirkara, grænir skattar, sanngjarnt gjald fyrir afnot af náttúruauðlindum.
**Innviðauppbygging:** Nauðsynlegt að ráðast í innviðauppbyggingu og þarf að skoða það mjög vel.
**Fjármögnun innviða uppbyggingar:** Skoða blandaða leið þegar kemur að vegakerfinu.



**Ég held að við höfum ekki tíma til að bíða með þetta. Þetta er eitthvað sem við ættum að hrinda í framkvæmd á tveimur árum, það getur allt breyst.**

## Þórunn Pétursdóttir, Bjartri framtíð

**Áherslumál af sex málum SI:** Orkumálin.
**Framtíð krónunnar:** Björt framtíð er alþjóðlega sinnað og frjálslynt afl. Flokkurinn styður inngöngu í ESB. Eigum að vinna að langtímamarkmiði í efnahagsmálum.
**Ísland í ESB:** Til í þjóðaratkvæði um framtíð aðildarviðræðna.
**Skattar og atvinnulíf:** Auðlindaréttur til þjóðarinnar, að fyrirtæki borgi fyrir það sem þau nýta.
**Innviðauppbygging:** Við vitum að innviðakerfið hér er í rúst, ekki einungis vegirnir og heilbrigðiskerfið, önnur kerfi eru einnig fjársvelt, til dæmis skólakerfið; háskólar, leikskólar og grunnskólar landsins.

**Við eigum að vinna að langtímamarkmiðum og hugsun eins og Kínverjar, er það ekki það sem við þurfum að temja okkur?**




Stefnir Samval
20 ára
1996 - 2016



Í sparnaði getur munað um hvert ár

**Stefnir-Samval á 20 ára afmæli!**

Stefnir-Samval er einn elsti og fjölmennasti fjárfestingarsjóður landsins, með yfir 4.000 viðskiptavini. Ef þú vilt byggja upp þinn sjóð til lengri tíma getur verið góð hugmynd að byrja með reglulegan sparnað, 5.000 krónur á mánuði eða meira.

**Það er fljótlegt og einfalt að ganga frá því í netbanka Arion banka.**

Arion banki
– fyrir framtíðina

Stefnir-Samval er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011. **Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta**, svo sem hætta á að ekki verði um neina ávöxtun að ræða eða að höfuðstóll tapist. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð. Fjárfesting í fjárfestingarsjóðum telst almennt vera áhættusamari fjárfesting en í verðbréfasjóðum. Meiri áhætta er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þar á meðal nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu og lykilupplýsingum sjóðsins sem nálgast má á arionbanki.is/sjodir. Auglýsingin er aðeins í upplýsingaskyni og skal ekki litið á hana sem ráðgjöf um að ráðast í eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum. Sjóðurinn er í rekstri Stefnis hf. sem er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki. Stefnir hf. rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði skv. lögum nr.128/2011. Arion banki er helsti söluaðili sjóða Stefnis hf. sem er dótturfélag Arion banka.

ENDURMENNTUN KYNNIR:

THE FUTURE OF MARKET-BASED FINANCE

SHADOW BANKING REGULATORY CONCERNS

FIM. 13. OKTÓBER
9:00 - 17:00

MAKING BUSINESS SENSE OF INTEGRATED THINKING

FÖS. 14. OKTÓBER
9:00 - 12:00



KENNARI:
SZYMON RADZISZEWICZ
SÉRFRÆÐINGUR FRÁ NYU

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS





Guðný Helga Herbertsdóttir segir mestan frítímann fara í fjölskylduna, þau skíða og ferðast saman, auk þess sem hún kann að meta góð matarboð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hefur alltaf valið sér krefjandi störf

**Guðný Helga Herbertsdóttir tekur brátt við starfi markaðsstjóra VÍS eftir að hafa verið deildarstjóri samskiptadeildar Landspítala. Utan vinnunnar ver hún miklum tíma með fjölskyldunni á skíðum og ferðalögum og heldur matarboð.**

## SVIPMYND

**GUÐNÝ HELGA HERBERTSDÓTTIR**

Guðný Helga Herbertsdóttir var á dögunum ráðin markaðsstjóri VÍS og hefur störf þar eftir nokkrar vikur. Guðný Helga mun leiða markaðs- og ímyndarstarf VÍS sem og stefnumótun markaðsdeildar. Hún hefur að undanförnu gegnt stöðu deildarstjóra samskiptadeildar Landspítala, allt frá fyrri hluta árs 2015.

„Þetta er mjög spennandi, mig langaði að breyta til og færa mig meira yfir í markaðsmálin. En ég er þó þeirrar skoðunar að línan þarna á milli sé rosalega fín. Þú verður alltaf að horfa á það sem kemur frá stofnun og fyrirtæki sem eina heild hvort sem maður er almannatengill eða í markaðsdeild,“ segir hún.

Guðný Helga er með BS-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og mastersgráðu frá Viðskiptaháskólanum í Árósum í Danmörku. Áður var hún upplýsingafulltrúi Íslandsbanka þar sem hún leiddi einnig stefnumótun bankans í samfélagsábyrgð. Fyrir það starfaði hún um árabil sem fréttamaður og þáttastjórnandi hjá 365 miðlum.

> **Við höfum spilað mikið golf í gegnum tíðina, en forgjöfin fór hressilega niður þegar yngsta barnið bættist við.**
>
> Guðný Helga Herbertsdóttir

„Þetta er búinn að vera ævintýralegur tími hjá Landspítalanum og það eru forréttindi að fá tækifæri til að kynnast þjóðarsjúkrahúsinu eins vel og ég hef gert. Ég hef séð hluti og kynnst hlutum sem ég hefði annars ekki haft tækifæri til. Fólk sem vinnur í heilbrigðisgeiranum gerir það vegna hugsjónar og það verður öðruvísi ástríða í því,“ segir Guðný Helga.

Frá því að hún tók við starfinu á Landspítalanum hefur margt gengið þar á, hún segist þó ekki fara vegna mikils álags. „Ég hef alltaf valið mér þannig störf að það sé mikið að gera hjá mér. Ég var viðskiptablaðamaður í hruninu, ég vann hjá bönkunum eftir hrun og vann hjá Landspítalanum í gegnum verkföll. Álag á ekki illa við mig,“ segir hún.

Maður Guðnýjar Helgu er Pétur Rúnar Pétursson flugstjóri og eiga þau samtals fjögur börn. „Við erum með börn á öllum skólastigum í Garðabæ, þannig að það má segja að við séum að nýta útsvarið sem best,“ segir Guðný Helga kímin.

Utan vinnunnar fer því mikill tími í fjölskylduna. „Við erum með litla stelpu sem er þriggja ára þannig að það sem við gerum í frítíma okkar er mjög mikið fjölskyldutengt. Við höfum spilað mikið golf í gegnum tíðina, en forgjöfin fór hressilega niður þegar yngsta barnið bættist við. Svo höfum við farið á skíði og verið dugleg að ferðast. Einnig finnst okkur voða gott að hitta vini okkar, borða góðan mat og drekka gott vín,“ segir Guðný Helga.

**saeunn@frettabladid.is**

# Endurreisn alþjóðahagkerfisins of hæg

Í nýrri skýrslu spáir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn auknum hagvexti á næsta ári. AGS telur að hagvöxtur muni nema 3,4 prósentum árið 2017, samanborið við 3,1 prósent árið 2016. AGS varar þó við veiklyndi í alþjóðahagkerfinu.

Í frétt BBC um málið segir að AGS spái því að ákvörðun Breta um að yfirgefa Evrópusambandið muni hafa gríðarleg áhrif á næsta ári og hefur lækkað hagvaxtarspá sína fyrir Bretland um helming, niður í 1,1 prósent.

Aukinn hagvöxtur í Japan, Þýskalandi, Rússlandi og Indlandi mun þó vega á móti minni hagvexti í Bandaríkjunum, að sögn sjóðsins.

Í skýrslunni er varað við lélegum gangi hjá hagkerfum heimsins þar sem veikur vöxtur geti leitt til minni fjárfestingar og minni framleiðni, og það geti bitnað á mannauði.



**AGS telur að hagvöxtur muni nema 3,4 prósentum árið 2017, samanborið við 3,1 prósent árið 2016.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

AGS hefur í dag minni áhyggjur af Kína en áður, að minnsta kosti til skamms tíma litið. Vöxtur hefur verið stöðugur þar í landi. Hins vegar er varað við langtímaáhrifum af skuldum kínverskra fyrirtækja.

Forsvarsmenn AGS óttast orðræðu Donalds Trump, forsetaefnis Repúblíkanaflokksins í Bandaríkjunum, hvað varðar andstöðu við fríverslunarsamninga. Í skýrslunni segir að það að bakka til fyrri tíma hvað varðar viðskipti geti einungis ýtt undir og framlengt stöðnun í hagkerfi heimsins. **– sg**

# Lítill minnihluti stjórnenda er berdreyminn.

Gallup er fyrir alla hina.

GALLUP
TIL AÐ VERA VISS

Nýsköpun



Oddur Sturluson
verkefnastjóri

# Fjárfest í betri framtíð

Orkukerfi sem byggja á samþættingu og nýtingu umhverfisvænna orkugjafa hafa fengið aukinn byr í seglin á síðastliðnum árum. Í fyrra var sett met í hnattrænum fjárfestingum í nýtingu á endurnýjanlegri og hreinni orku – tæplega 30 billjónir íslenskra króna sem samsvarar rúmlega fimmtánfaldri vergri þjóðarframleiðslu Íslands. Heildarfjárfestingar hafa því fjórfaldast síðan 2004. Það vekur sérstaka athygli að nýiðnvædd ríki juku fjárfestingar í umhverfisvænum orkugjöfum um 19%, þrátt fyrir verðfall á hráolíu og kolum sem ætti að hafa verndað samkeppnisstöðu jarðefnaeldsneytis. Jafnvel Kína, sem hefur fengið mikla gagnrýni á síðustu árum vegna mengunar, jók sínar fjárfestingar um 17%.

Sögulegur árangur náðist á COP 21 ráðstefnunni í París í desember síðastliðnum, bæði í vitundarvakningu þjóða og alþjóðlegu samstarfi með aukinni áherslu á endurnýjanlega orkugjafa, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og orkuöryggi. Draumurinn um sjálfbæran, hnattrænan efnahag sem keyrist áfram á grænni orku hefur aldrei verið raunsærri. Slík bylting gerist þó ekki af sjálfu sér og byggist á óþrjótandi vinnu ráðamanna, vísindamanna og frumkvöðla.

Startup Energy Reykjavik er samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Arion banka, GEORG og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Um framkvæmd verkefnisins sjá Icelandic Startups og Íslenski jarðvarmaklasinn. Markmið verkefnisins er að efla og styðja við íslenska frumkvöðla og sprotafyrirtæki sem starfa í orkutengdum greinum.

Startup Energy Reykjavik er viðskiptahraðall (e. business-accelerator) þar sem sjö sprotafyrirtæki fá aðgang að ríflega 60 sérfræðingum í íslensku atvinnulífi. Um er að ræða þaulreynda einstaklinga sem veita þátttakendum ráð og endurgjöf og opna jafnvel á tengslanet sitt í þeim tilgangi að koma viðskiptahugmynd þeirra eins langt og mögulegt er á þeim tíu vikum sem verkefnið stendur yfir. Auk þess fá teymin aðgang að sameiginlegri vinnuaðstöðu þar sem þau fá tækifæri til að vinna með og læra af öðrum frumkvöðlum.

Bakhjarlar verkefnisins; Landsvirkjun, Arion banki, GEORG og Nýsköpunarmiðstöð Íslands fjárfesta jafnframt fimm milljónir króna í hverju fyrirtæki gegn 10% eignarhlut. Verkefninu, sem nú stendur yfir í þriðja sinn, lýkur með kynningum fyrirtækjanna tíu á verkefnum sínum fyrir fjárfestum þann 18. nóvember næstkomandi.

# Fyrsta vélmennið sem þjálfar borðtennis




FORPHEUS, fyrsta vélmennið sem þjálfar borðtennis, spilar á móti manni á CEATEC (Combined Exhibition of Advanced Technologies) ráðstefnunni í Japan í gær. Ráðstefnan hófst þann 4. október og stendur yfir fram til 7. október. Fjöldi vara var kynntur þar, meðal annars ný tegund af dróna, vélmenni, bílar og tölvuspeglar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Þyngdaraflið verður ekki hunsað – tilfelli Venesúela



Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Lengi vel lofsungu sósíalistar víða um heim Venesúela sem efnahagslega velgengnissögu. Flestir hagfræðingar vissu allan tímann að Venesúela var aldrei vel heppnað heldur tálsýn. Það sem leit út eins og velgengni var einungis hundaheppni sem skapaðist af viðvarandi miklum hækkunum á olíuverði á fyrsta áratug þessarar aldar (munið að Venesúela er eitt af stærstu olíuframleiðsluríkjum heims). Nú er það hins vegar augljóst, jafnvel fyrir hörðustu sósíalista, að „Bólivarsbyltingin“ í Venesúela hefur verið efnahagslegt og félagslegt stórslys.

Síðan 2013 hefur verg landsframleiðsla minnkað um næstum 20%, verðbólga hefur rokið upp og gæti vel orðið óðaverðbólga ef ríkisstjórn Maduros forseta breytir ekki fljótlega um stefnu. Venesúelski gjaldmiðillinn, bólívarinn, hefur hrapað og Venesúelamenn eru áfjáðir í að komast yfir gamla góða dollarinn.

**Óþægilegir útreikningar í peningahagfræði**

Evrópskir vinstrisinnar verja „Bólívarsbyltinguna“ og hafa bergmálað útskýringar Maduros forseta á efnahagsófönunum – það séu „vondir, gráðugir kapítalistar“ sem hækka verð og valda hinni miklu verðbólgu, og bandarísk stjórnvöld hafi á einhvern hátt „unnið skemmdarverk“ á venesúelska hagkerfinu.

Enginn hagfræðinemi þarf hins vegar að hugsa lengi um efnahagshrunið í Venesúela til að komast að þeirri niðurstöðu að þetta sé dæmi um það sem bandarísku hagfræðingarnir Thomas Sargent og Neil Wallace, í mjög frægri (á meðal hagfræðinga) grein árið 1981, kölluðu „Nokkra óþægilega útreikninga í peningahagfræði“.

> **Það sem leit út eins og velgengni var einungis hundaheppni sem skapaðist af viðvarandi miklum hækkunum á olíuverði.**

Kjarninn í röksemdum Sargents og Wallace var að verðbólga væri í grundvallaratriðum peningafyrirbæri en ef ríkisfjármálin yrðu ósjálfbær myndu skapast væntingar um að ríkisstjórnin myndi fyrr eða síðar neyða seðlabankann til að setja prentvélarnar af stað til að fjármagna fjárlagahallann og það í sjálfu sér myndi valda aukinni verðbólgu.

Og þetta er auðvitað einmitt það sem hefur átt sér stað í Venesúela. Jafnvel áður en olíuverðið byrjaði að lækka virtust ríkisfjármálin frekar ótraust vegna mikillar aukningar á opinberum útgjöldum og þegar olíuverðið byrjaði að lækka 2014 varð öllum mjög fljótt ljóst að ástand ríkisfjármála í Venesúela væri hörmulegt og þegar venesúelski seðlabankinn byrjaði í raun og veru að prenta peninga til að fjármagna sístækkandi fjárlagahalla þurfti engan snilling til að spá fyrir um mjög aukna verðbólgu.

**Að drepa venesúelska hagkerfið með því að skjóta sendiboðann**

Í stað þess að viðurkenna grunnvandann – algerlega ótraust ríkisfjármál – hafa venesúelsk stjórnvöld ákveðið að kenna „vondum bröskurum“ og „gráðugum kapítalistum“ um eymd landsins. Þess vegna hefur stjórnin tekið upp gríðarlega ströng verðlagshöft.

Aftur gæti hvaða fyrsta árs hagfræðinemi sem er sagt manni að ef maður tekur upp verðlagshöft og neyðir kaupmenn til að lækka verð undir það sem hefði verið markaðsverð, þá muni vörur fljótlega hverfa úr búðunum. Og það er auðvitað það sem gerðist.

Niðurstaðan er sú að ekki einu sinni sósíalistar geta hunsað hið hagfræðilega þyngdarafl. Fyrr eða síðar tekur raunveruleikinn við. Því miður er efnahagslegt og þjóðfélagslegt hrun Venesúela enn einn vitnisburðurinn um að sósíalismi endar alltaf með hörmungum.

# Þorum við að hafna einhverju?

Hin hliðin



Anna Björk Bjarnadóttir
framkvæmdastjóri
Expectus

Fyrirtæki taka sjaldnast nógu skýrt fram hverju er fórnað þegar ákveðnar áherslur eru valdar. Sérhver stefnumarkandi ákvörðun er aldrei farsælli en innleiðing hennar og reynslumiklir leiðtogar vita að það er ómögulegt að innleiða allt sem okkur langar til. Ástæðan er sú að ef innleiðing á að vera farsæl og ná alla leið þarf að laga skipulag, innviði, og ferla fyrirtækisins að þeim áherslum sem urðu ofan á. Það er ógerningur ef við veljum ekki eitthvað burt.

Treacy og Wiersema færa rök fyrir því með „The Value Discipline Model“ að fyrirtæki sem ná leiðandi stöðu á markaði leggi alltaf áherslu á að skapa virði fyrir viðskiptavini sína. Þeir lýsa því hvernig leiðtogarnir í hverjum geira á hverjum markaði hafa náð að skilgreina hvert mesta virðið er fyrir viðskiptavini á þeim markaði. Síðan móta þeir sterkt viðskiptamódel sem skilar mun meira virði til viðskiptavinarins en samkeppnin.

Fyrirtæki með afgerandi forystu á markaði gera það með því að skerpa fókusinn, ekki breikka hann. Þau ná markaðsyfirburðum með því að leggja áherslu á að vera framúrskarandi í einni af þremur meginvíddum til að hámarka virði fyrir viðskiptavininn. Sú fyrsta er viðskiptavinanánd (customer intimacy) – þar sem fókusinn er á að markhópagreina í þaula, að vita „allt“ um viðskiptavininn og hegðun hans til að geta skilað honum hnitmiðuðu hámarksvirði. Í öðru lagi er forysta í vöruþróun (product leadership), þar sem allt fyrirtækið er sérsniðið í kringum vöruþróun, viðskiptavinir þess upplifa mesta virðið í því að fá nýjar vörur og þjónustu. Þriðja víddin er framúrskarandi ferlastjórnun (operational excellence) sem tryggir skjóta áhyggju- og hnökralausa afhendingu á vöru með fókus á samkeppnishæft verð.

Rannsóknir sýna að framúrskarandi fyrirtæki velja og hafna. Þau velja að verða framúrskarandi í einni af þessum þremur víddum en halda samkeppnishæfni í hinum tveimur. Þannig ná þau forskoti á markaði sem aðrir eiga í stökustu vandræðum með að fylgja, því forystufyrirtækið lyftir jafnt og þétt væntingavísitölu markaðarins upp á hærra plan eftir því sem markaðurinn eltir.

Að hafa stefnuna það skýra að allir viti hvað trompar hvað á hverjum tíma auðveldar stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækjanna að ná hámarksárangri í vegferðinni að sameiginlegum sigri.

HEFST **ÞRIÐJUDAGINN** 11. OKT. **KL. 19:10** | 2 | FRÉTTIR

2016



Í OPINNI DAGSKRÁ Á **STÖÐ 2**

**KOSNINGAÞÆTTIR Á STÖÐ 2 KL. 19:10 ÞRIÐJUDAGA OG FIMMTUDAGA FRAM AÐ KOSNINGUM**

# ALÞINGISKOSNINGAR 2016

**Heimir Már Pétursson** og **Höskuldur Kári Schram** ræða við formenn allra flokka í hverju kjördæmi fyrir sig og fara yfir kosningamálin fyrir komandi þingkosningar.

**11. OKTÓBER**
Norðvesturkjördæmi

**13. OKTÓBER**
Norðausturkjördæmi

**18. OKTÓBER**
Suðurkjördæmi

**20. OKTÓBER**
Suðvesturkjördæmi

**25. OKTÓBER**
Reykjavíkurkjördæmin

**27. OKTÓBER**
Landið allt



365.is | Sími 1817

365

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 5. október 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.736,53 +2,64%
(+38,7)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti



Ráðgjafar Athygli ásamt Söru Alsen, framkvæmdastjóra Burson Marsteller á Norðurlöndum.

## Athygli alþjóðavæðist

Athygli hefur gerst samstarfsaðili almannatengslafyrirtækisins Burson Marsteller sem er eitt stærsta fyrirtækið á því sviði á heimsvísu með 73 skrifstofur og 85 samstarfsaðila sem samanlagt starfa í 110 ríkjum í sex heimsálfum.

Haft er eftir Kolbeini Marteinssyni, framkvæmdastjóra Athygli, að með samstarfinu fái fyrirtækið sterkari ásýnd meðal erlendra aðila sem vilji kynna sig á Íslandi og veiti að sama skapi íslenskum viðskiptavinum aðgang að víðtækari miðlun upplýsinga á heimsvísu.

Saga Burson Marsteller spannar yfir 60 ár og félagið þjónustar mörg af stærstu fyrirtækjum samtímans sem eru leiðandi á sínu sviði. Athygli var stofnað árið 1989 og er í dag stærsta almannatengslafyrirtæki landsins.

## Hlutabréf hækka

Vikan í Kauphöll Íslands byrjaði með látum. Úrvalsvísitalan hækkaði um liðlega 2,5% tvo daga í röð eftir skarpa lækkun í lok vikunnar. Icelandair Group hækkaði mest í gær, en félagið lækkaði mest allra félaga á föstudag, en hefur unnið þá hækkun til baka og gott betur.

JÓHANN GUNNAR JÓHANNSSON



## Nýr framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hefur ráðið Jóhann Gunnar Jóhannsson sem framkvæmdastjóra fjármálasviðs fyrirtækisins. Jóhann Gunnar starfaði áður sem fjármálastjóri og aðstoðarforstjóri Icelandic Group en þar á undan starfaði hann meðal annars hjá Bakkavör og Íslenskri erfðagreiningu sem forstöðumaður á fjármálasviði.

Jóhann Gunnar er löggiltur endurskoðandi og viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.

ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

## 18.342

STIG

FTSE 250 vísitalan í Bretlandi mældist 18.342 stig við lokun markaða í gær og hefur aldrei verið hærri. Í gær hækkaði hún um 158 stig eða 0,9 prósent. Vísitalan nær til 250 stærstu fyrirtækja Bretlands. FTSE 100 náði 17 mánaða hæð í gær, þrátt fyrir að gengi pundsins mældist í 31 árs lægð gagnvart bandaríkjadal.

## 25%

TEKJUSKATTUR

Framsóknarflokkurinn vill koma á 25 prósenta tekjuskatti upp að 970 þúsund krónum. Í Kastljósinu á mánudagskvöld sagði Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður flokksins, að ef allir borguðu 25 prósenta tekjuskatt upp að 970 þúsund krónum, 43 prósent umfram 970 þúsund krónur, væri hægt að ná fram sömu tekjum í ríkissjóð og í dag en einnig auka hagsæld og jöfnuð.

3.10.2016

**Fyrir frjálslyndan flokk sem vill stuðla að breytingum er ekki eftir miklu að slægjast í samstarfi við flokka sem líta á það sem meginhlutverk sitt að standa vörð um óbreytt ástand í þessum málaflokkum.**

Þorsteinn Víglundsson





# TIL HAMINGJU

## MEÐ SIGURINN Í PEPSI-DEILDINNI!




**STJARNAN ÍSLANDSMEISTARAR KVENNA 2016**



**FH ÍSLANDSMEISTARAR KARLA 2016**




*Ástríða fyrir íslenskum fótbolta*

pepsi

ENNEMM / SÍA / NM77629



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Páll Halldórsson**
Sléttuvegi 17, 103 Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum laugardaginn 1. október. Hann verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni mánudaginn 10. október klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Vífilsstaða fyrir góða umönnun og stuðning við fjölskylduna.

**Ragnheiður S. Jónsdóttir**
**Gunnar Pálsson** **Elín Snorradóttir**
**Sigrún H Pálsdóttir** **Eggert Bjarni Ólafsson**
**Halldór Pálsson**
**Ragnar K. Pálsson** **Latifa El Bassam**
**Kristín I. Pálsdóttir** **Ib Göttler**
**Sturla Pálsson** **Helga Jónsdóttir**
**Ragnheiður Pálsdóttir**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, fyrrverandi tengdaföður og afa,

**Þorsteins Jónssonar Þórhallssonar**
Dalbraut 20, Reykjavík,
áður Túngötu 2, Reyðarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólteigs á Hrafnistu í Reykjavík fyrir góða og hlýja umönnun.

**R. Nanna Björnsdóttir**
**Sigurbjörn Þorsteinsson** **Helga Sigurðardóttir**
**Þ. Unnar Þorsteinsson**
**Emilía Rigensborg**
**og barnabörn.**



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Lea Kristjánsdóttir**

lést á heimili sínu á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut 2. október síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 11. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Sigríður Jónatansdóttir** **Bergsveinn Þorkelsson**
**Örlygur Jónatansson**
**Ragnar Jónatansson** **Hugrún Gunnarsdóttir**
**Sigríður Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sighvatur Jónasson**

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ þann 27. september sl. Útför hans fer fram frá Áskirkju föstudaginn 7. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á líknarfélög.

**Valborg Lárusdóttir**
**Lárus Sighvatsson** **Ásta Egilsdóttir**
**Halldór Sighvatsson** **Lilja Pálsdóttir**
**Kristín Kjartansdóttir** **Sameh S. Issa**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Unnur Guðmunda Vilhjálmsdóttir**
Hvassaleiti 56, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 24. september sl. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 7. október kl. 15.00.

**Vilhjálmur Örn Sigurhjartarson** **Sigríður Auður Arnardóttir**
**Unnur Svala Vilhjálmsdóttir**
**Pálmi Jósef Sigurhjartarson** **Dagný Halla Björnsdóttir**
**Sigurhjörtur Pálmason, Arnaldur Pálmason,**
**Ólafur Bragi Pálmason**



Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

**Stefán Ásmundsson**
Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði,

andaðist 20. september á Sólvangi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðfinna Nikulásdóttir**
**Ásmundur Stefánsson**
**Nikulás Stefánsson**
**Ævar Stefánsson**
**Alfreð og Lana Elísabet**



Elsku eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, afi, tengdafaðir og bróðir,

**Knut Vesterdal**
Mánatúni 7, Reykjavík,

dó aðfaranótt föstudags, 30.09. 2016, heima með fjölskyldu sinni.

**Aðalheiður Svana Kjartansdóttir**
**Bjarni Klemenz Vesterdal** **Anna Guðný Gröndal**
**María Alexandra Vesterdal** **Chris Thorning Sørensen**
**Valdimar Leo Vesterdal**
**Björn Vesterdal** **Steinar Vesterdal**
**og barnabörn.**



Elsku faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigmundur Lelli Gunnarsson**

lést mánudaginn 3. október á Landspítalanum. Jarðarförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 8. október 2016 kl. 14.00.

**Róbert Rúnar Sigmundsson** **R. Guðrún Baldursdóttir**
**Sindri Már Sigrúnarson**
**Ómar Örn Sigmundsson** **Dagný Finnbjörnsdóttir**
**Aldís Eik Sigmundsdóttir** **Hólmbert H. Helguson**
**barnabörn og fjölskyldur.**



Eiginmaður minn, faðir okkar tengdafaðir og afi,

**Þorgrímur Ólafsson**
Byggðarholti 25, Mosfellsbæ,

lést þann 16. september á hjartadeild Landspítala. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum vinum og vandamönnum auðsýnda samúð.

**Anna H. Óskarsdóttir**
**Óskar I. Þorgrímsson**
**Vilhjálmur H. Þorgrímsson** **Hjördís Reykdal**
**Rakel Anna og Yngvi Ástmundur Óskarsbörn**
**Stefanía og Alexander Vilhjálmsbörn**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Gróa Guðmundsdóttir**
Álftártungu,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju föstudaginn 7. september kl. 14.

**Svanur Pálsson**
**Erna Pálsdóttir** **Pétur Jónsson**
**Birgir Pálsson**
**Steinunn Pálsdóttir** **Sigurður Þorsteinsson**
**Ásgerður Pálsdóttir** **Sturla J. Stefánsson**
**ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**



Ástkær móðir mín og dóttir okkar,

**Ragnheiður Guðjónsdóttir**
flugstjóri,
Lækjasmára 6, Kópavogi,

varð bráðkvödd á heimili sínu 24. september. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 6. október kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á reikning til stuðnings syni hennar. Reikningsnúmer 526-14-403532, kt. 141113-2750.

**Alexander Berg Ragnheiðarson**
**Sigríður Valdimarsdóttir og Guðjón Ólafsson**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Magnúsína Sigurðardóttir**
**(Bía)**
Vogatungu 89, Kópavogi,

verður jarðsungin í Kópavogskirkju föstudaginn 7. október kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild LSH í Kópavogi og Krabbameinsfélagið.

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson**
**Klara Sveinbjörnsdóttir** **Helgi Valgeirsson**
**Sigríður Sveinbjörnsdóttir** **Kim Brigit Sorning**
**Guðmundur Baldursson** **Lára Guðmunda Vilhjálmsdóttir**
**Hjördís Vilhjálmsdóttir** **Anton Sigurðsson**
**Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson** **Elsa Kristín Helgadóttir**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sveinbjörn Egilsson**
Aragerði 15, Vogum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 1. október. Útför hans fer fram frá Kálfatjarnarkirkju föstudaginn 7. október kl. 15.00.

**Hilmar Egill Sveinbjörnsson** **Áshildur Linnet**
**Vignir Sveinbjörnsson** **Guðný Helga Kristjánsdóttir**
**Eva Sveinbjörnsdóttir** **Torfi Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Elskulegur eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Viktor Ægisson**
húsgagnasmíðameistari,
Hverafold 20, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans á Hringbraut sunnudaginn 2. október. Jarðarför auglýst síðar.

**Guðrún Baldursdóttir**
**Ægir Viktorsson** **Sigríður Kjartansdóttir**
**Kristín Viktorsdóttir**
**Viktoría Unnur Viktorsdóttir** **Ingimar Óskar Másson**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Anna Jónsdóttir**
Vogatungu 45, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum þriðjudaginn 27. september verður jarðsungin frá Digraneskirkju, Kópavogi, fimmtudaginn 6. október kl. 13.

**Gunnsteinn Sigurðsson** **Dýrleif Egilsdóttir**
**Þorgerður Ester Sigurðardóttir** **Einar Ólafsson**
**Jón Grétar Sigurðsson** **Sveinbjörg Eggertsdóttir**
**Anna Sigríður Sigurðardóttir** **Guðni Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

**Páll Pálsson**
garðyrkjumaður,
Ránargötu 10, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 24. september. Útförin fer fram föstudaginn 7. október kl. 13 frá Fossvogskirkju. Þeim sem vilja minnast hans er bent á velferðarsjóð Hjálpræðishersins (reikn.nr. 513-26- 604761, kt. 450189-2789).

**Halldór Pálsson** **Björg Davíðsdóttir**
**Guðrún Margrét Pálsdóttir** **Hannes Lentz**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




FÁÐU ÞÉR **ÁSKRIFT!** 365.is

# **HVAÐA ÁSKRIFTARPAKKI** HENTAR ÞÉR?

## **Fjölskyldu** pakkinn

3
Krakkastöðin
Vild

**3.290 kr.**
110 kr. á dag

## **Skemmti** pakkinn

2
3
Krakkastöðin
Tónlist
2 MARAÞON
Vild
Friðindakerfi fyrir áskrifendur 365.
365 Sjónvarp 365 appið

**9.990 kr.**
333 kr. á dag

## **Sport** pakkinn

2 SPORT
MUTV
CHELSEA TV
LFC TV
EXTREME
MOTORS TV
EUROSPORT
EUROSPORT 2
NBA TV
sky NEWS
Vild
Friðindakerfi fyrir áskrifendur 365.
365 Sjónvarp 365 appið

**14.990 kr.**
500 kr. á dag

## **Stóri** pakkinn

2
2 SPORT
3
Krakkastöðin
Tónlist
2 MARAÞON
MOTORS TV
MUTV
CHELSEA TV
sky NEWS
NBA TV
LFC TV
EXTREME
EUROSPORT
EUROSPORT 2
Vild
Friðindakerfi fyrir áskrifendur 365.
365 Sjónvarp 365 appið

**19.990 kr.**
650 kr. á dag

## **Risa** pakkinn

365 Sjónvarp 365 appið

*Discovery Channel, Discovery World, ID Discovery, Animal Planet, Eurosport og Eurosport2 eru einungis í boði fyrir viðskiptavini með myndlykil frá 365 eða Símanum.

**22.990 kr.**
766 kr. á dag

PIPAR\TBWA · SÍA

**FÁÐU INTERNET MEÐ ÁSKRIFTARPAKKANUM Á AÐEINS 1.000 KR.***

*Gildir með öllum pökkum nema Fjölskyldupakkanum.

365.is | Sími 1817

365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Suðaustan 10-23 m/s, hvassast við suðvestur- og vesturströndina. Skúrir um landið sunnan- og vestanvert, en fer að rigna þegar líður á daginn. Skýjað með köflum og þurrt að mestu um landið norðaustanvert. Hiti 7 til 16 stig að deginum, hlýjast norðaustan til.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 13° |
| 9 | 9 | 10 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10° | 10° | 6° |
| 15 | 6 | 12 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 7° | 9° |
| 18 | 9 | 9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9° | 9° | 5° |
| 11 | 13 | 19 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skarð
6. fisk
8. líkamspartur
9. kóf
11. ónefndur
12. smápeningar
14. frækorns
16. öfug röð
17. sóða
18. efni
20. frá
21. handa

**LÓÐRÉTT**
1. tromma
3. eftir hádegi
4. skrá
5. stjórnar-umdæmi
7. úrræðis
10. útsæði
13. skel
15. aðrakstur
16. pota
19. umhverfis



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. geil, 6. ál, 8. hné, 9. kaf, 11. nn, 12. aurar, 14. sæðis, 16. on, 17. ata, 18. tau, 20. af, 21. arma.
**LÓÐRÉTT:** 1. páka, 3. eh, 4. innrita, 5. lén, 7. lausnar, 10. fræ, 13. aða, 15. safn, 16. ota, 19. um.

### Skák Gunnar Björnsson

Gauti Páll Jónsson (TR-b) átti leik gegn Ólafi Gísla Jónssyni (KR) á Íslandsmóti skákfélaga síðustu helgi.



**Hvítur á leik**

**23. Rgf5+!** (23. Rdf5+ leiðir til sömu niðurstöðu) . Svartur gaf enda mát eftir **23. ... exf5 24. Rxf5+ Kg8 25. Dh6.**

Skákfélag Selfoss og nágrennis leiðir í 3. deild. Hrókar alls fagnaðar eru í öðru sæti og b-sveit Reykjnesinga í því þriðja.

**www.skak.is:** Íslandsmót ungmenna næstu helgi.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Neshagi 7**
**3ja herbergja íbúð með aukaherb. í risi**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega falleg 83,4 fm. íbúð á 2. hæð í nýlega viðgerðu fjölbýlishúsi við Neshaga. Íbúðinni fylgir 9,1 fm. íbúðarherbergi í risi og 4,9 fm. sér geymsla í kjallara. Samtals er íbúðin því 97,4 fm. að stærð. Svalir til suðurs út af stofu. Nýtt parket er á íbúðinni og skipt var um alla ofna árið 2016. Húsið að utan var viðgert og steinað fyrir um 8 árum síðan. **Verð 39,9 millj. Verið velkomin.**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | | | | 9 | | | |
| 1 | 3 | 8 | | 4 | 7 | 2 | | |
| | 7 | | | | 1 | | 4 | |
| 6 | 4 | 1 | | | | 3 | | |
| | | 2 | | | | | | |
| 8 | | | | 2 | 5 | | 1 | |
| 7 | 8 | | | 1 | | | 9 | |
| | | | 9 | | | 8 | | |
| 9 | | 4 | 8 | | 2 | | 7 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 8 | | 2 | 1 | |
| | 2 | | 7 | | 4 | 3 | | |
| | 3 | | 5 | | | | | 9 |
| 9 | 4 | | | 2 | | | | |
| | | 7 | 3 | 4 | | | | |
| | 6 | | | | | | | |
| 6 | | | 1 | 7 | | 5 | | |
| 4 | | | | | | | | 1 |
| | 5 | | | | | 9 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 3 | 4 |
| 7 | | 6 | | | | 5 | 1 | |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| | 5 | 9 | 4 | | | | | 1 |
| | | | 9 | 3 | | 6 | | |
| | 2 | | | | | | | |
| | | | | 9 | | 7 | 4 | 2 |
| | | 5 | | 6 | | 9 | | |
| 3 | | | 8 | | 7 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 3 | 1 | 2 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 6 | 8 | 1 | 4 | 5 | 7 | 3 | 9 | 2 |
| 5 | 7 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 3 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 1 | 4 |
| 4 | 9 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 | 3 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 3 | 6 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 1 | 2 | 8 | 7 | 6 | 3 | 4 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 8 | 9 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 8 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 8 | 5 | 3 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 3 | 7 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 1 | 2 | 7 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 |
| 4 | 8 | 7 | 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 |
| 5 | 1 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 5 | 7 |
| 7 | 6 | 9 | 8 | 3 | 2 | 5 | 1 | 4 |
| 1 | 5 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 | 2 | 8 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 6 | 5 | 7 | 3 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Stilling
Varahlutir í bílinn
Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu
Rafgeymar
Smursíur
Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar
Tímareimar og vatnsdælur
Kúplingar
Demparar, gormar og stýrisendar
Hemlahlutir
Stilling
Allt fyrir bílinn
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# MENNING

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Valgerður Þóroddsdóttir segir að íslenskir útgefendur hafi vanrækt nýliðun íslenskra skálda og höfunda síðasta áratuginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ég ætla að skapa **nýja gullöld** íslenskra bókmennta

**Valgerður Þóroddsdóttir er ungt skáld sem leiddist út í útgáfustarfsemi af hreinni nauðsyn. Hún stendur nú frammi fyrir því að taka þátt í jólabókaflóðinu í fyrsta sinn, þrátt fyrir að hafa þegar umtalsverða reynslu af útgáfustörfum.**

Starf útgefandans á Íslandi hefur sjaldan þótt vera dans á rósum. Þrátt fyrir umtalsverðan bókmenntaáhuga þjóðarinnar þá er markaðurinn lítill, árstíðabundinn og erfiður. Það er því eftirtektarvert að ung kona skuli hafi afráðið að feta útgáfubrautina, en Valgerður Þóroddsdóttir, skáld og útgefandi, er í forsvari fyrir bókaforlagið Partus sem leggur nú á jólabókamiðin í fyrsta sinn.

**Gekk alltof vel**

Valgerður sem er alin upp í Bandaríkjunum fram til sautján ára aldurs er þó enginn nýgræðingur í útgáfustarfsemi enda upphafskona Meðgönguljóða sem komu fyrst fram á sjónarsviðið árið 2012. En Valgerður segir að forlagið Partus hafi í raun sprottið upp úr ljóðabókaseríunni Meðgönguljóð. „Þetta byrjaði sem samstarf milli mín, Sveinbjargar Bjarnadóttur og Kára Tulinius, en við Kári eigum fyrsta verkið í seríunni. Við höfðum verið að vinna saman að ljóðverki og vorum farin að líta í kringum okkur að útgefendum en datt bara ekkert í hug sem hentaði. Þessi sería óx upp úr þeim veruleika að það var ekkert pláss fyrir tilraunakennd eða styttri verk og því ákváðum við að láta verða af því að prófa þetta. Þegar við byrjuðum með Meðgönguljóð komum við í kjölfarið á Nýhil og þá var í raun ekkert að gerast. Þannig spratt þetta í rauninni af nauðsyn.

Markmiðið var einfaldlega að vinna þetta eins mikið og hægt var sjálf til þess að halda niðri kostnaði og sjá svo hvernig þetta gengi. Síðan má eiginlega segja að þetta hafi gengið allt of vel því viðtökurnar voru svo góðar. Fljótlega tóku síðan handritin að flæða inn og eftir það varð ekki aftur snúið.“

**Bara lenti í þessu**

Það er kostnaðarsamt að halda úti útgáfustarfsemi og Valgerður segir að framan af hafi þetta verið meira eins og dýrt áhugamál. „En ég er búin að vinna hörðum höndum að því að gera þetta sjálfbært, því að á einhverjum tímapunkti hefði ég annars gefist upp. Markmiðið var að það væru alltaf til peningar fyrir næstu útgáfu og þannig mætti halda þessu réttum megin við núllið. Þetta er náttúrulega fyrst og fremst hugsjónastarfsemi.

Fyrirkomulagið hefur líka verið þannig að ljóðskáldin sem gefa út hjá okkur fá ritstjóra og það er venjulega annað skáld sem tekur það að sér í sjálfboðavinnu. Skáldin eru sem sagt stundum að taka að sér handrit hvert hjá öðru og þetta getur reynst ákaflega hvetjandi. Það er svo auðvelt að upplifa sig út úr öllu en samt aðeins einu skrefi frá því að senda frá sér bók þannig að þessi hvatning er rosalega mikilvæg. Að skrifa getur verið einmanalegt starf og þess vegna er mikilvægt að skapa rými fyrir skáld og höfunda til þess að hittast, tala saman og deila því með öðrum sem maður er að fást við hverju sinni. Þannig að mjög stór hluti af því sem ég hef verið að fást við er að skapa þetta umhverfi og það hefur tekist mjög vel.“

**Hamlandi hefð**

Valgerður segir að hún hafi alltaf lesið mikið og haft ákaflega mikinn áhuga á tungumálinu. „Þetta var alltaf minn styrkleiki en ég ímyndaði mér aldrei að ég ætti eftir að enda í ljóðlist. Mér fannst gaman að lesa og var að auki með smá þráhyggju fyrir tungumálinu en ég held að ég hafi ekki lært að lesa ljóð fyrr en ég var orðin svona sautján ára gömul. Ljóðlistin getur átt það til að virka fráhrindandi á fólk og það eru margir sem telja að þeir kunni í raun ekki að lesa ljóð. Ég skil það mjög vel og það er eitt af því sem við höfum verið að vinna að í útgáfunni; að útskýra fyrir fólki hvað ljóðlist getur verið hversdagsleg og stór hluti af daglegu lífi.

Staðan á Íslandi er þó eflaust dálítið sérstök þar sem meðalmaðurinn er opnari fyrir ljóðlist og ég held að fleiri Íslendingar lesi ljóð en gengur og gerist í heiminum. En að sama skapi er mikið af þessum lesendum að halda sig mikið til við það hefðbundna og eru í raun ekki ýkja opnir fyrir nýjungum. Þannig að þessi sterka hefð á Íslandi getur óneitanlega verið soldið kæfandi fyrir þá sem vilja gera eitthvað nýtt í bókmenntum og þetta er eitthvað sem við höfum verið að vinna í. Hluti af því er að við leitumst við að kynna til leiks þá sem eru með bakgrunn utan þessarar hefðar að einhverju leyti eins og til að mynda fólk sem á foreldra sem eru ekki fæddir á Íslandi. Fólk sem er með annað tungumál inni í sínum reynsluheimi nálgast því íslenskuna á aðeins nýjan hátt.“

> JÁ, Í LOK OKTÓBER KEMUR ÚT SKÁLDSAGA EFTIR ARNGUNNI ÁRNADÓTTUR OG ÞAÐ ER HLUTI AF ÞESSARI VIÐLEITNI OKKAR TIL ÞESS AÐ KYNNA NÝJAR RADDIR INN Í BÓKMENNTAHEIMINN.

**Vanrækt nýliðun**

Partus er útgáfan sem í dag myndar regnhlífina yfir Meðgönguljóð, smásagnaseríuna og aðra útgáfustarfsemi. Nú í haust kemur fyrsta skáldsaga þessa unga forlags. „Já, í lok október kemur út skáldsaga eftir Arngunni Árnadóttur og það er hluti af þessari viðleitni okkar til þess að kynna nýjar raddir inn í bókmenntaheiminn. Það er jafn nauðsynlegt fyrir skáldsöguna og það er fyrir ljóðið og smásögurnar. Það má segja að ég sé að fara inn í jólabókaflóðið í fyrsta sinn með þessari útgáfu og ég er strax farin að finna fyrir því.“

Valgerður segir að hún stefni ótrauð að því að halda áfram að kynna til leiks unga og óþekkta höfunda á komandi árum. „Algjörlega. Það er áherslan enda er mikil þörf á því. Ef ég á að segja eins og er þá eru einhvern veginn allir sofandi á vaktinni hjá stóru forlögunum hvað þetta varðar. Það er ekki mikil spenna fyrir því að taka séns á einhverju nýju og það er eflaust vegna þess að það eru svo margir höfundar ennþá starfandi sem taka mikið pláss á litlum markaði. En nýliðun í bókmenntunum hefur verið mikið til vanrækt síðasta áratug að mínu mati og ég ímynda mér því alveg hiklaust að Partus sé að fara að skapa nýjustu gullöld íslenskra bókmennta,“ segir Valgerður og hlær.



*Gleymum ekki geðsjúkum*
eru einnkunarorð K-dagsins
www.kiwanis.is



# HJÁLPAÐU OKKUR AÐ HJÁLPA




## LYKILL AÐ LÍFI

Lykillinn kostar 2000 kr. og rennur allur ágóði af sölunni til Bugl og Pieta. BYKO sker út lykilinn og þú notar hann t.d sem húslykil. Vertu með lykil að lífi á þinni lyklakippu.

Söfnunarúmerið 908 1550

**SÉRSTAKIR STUÐNINGSAÐILAR ÁTAKSINS ERU:**

olís Vinur við veginn

BYKO GERUM ÞETTA SAMAN

SAMSKIP







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MAGNIFICENT 7 | 7:20, 10 |
| FRÖKEN PEREGRINE | 5:20 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5:20, 8 |
| EIÐURINN | 9, 10:30 |
| STORKAR 2D ÍSL.TAL | 5:20 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| DEEPWATER HORIZON VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 8 - 10:20 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 8 - 10:20 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 5:20 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSL TAL 2D | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:20 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 6 |
| STORKS ENSKT TAL | KL. 6 |
| SKIPTRACE | KL. 10:20 |
| SULLY | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 5:30 |
| SKIPTRACE | KL. 8 - 10:10 |
| SULLY | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| WAR DOGS | KL. 10:20 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:40 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:20 |
| SULLY | KL. 6:50 - 9 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 - 10:40 |
| THE MAGNIFICENT SEVEN | KL. 10:20 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. OKTÓBER

### Tónlist

**Hvað?** Lifandi tónlist
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Nóra Magasín
Reynir Snær spilar þægilega og skemmtilega djasstónlist fyrir bjórþyrsta og svanga gesti. Síðustu þrjú miðvikudagskvöld hafa íslenskir tónlistarmenn komið fram á Nóra Magasín og hefur myndast afar notaleg stemning á staðnum. Það eru allir velkomnir.

**Hvað?** Minningartónleikar, Hádegistónleikar „Þeir sem lutu í lægra haldi fyrir krabbameini“
**Hvenær?** 12.10
**Hvar?** Bústaðakirkja
Í hádeginu í dag verða haldnir tónleikar í Bústaðakirkju í minningu þeirra sem töpuðu stríðinu við krabbameinið. Yfirskrift tónleikanna er „Þeir sem lutu í lægra haldi fyrir krabbameini“. Á tónleikunum mun Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór og Jónas Þórir, kantor kirkjunnar, flytja fjölbreytta tónlist er kallast trúarleg eða „sacred aries“. Á meðal söngperla sem fluttar verða má nefna Ave Maria (Bach/Gonoud), Pieta Signore, Agnus dei, Næturljóð og Faðir vor, ásamt fleiri lögum. Enginn aðgangseyrir er á tónleikana. Allir velkomnir.

**Hvað?** Flutningalandið Ísland
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Harpa
Hver er framtíð Íslands sem tengipunkts milli Norður-Ameríku og Evrópu? Hvernig verður atvinnusvæðið Reykjavík árið 2040? Hvaða áhrif hefur ný tækni á flutninga til og frá Íslandi til framtíðar? Þessum og fleiri spurningum verður leitast við að svara á árlegu viðskiptaráðstefnunni Flutningalandið Ísland, sem er vettvangur þeirra sem starfa í flutningum og samgöngum og atvinnugreinum í innflutningi og útflutningi hér á landi. Á ráðstefnunni, sem nú er haldin í þriðja sinn, eru leiddir saman leiðtogar, stjórnendur og aðrir sérfræðingar til að ræða, fræðast um og móta þá framtíð sem blasir við í íslensku atvinnulífi með tilliti til flutninga og innviða þeirra.

**Hvað?** Blikktromman – Úlfur Úlfur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Blikktromman býður velkomna eina vinsælustu hljómsveit landsins og gest októbermánaðar, Úlf Úlf. Hljómsveitin Úlfur Úlfur er rappdúett sem hefur starfað síðan 2011. Meðlimir hljómsveitarinnar hafa mikla reynslu af fjölbreyttum tónlistarstefnum og skilar það sér í einstakri nálgun að rapptónlist. Innblásturinn er lífið sjálft, íslenskur veruleiki, óraunveruleiki og allt þar á milli.

**Hvað?** Magnús & Sölvi



Í dag verða haldnir tónleikar í Bústaðakirkju í minningu þeirra sem töpuðu stríðinu við krabbamein. Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór og Jónas Þórir, kantor kirkjunnar, flytja fjölbreytta tónlist.

**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Sölvi Kolbeinsson var nýverið kosinn bjartasta vonin í flokki djassog spunatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaununum og hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir einstakt músíkalitet. Magnús er einn af öflugustu tónlistarmönnum íslenskrar spunatónlistarsenu, hann er einn af meðlimum kvartettsins ADHD, er í hljómsveitunum Moses Hightower, amiinu og Kippa kanínusi og hefur spilað með fjölda annarra hljómsveita.

**Hvað?** Bubbi með kassagítarinn – Örtúr
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hveragerðiskirkja
Í byrjun október ætlar Bubbi að mæta með kassagítarinn á fjóra staði og spila nýtt efni ásamt eldra efni í bland. Það er langt síðan Bubbi hefur verið á ferðinni með kassagítarinn en af tilefni af því að hann er sextugur á árinu þá er ýmislegt á döfinni og er þessi örtúr hluti af því.



Borgarbókasafnið Gerðubergi býður upp á Lífsstílskaffi, Nýtum og njótum, Rakel Garðarsdóttir ræðir við gesti um matarsóun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Uppákomur

**Hvað?** Lífsstílskaffi | Nýtum og njótum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi
Talið er að þriðjungur þess matar sem framleiddur er í heiminum endi í ruslinu. Með því að draga úr matarsóun spörum við peninga og orku og hættum að vinna gegn náttúrunni. Við Íslendingar erum ekkert öðruvísi en aðrar þjóðir og sóum miklum fjármunum með því að henda mat – sem er fullkomlega ætur – beint í ruslið. Flestir væru sennilega til í að nýta peningana sína í eitthvað skemmtilegra. Rakel Garðarsdóttir las grein í dagblaði fyrir nokkrum árum um það hversu miklum mat er sóað í heiminum. Í kjölfarið fór hún að leita sér upplýsinga um matarsóun og varð sjokkeruð yfir afleiðingum þess að henda öllum þessum mat. Rakel var sannfærð um að vitundarvakning væri það sem þyrfti til og stofnaði í kjölfarið Vakandi. Vakandi eru samtök sem vilja vekja athygli á málefninu og benda á að við berum öll ábyrgð. Að saman getum við gert heiminn betri.

**Hvað?** Improv Ísland
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Á síðasta leikári var fullt á nær allar spunasýningar Improv Ísland í Þjóðleikhúskjallaranum og stór hluti áhorfenda kom aftur og aftur enda leiðist engum að hlæja!

**Hvað?** Kjallara-djass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Kvöldin eru með frjálslegu ívafi og allir sem vilja syngja, dansa eða spila á hljóðfæri eru velkomnir og hvattir til að stíga fram í sviðsljósið og taka þátt. Píanó, harmonikka og gítar á staðnum.

### Fundir

**Hvað?** Málstofa 2017.is, Siðaskiptaáratugirnir 1551-1571
**Hvenær?** 15.30
**Hvar?** Háskóli Íslands, stofa 229 í aðalbyggingu
Hjalti Hugason, prófessor í kirkjusögu, kynnir rannsóknir sínar á framgangi siðaskiptanna — einkum á Norðurlandi, á tímabili sem afmarkast af aftöku Jóns Arasonar og vígslu Guðbrands Þorlákssonar Hólabiskups. Allir velkomnir.

**Hvað?** Uppbrot – Fyrirlestur Listfræðafélags Íslands í Safnahúsinu
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Safnahúsið á Hverfisgötu
Uppbrot, fyrirlestur Dorothée Kirch, verður fluttur í Safnahúsinu við Hverfisgötu í dag. Í fyrirlestrinum ræðir Dorothée tilurð og forsendur sýningar sinnar í Ásmundarsafni þar sem verk Elínar Hansdóttur eru sett í samhengi verka Ásmundar Sveinssonar.




# SAMSUNG

# Þegar myndgæðin skipta öllu máli

**Nú á betra verði**

## KU6175




UHD - 4K • Bogið • 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • • Nýtt Smart viðmót • LED • PQI: 1400

**40“ kr. 119.900.- / 49“ kr. 139.900,- / 55“ kr. 179.900.-**

## K5505




LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót

**32“ kr. 79.900.- / 40“ kr. 99.900.- / 49“ kr. 119.900,- / 55“ kr. 169.900.-**

## K5515




Hvítt • LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót

**40“ kr. 99.900.- / 49“ kr. 119.900,-**

## KU6405 / 6475




UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**40“ kr. 119.900,- / 43“ kr. 129.900.- / 49“ kr. 159.900.- / 55“ kr. 199.900.- / 65“ kr. 349.900.-**

## KU6655 / 6505




UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**43“ kr. 139.900.- / 49“ kr. 169.900.- / 55“ kr. 209.900.- / 65“ kr. 379.900.-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |




### SENDIRÁÐ ÍSLANDS
Vandaðir þættir í umsjón Sindra Sindrasonar þar sem hann fer víða um heiminn og skoðar sendiráð Íslands á hverjum stað. Í þessum þætti heimsækir hann tvær konur, annars vegar sendiherra okkar fyrir NATO og hins vegar sendiherra fyrir ESB en þær búa ásamt fjölskyldum sínum í Brussel.

MAGNAÐ MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

### GREY'S ANATOMY
Hörkuvinsælir dramaþættir sem gerast á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



### BONES
Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum. Stórskemmtilegur og spennandi þáttur.



### NASHVILLE
Skemmtileg sería um kántrísöngkonurnar Raynu James og Juliettu Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu í bransanum.



### HOURS
Dramatísk spennumynd um nýbakaðan föður og syrgjandi eiginmann sem missir konuna sína eftir að hún fæðir stúlkubarn.



### THE VAMPIRE DIARIES
Unglingsstúlka fellur fyrir stráki sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár en hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk.



Krakka Stöðin
### VASKI GRÍSINN BADDI
Dýrin á bóndabæ Hoggett-hjónanna þekkja öll sitt hlutverk. Þau una hag sínum bærilega þótt undir niðri óttist þau að lenda á jólaborði fjölskyldunnar.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ
## Miðvikudagur

### STÖÐ 2
**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Teen Titans Go!
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Logi
**11.15** Schitt's Creek
**11.45** Dallas
**12.35** Nágrannar
**13.00** Who Gets the Last Laugh
**13.25** Lóa Pind. Battlað í borginni
**14.15** Mayday
**15.00** Ghetto betur
**15.45** Mr. Selfridge
**16.35** Baby Daddy
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mom
**19.45** The Mindy Project Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástalífinu. Mindy er ungur læknir á uppleið en rómantíkin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.
**20.10** Sendiráð Íslands
**20.35** Grey's Anatomy Þrettánda syrpa þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem ungir og bráðefnilegir skurðlæknar starfa. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
**21.20** Bones
**22.05** Nashville
**22.50** Real Time with Bill Maher
**23.50** NCIS
**00.35** Behind the Blacklist
**01.05** The Blacklist
**01.50** StartUp
**02.45** Ballers
**03.15** Shameless
**04.10** Shameless
**05.00** Mad Dogs
**05.50** Stalker

### STÖÐ 2 SPORT
**07.15** Domino's-deild kvenna – upphitun
**08.00** Spænski boltinn
**09.45** Spænski boltinn
**11.25** Þýsku mörkin
**11.55** Domino's-deild kvenna – upphitun
**12.40** Pepsi-mörkin
**15.20** U-21. Ísland - Skotland
**17.30** Evrópudeildarmörkin
**18.20** Domino's-deild kvenna – upphitun
**19.05** Domino's-deild kvenna
**21.15** Any Given Wednesday
**21.50** Formúla E
**22.15** Formúla E
**22.40** UEFA Champions League
**00.25** UEFA Champions League

### STÖÐ 2 SPORT 2
**07.45** UEFA Europa League
**09.25** Premier League
**11.10** Premier League
**12.50** Premier League
**14.35** Premier League
**16.15** UEFA Champions League
**17.55** UEFA Champions League
**19.30** NFL
**22.00** Premier League
**23.50** Messan

### STÖÐ 3
**17.45** Cougar Town
**18.10** The Big Bang Theory
**18.30** Modern Family
**18.55** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**19.55** Dagvaktin
**20.30** Neyðarlínan
**21.00** Legends of Tomorrow
**21.45** The Vampire Diaries
**22.30** True Detective
**23.30** Drop Dead Diva
**00.10** Fóstbræður
**00.40** Entourage
**01.10** Dagvaktin
**01.45** Neyðarlínan
**02.10** Legends of Tomorrow
**02.55** Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN
**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveins
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Gulla og grænjaxlarnir
**08.37** Stóri og Litli
**08.49** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Zigby
**09.10** Ævintýraferðin
**09.25** Brunabílarnir
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveins
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Gulla og grænjaxlarnir
**12.37** Stóri og Litli
**12.49** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Zigby
**13.10** Ævintýraferðin
**13.25** Brunabílarnir
**13.47** Mæja býfluga
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.48** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveins
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Gulla og grænjaxlarnir
**16.37** Stóri og Litli
**16.49** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Zigby
**17.10** Ævintýraferðin
**17.25** Brunabílarnir
**17.47** Mæja býfluga
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.48** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Vaski grísinn Baddi


Svampur Sveinsson kl. 07.24, 11.24 og 15.24

### GOLFSTÖÐIN
**08.45** Ryder Cup
**13.30** Golfing World
**14.20** Ryder Cup
**20.30** Golfing World
**21.20** Champions Tour Highlights
**22.15** PGA Special: In the Spotlight
**23.00** Golfing World

### BÍÓSTÖÐIN
**10.10** Little Women
**12.10** He's Just Not That Into You
**14.20** St. Vincent
**16.05** Little Women
**18.05** He's Just Not That Into You Stjörnum prýdd rómantísk gamanmynd sem byggð er á samnefndri sjálfshjálparbók sem var byggð á hluta af Sex and the City þáttunum. Myndin er í raun margar minni sögur sem segja frá skakkaföllum nokkurra mismunandi manneskja sem tengjast allar einhvern veginn.
**20.15** St. Vincent
**22.00** Hours Í þessari dramatísku spennumynd leikur Paul Walker nýbakaðan föður og syrgjandi ekkil sem er nýbúinn að missa konuna.
**23.40** American Sniper Mögnuð Óskarsverðlaunamynd frá 2014 sem byggð er á sönnum atburðum í leikstjórn Clints Eastwood. Saga bandaríska hermannsins og leyniskyttunnar Chris Kyle sem staðfest er að hafi komið að minnsta kosti 160 óvinum í Írak fyrir kattarnef.
**01.50** Into the Storm
**03.20** Hours

### RÚV
**15.55** Alþingiskosningar 2016: Forystusætið
**16.20** Alþingiskosningar 2016: Málefnin
**17.20** Framandi og freistandi II
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Gló magnaða
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Kiljan
**21.05** Donald Trump: Lærlingurinn á forsetastól
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Alþingiskosningar 2016: Forystusætið
**22.50** Edda Heiðrún Backman
**00.00** Kastljós
**00.35** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS
**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Black-ish
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**13.20** Dr. Phil
**14.00** The Odd Couple
**14.20** Crazy Ex-Girlfriend
**15.05** The Grinder
**15.25** Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
**15.50** Girlfriends' Guide to Divorce
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**18.55** King of Queens
**19.15** How I Met Your Mother
**19.40** Survivor
**21.00** Heartbeat
**21.45** Queen of the South
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Jericho
**00.35** Sex & the City
**01.00** BrainDead
**01.45** Zoo
**02.30** Heartbeat
**03.15** Queen of the South
**04.00** The Tonight Show
**04.40** The Late Late Show
**05.20** Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

ÞEIR SEM KOMA OG ÞEIR SEM FARA HVERGI EFTIR ELENU FERRANTE

# LOKSINS, LOKSINS!




*„Napólí-sögurnar eru hreint snilldarverk.“*
Los Angeles Times

*„Stór í sniðum, heillandi og skemmtilega mönnuð uppvaxtarsaga.“*
The New Yorker

BJARTUR



**98** kr. stk.

**Mars, Snickers, Bounty eða Twix**



**98** kr. 330 ml

**Floridana safar**
330 ml, 3 tegundir



1L

**98** kr. 1 l

**Trönuberjasafi,** 1 l
**Eplasafi,** 1 l



**300kr** verðlækkun pr. kg

**1.237** kr. kg

**Brauðostur,** 26%
Verð áður 1.537 kr. kg



**1.598** kr. kg

**Bónus Beikon**



**498** kr. 200 g

**Grana Padano**
Ítalskur ostur, 200 g



**398** kr. 300 g

**Bónus Orkupoki**
300 g



**15** þvottar

**598** kr. pk.

**Neutral Þvottaefni**
15 þvottar

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA



**3200** blöð

**998** kr. pk

**Nicky Salernispappír**
16 rúllur í pakka



**1.498** kr. pk.

**Libero Bleiur**
4 stærðir

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**498** kr. 330 g

**Ali Snitzel og Gordon Bleu**
Foreldað, 330 g




**1.698** kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Ferskt




**1.398** kr. kg

**Íslandslamb Lambalæri**
Ferskt, kryddað, sérskorið

# GOTT VERÐ Í BÓNUS




**1.279** kr. 900 g

**ES Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g




**498** kr. kg

**Danpo Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn




**598** kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur




**1.279** kr. 700 g

**Rose Kjúklingalæri**
Frosin, úrbeinuð, 700 g

## Sama verð um land allt




**398** kr. 1,36 kg

**Amerísk Smáepli**
2 tegundir, 1,36 kg




**398** kr. 500 g

**Akursel Gulrætur**
Lífrænar, 500 g




**198** kr. kg

**Rófur**



**198** kr. kg

**Íslenskar Kartöflur**
Rauðar eða gullauga, í lausu

## BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00




**Hugleikur Dagsson verður 39 ára og lætur gera grín að sér í tilefni dagsins á Café Rosenberg – það verður frítt inn og allir velkomnir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Verður helst sár yfir lélegum bröndurum

**Hugleikur Dagsson** á afmæli þann 15. október og verður grillaður í tilefni dagsins af nokkrum helstu grínistum landsins. Hann segist hlakka til að sjá hvort nokkrum takist að móðga sig enda er hann algjörlega ósæranlegur og sálin í honum löngu dáin.

Ég veit ekki alveg hvernig það er hægt að meiða mig. Ef einhverjum tekst að særa mig þá er það ný tilfinning í tilfinningabankann. Ég hef ekki verið særður lengi – það er mjög langt síðan sálin mín dó,“ svarar Hugleikur Dagsson aðspurður hvort hann eigi ekki bara eftir að enda brotinn og særður maður eftir að hafa verið grillaður á sjálfu afmælinu sínu. Þeir sem munu sjá um grillunina þetta kvöldið eru Ari Eldjárn, Bylgja Babýlons, Jón Gnarr, Snjólaug Lúðvíksdóttir, Frímann Gunnarsson, Sandra Barilli, Lóa Hjálmtýsdóttir, Ragnar Hansson, Katrín Erlingsdóttir, Jonathan Duffy, Anna Svava og Dóra Jóhannsdóttir.

En hvers vegna kýs Hugleikur að halda upp á afmælið sitt með því að bjóða fullt af grínistum á skemmtistað til að gera grín að honum fyrir framan fullt af áhorfendum?

„Jonathan vinur minn, sem er grínisti, gerði þetta á sínu afmæli og það leit út fyrir að vera rosa gaman þannig að ég vildi líka gera þetta. Ég er að vonast til að einhver geri almennilega eftirhermu af mér því að það hef ég aldrei séð. Ég verð helst sár ef fólk kemur með lélega brandara. Ef fólk ætlar að vera með sama brandarann um að ég kunni ekki að teikna verður þetta vonbrigði, það er augljósi brandarinn – ég vil fá meiri dýpt. Ég vil að það sé gert grín að hlutum í minni sjálfsmynd sem ég vissi ekki að væru asnalegir.

Þetta er fyrsta skiptið sem ég hef verið roastaður opinberlega – fólk hefur samt örugglega sagt ljóta hluti um mig. Ef fólk er að reyna að særa mig þá tekst það heldur ekki. Það gerðist núna eftir að ég skrifaði pistil þar sem ég kallaði Íslensku þjóðfylkinguna fávita og það var víst það umdeildasta sem ég hef sagt og þá fyrst fór fólk að hata mig á netinu. Þá voru nokkrar roasttilraunir gerðar, meðal annars frá Gylfa Ægis, en þær voru allar frekar „lame“. Þess vegna vil ég fá fólk með hæfileika, ég vil fá „fair fight“.“

Það er eflaust ekkert auðvelt að halda úti svona roasti hér á landi? Hér eru allir svo tengdir.

„Það var einu sinni haft samband við mig um að setja upp sjónvarpsþátt hérna sem væri eins og Comedy Central roastið og mér fannst það bara slæm hugmynd vegna þess að fólk á Íslandi móðgast miklu meira en annars staðar. Þáttur eins og South Park gæti ekki gengið hér á Íslandi því að South Park tekur bandarískt frægt fólk og tekur það af lífi, enda eru Bandaríkin beisiklí heimsálfa og þá verður bitið ekkert svo mikið – og þau geta líka huggað sig við að búa í höll. Á Íslandi myndi sama gerð af gríni flokkast sem persónuárás vegna þess að sökum smæðar þjóðar okkar er nærvera sálar miklu nærri og því ber að hafa miklu meiri aðgát í nærveru þeirrar sálar.“ **stefanthor@frettabladid.is**

### HVAÐ ER ROAST?

Á íslensku má kannski tala um að vera grillaður – grínisti tekur fræga manneskju fyrir og gerir grín að henni og það tíðkast að vera mjög grófur í móðgununum. Sjónvarpsstöðin Comedy Central gerði roastið frægt en þar kemur frægt fólk og er roastað af grínistum og öðru frægu fólki. Eitt stærsta Comedy Central roastið var á Justin Bieber en þar voru það til dæmis Hannibal Buress, Will Ferrell, Martha Stewart og Shaquille O'Neal sem grilluðu poppstjörnuna.



**Anna Svava verður ein af þeim sem sjá um að grilla Hulla.**

Við eigum afmæli og nú er veisla
DORMA
Láttu drauminn rætast

NATURE'S REST heilsurúm
Nature's Rest heilsudýna með botni.
Stærð: 160x200 cm.
Fullt verð: 99.900 kr.
Nature's Bedding
Aðeins 79.920 kr.

20% AFSLÁTTUR
Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Afmælis-stóllinn
Polo hægindastóll
Svart eða brúnt PU-leður
Stærð: 80x90 H: 105 cm.
Fullt verð: 39.900 kr.
50% AFSLÁTTUR
Aðeins 19.950 kr.

Þú finnur afmælisbæklinginn okkar á www.dorma.is
Holtagörðum, 512 6800
Smáratorgi, 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður
Afgreiðslutími sjá www.dorma.is
DORMA
Láttu drauminn rætast

ALLTAF VIÐ HÖNDINA
Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store Google Play Microsoft
FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


HÚSNÆÐI
Kjósandi með ung börn og áhuga á framtíðinni óskar eftir frambjóðanda með raunsæjar og áhrifaríkar hugmyndir í húsnæðismálum.
Upplýst ákvörðun í kjörklefanum skiptir máli.
Allt um stefnu Samtaka iðnaðarins á si.is.
KJÓSUM GOTT LÍF
SI
Samtök iðnaðarins

# Skelltu þér í sól í október eða nóvember!

## Kanarí

**Apartamentos Teneguia** ★★

FRÁ: **49.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í einu svefnherbergi með sundlaugarsýn. Verð frá 56.100 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 26. október
7 nætur

## Kanarí

**Los Arcos** ★★

FRÁ: **59.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 69.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 19. október
7 nætur

**24°**

Hitinn og sólin er hér á Kanarí, komdu og njóttu!

## Kanarí

**Corona Blanca** ★★

FRÁ: **68.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi

Brottför: 26. október
7 nætur

## Kanarí

**Parque Cristobal** ★★★

FRÁ: **79.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í smáhýsi með einu svefnherbergi. Verð frá 99.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 2. nóvember
7 nætur

## Albír

**Hotel Kaktus** ★★★★

FRÁ: **99.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 113.500 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 7. október
11 nætur

## Tenerife

**Suites at Beverly Hills** ★★★

FRÁ: **89.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í stúdíó með morgunverði. Verð frá 105.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 26. október
7 nætur

## Tenerife

**Palm Beach** ★★★

FRÁ: **79.900 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í stúdíó. Verð frá 89.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 29. október
4 nætur

## Tenerife

**Sunningdale Village** ★★★

FRÁ: **83.500 kr.***

á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 88.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

Brottför: 23. nóvember
7 nætur

Verð miðast við að bókað sé á netinu og aðeins með nýjum bókunum. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Flugsæti verð frá 9.900

innifalið; flug, skattar, ferðataska og handfarangur

**FLUG**
AÐRA LEIÐ
MEÐ TÖSKU

**Alic**
7. okt
9.90

Sólarpakkar í október og nóvember!

Ótrúlega góð verð í sólina

# SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur frá 49.900.-

Farðu í sólina á dúndurverði!

**Hefst í dag 5. október kl. 12:00!**

## Kanarí

Caribes 2 ★★
FRÁ: 49.900 kr.*
á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 65.800 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 12. október
7 nætur

## Alicante

Maya Alicante ★★★
FRÁ: 69.900 kr.*
á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í tvíbýli með morgunverði
Verð frá 76.500 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 11. október
7 nætur

## Calpe

Larimar Apartments ★★★
FRÁ: 69.900 kr.*
á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 79.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 25. október
5 nætur

ante
tóber
0 kr.

KANARÍ
12. október
14.900 kr.

ALICANTE
11. október
9.900 kr.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Bjarna Karlssonar




## Sjálfsvíg

Ég hef enga tölu á því fólki sem ég hef mætt í mínu prestsstarfi sem hreinlega treystir sér ekki lengur til að lifa og sér dauðann sem lausn fyrir sig. Ég gæti heldur ekki talið upp í huganum þá einstaklinga sem ég hef rætt við og eru að horfast í augu við ótímabæran dauða sinn en eru staðráðnir í að gera allt til að lifa. Það hefur orðið mér ráðgáta hvernig á því stendur að hóparnir virðast ekki skarast. Aldrei hef ég kynnst dauðvona manneskju sem einlæglega segir sem svo: Dauðadómurinn er góð frétt fyrir mig, ég treysti mér hvort eð er ekki lengur til að lifa. Af hverju ekki? Líklega vegna þess að það að treysta sér ekki til að lifa er ekki það sama og að vilja deyja. Jafnvel þótt margur setji samasemmerki þarna á milli og trúi því að hann eða hún vilji í alvöru kveðja lífið held ég ekki að neinn vilji deyja áður en búið er að lifa.

Um þessar mundir er Kiwanishreyfingin að selja K-lykilinn til styrktar BUGL og nýjum samtökum sem heita Pieta Ísland. BUGL þarf ekki að kynna en segja má að starfsemi beggja aðila feli í sér beina samstöðu með lífinu. Á meðan BUGL stendur með æsku landsins vilja samtökin Pieta taka sér stöðu með öllum sem sitja í myrkri og skugga sjálfsvígsvanda og sjálfsskaðahegðunar. Í vor tóku um 300 manns þátt í táknrænni göngu, „Úr myrkrinu í ljósið“, en sá viðburður markaði upphaf átaksins sem miðar að því að ávarpa sjálfsvígs- og sjálfsskaðavandann með virkum hætti í íslensku samfélagi þannig að engin persóna og engin fjölskylda þurfi að vera ein á báti andspænis þjáningunni sem þessu tengist. Það að treysta sér ekki til að lifa er furðu algeng reynsla. Það merkir samt ekki að maður vilji deyja.











*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS